Bændablaðið

21. tölublað 2026 • Fimmtudagur 19. nóvember • Blað nr. 714 • 32 árg. • Upplag 33.000 • Vefur: www.bbl.is

Álafosskvos opnar
Nýtt líf er að færast í Álafosskvos þar sem ný starfsemi er að hefjast.
26



Sláturhúsið á Grímsstöðum
Gríðarleg ásókn er í slátrun á Grímsstöðum í Reykholtsdal.
30



Hússtjórnarskólinn í Reykjavík
Markmiðið er að skapa athvarf, segir Marta María Arnarsdóttir skólastýra.
36-37





SAMVINNA MANNS OG HUNDS Maríus Halldórsson, bóndi á Presthólum og formaður Smalahundafélags Íslands, vinnur hér með Border Collie hundi að því að koma fjárhópi upp á kerru. Maríus segir smalahunda geta létt mikið undir með fjárbændum, sérstaklega þar sem fátt fólk þarf að smala stórt svæði. Við hlið fjárhúsanna á Presthólum er ný bygging sem hýsir tíu hunda í öruggu og þrifalegu umhverfi. *– Sjá nánar á miðopnu.* Mynd / Ástvaldur Lárusson

Verðmæti í landeldi

Gangi eftir áform fjögurra fyrirtækja sem eru að byggja upp stórtækt landeldi á laxi stefnir í að á næsta áratugi verði framleiðsla á eldislaxi hérlendis ekki langt frá heildarafla þorsks.

Þessi fyrirtæki eru Samherji, Laxey, First Water og Thor Salmon, en fjallað er um það síðastnefnda í blaðinu. Thor Salmon byggir núna upp mikla starfsemi á 66 hektara lóð í Þorlákshöfn og er seiðastöð fyrirtækisins klár. Fyrstu kerin fyrir áframeldi verða tilbúin í kringum áramótin og stærri tankar fyrir næsta stig eldisins nokkrum mánuðum síðar. Samkvæmt áætlunum verður fyrsta slátrunin á fullvöxnum laxi í lok næsta árs eða í byrjun þess þarnæsta.

Saman stefna landeldisfyrirtækin Thor Salmon, Samherji, Laxey og First Water á framleiðslu á um 160 þúsund tonnum af slægðum laxi á ári, sem er að mestu viðbót við þau 59 þúsund tonn af laxi sem framleidd voru í öllu eldi á landi og í sjó á síðasta ári.

Á undanförnum tíu árum var heildarafli landaðs þorsks á bilinu 217 til 277 þúsund tonn á ári. */ál*

– Nánar á síðum 6, 20 og 21.

Dýravelferð:

Engin alvarleg frávik á svínabúinu

Engin alvarleg frávik frá reglum um velferð svína komu fram í eftirlitsheimsókn dýralæknis Matvælastofnunar á svínabúi Stjörnugríss á Kjalarnesi 15. október.

Að sögn Þóru Jóhönnu Jónasdóttur, yfirdýralæknis Matvælastofnunar, var eftirlitsheimsóknin hluti af reglubundnu eftirliti. Hún gerir ráð fyrir að dagsetningin hafi verið eftir að myndband innan úr búinu var tekið upp og síðar birt opinberlega þann 6. nóvember á Vísi, þar sem sjá mátti dauða grísi og særð svín.

Krefjast ekki hæsta forgangs

Þóra segir að eftirlitsheimsóknin hafi því ekki tengst myndefninu beint, enda hafi stofnunin fyrst vitað af myndefninu eftir að það var birt í fjölmiðlum – eftir þessa eftirlitsheimsókn. Það sé því frekar nýlega búið að fara í eftirlit á þetta bú sem ekki hafi leitt í ljós alvarleg frávik, svo sem dýr með sár sem ekki sé sinnt. „Því teljum við ekki að það sé ástæða til að ætla að það sé þarna ástand sem krefjist allra hæsta forgangs," segir hún. Leiði rannsókn á myndefninu í ljós að brotið væri gegn reglum þá sé farið fram á úrbætur. Síðan sé hægt að beita þvingunarúrræðum ef ekki er orðið við kröfum um úrbætur.

Geir Gunnar Geirsson, forstjóri Stjörnugríss, hefur sagt í viðtölum við fjölmiðla að myndefnið úr svínabúinu sýni ljóta mynd og að mistök og frávik hafi orðið við umönnun dýranna, sem fyrirtækið taki ábyrgð á. Hann hefur þó hafnað því að myndbandið gefi rétta heildarmynd af starfseminni. Í viðtali við Útvarp Bændablaðið sagði Geir Gunnar að fyrirtækið tæki á sig þau frávik sem kæmu fram í myndbandinu um velferð dýranna. Sagði hann að stórt sár á baki einum grísnum væri fæðingargalli. Stundum hafi dýralæknir verið fenginn til að sauma það en annars gróið þetta með tímanum. Þetta hafi vissulega verið óheppilegt. Hann sagði að grísinn hefði átt að vera í sér stíu. „Klárlega og við myndum segja að þetta séu mistök og frávik. Hann hefði átt að vera í sér stíu. En málið er að þessi grís vex vel og dafnar vel og sá sem hugsar um þetta tiltekna bú er búinn að starfa þarna í 15 ár. Það má ekki aðskilja grísi og setja í eina stíu í mjög langan tíma. Þannig að rétt viðbrögð þarna hefðu verið að slátra honum. Eða grípa fyrr inn í. Þannig að við tökum það alveg á okkur."

Stjörnugrís hefur sótt um undanþágu

Í eftirlitsskýrslu úr heimsókninni sem Þóra vísar til eru frávik tilgreind á búinu, varðandi stærð rýmis en í skýrslunni segir að svínabúið uppfylli ekki skilyrði um velferð svína hvað varðar húsakost.

Stjörnugrís hefur sótt um undanþágu sem veitt var heimild fyrir árið 2024, með breytingu á reglugerð um velferð dýra og gildir til 1. janúar 2028.

Þar segir að veiting á fresti sé háð því að framleiðandi leggi fram gögn sem sýni fram á að hann hafi sannanlega gripið til ráðstafana til að uppfylla kröfur ákvæðanna en ekki orðið ágengt af ástæðum sem eru ekki á ábyrgð framleiðanda sjálfs. */smh*



Losunarbókhald Íslands:

Losunarstuðlar fyrir Ísland innleiddir

Unnið er að því að innleiða íslenska losunarstuðla fyrir framræst votlendi inn í losunarbókhald Íslands.

Losun gróðurhúsalofttegunda frá framræstu landi er sú langmesta í losunarbókhaldinu, en fram til þessa hafa verið notaðir sjálfgefnir losunarstuðlar fyrir framræst land, sem gefnir eru upp í leiðbeiningum milliríkjanefndar Sameinuðu þjóðanna um loftslagsmál (IPCC).

Land og skógur stefnir á að við næstu bókhaldsskil verði notaður innlendur stuðull fyrir framræst votlendi sem ekki er í ræktun og byggir á nýlegum rannsóknum. Talið er líklegt að metin losun frá þess konar landi minnki við þessa yfirfærslu í innlenda stuðla. En eftir sem áður verði framræst votlendi áfram stærsti losunarþáttur bókhaldsins og endurheimt votlendis áfram ein skilvirkasta aðferðin til að draga úr losun á Íslandi.

Innlendir stuðlar fyrir ýmsa flokka

Fyrir það framræsta land sem er óræktað, graslendi á lífrænum jarðvegi, hefur þannig verið gert ráð fyrir 5,7 tonna kolefnislosun á hektara á ári og fyrir framræst land sem er ræktað, á lífrænum jarðvegi, hefur verið gert ráð fyrir 7,9 tonna kolefnislosun á hektara á ári.

Hjá Landi og skógi er unnið að viðamiklum rannsóknum á bæði votlendi, framræstu votlendi og þurrlendi á fleiri hundruð reitum vítt og breitt um landið til að geta metið losun og bindingu í landi með nákvæmari hætti en nú er gert. Þannig verði á næstu árum hægt að útbúa innlenda stuðla fyrir ýmsa flokka í losunarbókhaldinu.

Nettólosun landnotkunar 58% af heildarlosun

Losunarbókhald þjóða fylgir ströngu regluverki og er losun frá mismunandi landsflokkum reiknuð út ýmist með sjálfgefnum losunarstuðlum sem gefnir eru upp í leiðbeiningum IPCC, innlendum stuðlum byggðum á innlendum rannsóknum eða líkönum þar sem losun eða binding á svæðum er metin út frá staðbundnum aðstæðum.

Í síðasta losunarbókhaldi var nettólosun sem fellur undir landnotkunarflokkinn, sem framræst votlendi tilheyrir, metin vera rúmar sex milljónir tonna koltvísýringsígilda árið 2025, sem er um 58% af heildarlosun Íslands. */smh*

Lífrænn úrgangur:

Tafir á skýrsluskilum samráðshóps

Til stóð að skýrslu yrði skilað til umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra 15. nóvember næstkomandi um nýtingarmöguleika á lífrænum úrgangi – einkum úr fiskeldi á landi og svínaeldi. Einhverjar tafir verða á skýrsluskilunum þar sem samráðshópurinn sem vinnur að skýrslugerðinni hefur verið óstarfhæfur á síðustu mánuðum.



Gyða Pétursdóttir situr í samráðshópi umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins um nýtingarmöguleika á lífrænum úrgangi – einkum úr fiskeldi á landi og svínaeldi. Mynd / Aðsend

Samráðshópunum er ætlað að móta skynsamar og rekstrarhæfar ráðstöfunarleiðir fyrir lífrænan úrgang. Gyða Pétursdóttir situr í hópnum fyrir hönd Bændasamtaka Íslands. Hún segir ljóst að truflanir á starfseminni séu mjög óheppilegar þegar ljóst sé að bæði svínabændur og landeldisfyrirtækin bíði með óþreyju eftir opinberri stefnumótun um farvegi fyrir þetta verðmæta lífræna hráefni.

Tveir fundir frá síðasta sumri

Samráðshópurinn var skipaður í júní og að sögn Gyðu fór vinnan strax í gang. Tveir fundir hafi verið haldnir á fyrstu mánuðunum en síðan hefur ekki verið fundað í hópnum.

Hún segir ástæðuna vera að Kjartan Ingvarsson, formaður hópsins, hafi skipt um starfsvettvang og farið til Umhverfis- og orkustofnunar frá umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu. Ráðuneytið hafi ekki skipað nýjan formann og því var hópurinn óvirkur í tvo mánuði.

Gyða segir nú ljóst að starfið muni halda áfram með óbreyttu sniði og Kjartan verði áfram formaður. Boðað hafi verið til fundar í lok nóvember.

Auðlind frekar en úrgangur

Terraforming LIFE er samstarfsverkefni Bændasamtaka Íslands, First Water Orkídeu, Ölfus Cluster og færeyska ráðgjafarfyrirtækisins SMJ. Þar er unnið að því að þróa nýja aðferð hér á Íslandi við áburðar- og lífgasframleiðslu úr lífrænum úrgangi, sem fellur til við fiskeldi á landi og í landbúnaði. Á vef Terraforming LIFE skrifar Gyða sem fulltrúi Bændasamtaka Íslands, að hlutverk hópsins sé að stuðla að samræmingu stjórnsýslu, kortleggja hindranir í regluverki og stjórnsýslu og leggja fram tillögur sem styðja við aukna nýtingu lífrænna hliðarstrauma og þróun hringrásarhagkerfis á Íslandi.

Markmiðið sé að skapa betri forsendur fyrir nýtingu verðmætra næringarefna og auðlinda sem falla til í íslenskri matvælaframleiðslu og vinna að lausnum sem draga úr sóun og styðja við aukna hringrás auðlinda.

Á vefnum segir enn fremur að skipun hópsins hafi verið jákvætt skref sem endurspegli aukna áherslu stjórnvalda á að skilgreina lífræna hliðarstrauma sem auðlind fremur en úrgang. Fyrir verkefni á borð við Terraforming LIFE skipti slík vinna miklu máli, enda geti skýrara regluverk og samræmd stjórnsýsla haft veruleg áhrif á möguleika til nýtingar hliðarstrauma á borð við fiskeldismykju.

„Það er mjög jákvætt að vinna samráðshópsins sé að fara aftur af stað. Mikilvægt er að hópurinn fái nú tækifæri til að halda vinnunni áfram og ljúka því verkefni sem honum var falið, enda eru fjölmörg úrlausnarefni fram undan varðandi aukna nýtingu lífrænna hliðarstrauma á Íslandi," er haft eftir Gyðu á vef Terraforming LIFE. */smh*

Viðskipti:

66°Norður í félag við kínverskt fatafyrirtæki

Sjóklæðagerðin sem er framleiðandi og sölulaðili 66°Norður hefur stofnað til samstarfsfélags við kínverska fatafyrirtækið HLA Group, eitt stærsta fatamerki landsins. Samstarfsélagið mun sjá um sölu og dreifingu á vörum 66°Norður á hinum geysistóra kínverska markaði.

66°Norður tengist virðiskeðju íslensku ullarinnar sterkum böndum en óvíst er hvort og hvaða áhrif samningurinn hefur á hana. Sterk tengsl eru í eignarhaldi, vörumerkjum og samstarfi um vöruhönnun á milli 66°Norður, Rammagerðarinnar og prjónaverksmiðjunnar Glófa. Samningurinn var undirritaður í september.

Í samningnum kemur fram að samstarfsfélagið kaupi vörubirgðir af Sjóklæðagerðinni og samið hafi verið um sölu hugverkaréttinda sem tengjast sölu og dreifingu á vörum 66°Norður í Kína. Rekstur fyrirtækisins hefur verið erfiður og tap aukist á milli ára, var 444 milljónir árið 2024 og 849 milljónir árið 2025.

Helgi Rúnar Óskarsson, forstjóri 66°Norður, sagði í samtali við Morgunblaðið að til stæði að opna flaggskipsverslun í Kína í september 2027. HLH Group rekur 7.000 verslanir.

Helgi Rúnar Óskarsson og Bjarney Harðardóttir, eiginkona hans, eru aðaleigendur Sjóklæðagerðarinnar, sem rekur 66°Norður. Fyrirtækið er í 49% eigu Mousse Partners, fjárfestingafélags Wertheimer-fjölskyldunnar sem á Chanel. Helgi Rúnar og Bjarney eru einnig aðaleigendur Rammagerðarinnar sem keypti Glófa árið 2022.

Glófi er stærsta og ein afar fárra prjónaverksmiðja sem eftir lifir á Íslandi og framleiðir vélprjónaðar vörur úr íslenskri ull undir vörumerkinu Varma. Glófi prjónar og saumar fullunnar flíkur úr íslensku ullinni og er einn stærsti viðskiptavinur Ístex, sem er í yfir 80% eigu sauðfjárbænda á Íslandi. Rammagerðin er einn helsti söluaðili vara Glófa og Ístex. */eks*



Sláturtíð:

Sláturdilkum fjölgar á milli ára í fyrsta skipti frá 2017

Sauðfjárslátrun er nú lokið í öllum stærri sláturhúsum landsins og er nú ljóst að í fyrsta skipti frá 2017 fjölgar sláturdilkum á milli ára.

Enn hafa ekki allar tölur skilað sér frá minni sláturhúsunum en bráðabirgðatölur frá þeim gefa ekki tilefni til að ætla að endanlegar tölur breyti heildarmyndinni.

Minni fallþungi en í fyrra

Þegar tölur frá fimm stærstu sláturhúsunum eru skoðaðar sést að alls var 5.377 fleiri dilkum slátrað nú en á síðasta ári. Það skilar þó ekki nema rúmlega 21 tonni meira af dilkakjöti þar sem fallþungi er nokkuð minni en í fyrra. Nú mælist hann 17,08 kíló að meðaltali hjá fimm stærstu sláturhúsunum en var 17,26 kíló á síðasta ári.

Vegin meðaleinkunn fyrir gerð lækkaði einnig milli ára hjá fimm stærstu sláturhúsunum, úr 9,59 í 9,41. Gerðareinkunnin í fyrra mældist reyndar sú hæsta frá því að núverandi kjötmat var tekið í notkun. Meðaleinkunn fyrir fitu lækkaði sömuleiðis í ár, úr 6,64 í 6,51. Endanlegar meðaleinkunnir á landsvísu liggja þó ekki fyrir, fyrr en tölur minni sláturhúsanna hafa allar skilað sér.

Meira slátrað af fullorðnu

Slátrun fullorðins fjár jókst einnig milli ára, þegar tölur fimm stærstu sláturhúsanna eru skoðaðar. Alls var 41.953 fullorðnum gripum slátrað þar í ár, samanborið við 40.695 á síðasta ári. Það er um 3,1% fjölgun. Fjölgunin skýrist alfarið af aukinni slátrun áa, en þeim fjölgaði um 1.444 milli ára, úr 34.382 í 35.826. Slátrun hrúta og veturgamals fjár dróst hins vegar lítillega saman.

Fækkun sláturdilka hefur verið stöðug og umtalsverð á undanförnum árum. Árið 2017 var rúmlega 560 þúsund dilkum slátrað á landinu öllu, en á síðasta ári var heildarfjöldinn kominn niður í rúmlega 391 þúsund. Það jafngildir um 30% fækkun á átta árum. */smh*

Fjöldi sláturdilka 2025-2026

Sláturhús	2025	2026
KS Sauðárkróki	101,258	108,851
SS Selfossi	88,139	85,685
Norðlenska Húsavík	79,189	77,808
Fjallalamb Kópasker	21,396	21,987
Sláturhús KVH Hvammst.	98,689	99,717
Samtals	388,671	394,048

Fjöldi sláturdilka hjá fimm stærstu sláturhúsum landsins.

Fallþungi og kjötmat 2026

Sláturhús	Fallþungi	Gerð	Fita
KS Sauðárkróki	16,96 kg	9.28	6.44
SS Selfossi	17,09 kg	9.55	6.57
Norðlenska Húsavík	19,79 kg	9.05	6.04
Fjallalamb Kópasker	16,86 kg	9.63	6.6
Sláturhús KVH Hvammst.	17,48 kg	9.67	6.87

Meðaltöl fyrir fimm stærstu sláturhús landsins.



Tilboðsverð og frí afhending heim á hlað

Öll verð eru á hesja.is

ef pantað er fyrir **10. desember 2026**

Verðdæmi á vinsælum týpum:

ActiveMow R320
hliðartengd sláttuvél
vbr. 3,22 m. - 8 diska - aflþ. 68 hö.



1.784.150 + vsk.

EasyCut R360
miðjuhengd sláttuvél
vbr. 3,60 m. - 8 diska - aflþ. 75 hö.



2.379.150 + vsk.

EasyCut R400
miðjuhengd sláttuvél
vbr. 4,04 m. - 9 diska - aflþ. 130 hö.



2.676.650 + vsk.

EasyCut F320
framsláttuvél
vbr. 3,17 m. - 7 diska - aflþ. 65 hö.




2.166.650 + vsk.

Vendro 820
lyftutengd snúningsvél
vbr. 8,14 m. - 8 stjörnu - aflþ. 65 hö.



2.676.650 + vsk.

Vendro T1120
dragtengd snúningsvél
vbr. 11,15 m. - 10 stjörnu - aflþ. 55 hö.




4.589.150 + vsk.

Swadro S 380
einnar stjörnu rakstrarvél
vbr. 3,80 m. - 10 arma - aflþ. 31 hö.



1.274.150 + vsk.

Swadro TC880
tveggja stjörnu miðjurakstrarvél
vbr. 8,80 m. - 2x13 arma - aflþ. 50 hö.



4.759.150 + vsk.

Comprima CF155 XC
vinsælasta samstæðan okkar
Stór dekk, snertiskjár og myndavél



13.964.050 + vsk.

Verðin eru tilboðsverð án vsk. sem miða við gengi EUR = 136 ISK.

SEGWAY Villain SX10 X buggybíll



Til á lager og til afgreiðslu **strax!**

1.000cc - 105 hestöfl - 94Nm tog

29” dekk - 14” Beadlock felgur

3.999.000 með vsk.

Öflugur og skemmtilegur ferðafélagi! Tveggja manna buggybíll með 105 hestafla mótor, fjórhjóladrifi og rafmagnsstýri. Nú einnig með mismunadrifi bæði að framan og aftan. Gasdemparar hringinn og 36 cm. veghæð. Vel útbúinn með stórum 10,4” snertiskjá, 2.040 kg. spili og dráttarkúlu. T1b dráttarvélaskráning á hvítum númerum.

Framúrskarandi fyrirtæki 2024-2026

HESJA

nánari upplýsingar á **hesja.is** | **hesja@hesja.is**


Hafnarfjörður: Selhella 1 - **Sími 546 0415** | **Akureyri:** Frostagata 2 - **Sími 415 6415**

Áburðarafurðir úr klóþangi

Nýlega var verkefni sett af stað hjá Matís sem gengur út á að fullvinna klóþang til framleiðslu á hágæða lífrænt vottuðum áburðarafurðum.

Verkefnið heitir Fullvinnsla umhverfisvottaðra áburðarafurða úr sjávarþörungum og er samstarfsverkefni Matís, ISEA og Landbúnaðarháskóla Íslands.

Ekki hefðbundinn áburður


Anna Þóra Hrólfsdóttir.

Anna Þóra Hrólfsdóttir stýrir verkefninu af hálfu Matís og útskýrir að ekki sé um hefðbundinn áburð að ræða sem verið sé að kanna framleiðslu á, heldur það sem kallað hefur verið plöntulíförvar (e. biostimulant).

„Mestallur áburður og plöntulíförvar sem notaðir eru í íslenskum landbúnaði eru innfluttir, sem er vissulega umhugsunarefni með tilliti til fæðuöryggis. Áburðarvörur úr stórþörungum innihalda ýmis efni, þar á meðal fjölsykrur, fjölfenól, plöntuhormón og snefilefni. Ólíkt hefðbundnum áburði innihalda plöntulíförvar ekki endilega mikið magn af hefðbundnu áburðarefnunum, heldur hjálpa þeir plöntum að nýta þau næringarefni og það vatn sem þegar eru til staðar í jarðveginum á skilvirkari hátt. Plöntulíförvar styðja því helst við heilsu plantna með því að bæta viðnámsþrótt og næringarupptöku með því meðal annars að örva rótarvöxt og geta einnig aukið uppskerumagn eða bætt uppskerugæði. Einnig hafa rannsóknir sýnt fram á að plöntulíförvar stuðli að bættri jarðvegsheilsu," segir Anna Þóra.

Nokkrar frumgerðir þróaðar

Nokkrar frumgerðir plöntulíförva úr klóþangi verða þróaðar og framleiðsluferlar bestaðir hjá ISEA. „Í verkefninu mun efnainnihald frumgerðanna vera könnuð. Gæta þarf þess að þungmálmar og önnur aðskotaefni séu undir viðmiðunarmörkum samkvæmt reglugerðum um plöntulíförva, þar á meðal kadmíum, kvikasilfur, blý, ólífrænt arsen ásamt fleiri efnum," segir Anna Þóra.

Einnig verða kannaðir möguleikar á uppskölun á framleiðsluferlinu, en gert er ráð fyrir að þessar rannsóknir muni leiða til mikilvægra upplýsinga og þekkingar um gæði og virkni áburðarafurða úr klóþangi fyrir íslenskan landbúnað.


Íslandsstrendur eru mjög auðugar af klóþangi Myndir / Aðsendar

„Plöntulíförvar úr stórþörungum geta verið nýttir í garðyrkju, akuryrkju og túnrækt. Mesta áherslan hefur þó verið á nýtingu þeirra í garðyrkju og akuryrkju. Einnig er misjafnt hvaða plöntulíförvar henta hverri plöntu þar sem efnainnihald þeirra er breytilegt eftir því úr hvaða hráefni og þörungategund þeir eru framleiddir. Landbúnaðarháskóli Íslands mun prófa virkni frumgerðanna í gróðurhúsatilraunum og meta áhrif á vöxt, uppskeru og jarðveg," segir Anna Þóra enn fremur.

Meira en milljón tonna

Að sögn Önnu Þóru eru áburðarafurðir úr stórþörungum nú þegar á markaði, bæði úr klóþangi og ýmsum öðrum stórþörungategundum svo sem marinkjarna og beltisþara sem gefið hafa góða raun.

Verkefnið er styrkt af Matvælasjóði og byggir á niðurstöðum fyrra samstarfsverkefnis Matís og ISEA, sem fjallaði um þróun vinnsluferils til fullnýtingar á klóþangi úr Breiðafirði. Þar voru meðal annars verðmæt innihaldsefni rannsökuð úr hratinu sem fellur til við framleiðslu á plöntulíförva úr klóþangi, sem mögulega er hægt að nýta í fæðubótarefni eða matvæli.

Með þessum rannsóknum sé stuðlað að bættri nýtingu á íslenskum sjávarþörungum, styrkingu innlendrar virðiskeðju og þróun sjálfbærra landbúnaðarlausna hérlendis. Verkefnið sé tiltölulega nýbyrjað en muni standa yfir allt næsta ár.

Spurð um magn klóþangs við strendur Íslands segir hún að það sé mikið. „Sérstaklega mikið er af klóþangi í Breiðafirði. Rannsóknir Hafrannsóknastofnunar hafa sýnt fram á að magnið sé rúmlega ein milljón tonna, aðeins í Breiðafirði. Svo eru aðrar þörungategundir sem vaxa víðs vegar um landið. En í Breiðafirði eru einmitt staðsett tvö fyrirtæki, ISEA og Þörungaverksmiðjan, sem stunda sjálfbæra nýtingu á klóþangi," segir Anna Þóra.

/smh



Stöðumatsskýrsla Loftslagsráðs:

Markmið nást ekki um samdrátt árið 2030

– Öðrum markmiðum hægt að ná með stórauknum metnaði

Í greinargerð með útgáfu fyrstu stöðumatsskýrslu Loftslagsráðs, sem nýlega kom út, segir að ljóst sé að horfur í loftslagsmálum á heimsvísu séu grafalvarlegar. Áhrif loftslagsbreytinga séu þegar orðin mikil og skaði af völdum þeirra muni ágerast á komandi árum.

Loftslagsráð er sjálfstætt starfandi ráð sem hefur það meginhlutverk að veita stjórnvöldum aðhald með faglegri ráðgjöf um loftslagsmál. Í skýrslunni er ekki talið mögulegt að Ísland nái markmiðum sínum um samdrátt í losun árið 2030. Bent er á að engu að síður þurfi að minnka losun eins mikið og unnt sé, því annars séu líkur á að Íslendingar þurfi að greiða umtalsverðar fjárhæðir vegna kaupa á losunarheimildum.


Í stöðumatsskýrslu Loftslagsráðs er ekki talið mögulegt að Ísland nái markmiðum sínum um samdrátt í losun árið 2030. Mynd / smh

Raunhæft að ná markmiðum 2035

Samdráttur í heildarlosun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi mældist 3,9% á milli áranna 2024 og 2025, sem er langt frá markmiðum stjórnvalda sé tekið mið af framtíðarhorfum. Landsákvarðað framlag Íslands til ársins 2030, til rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, gerir ráð fyrir 41% samdrætti í flokki samfélagslosunar árið 2030 miðað við losun 2005. Í þeim flokki er meðal annars talin losun frá vegasamgöngum, orkuvinnslu, sjávarútvegi, landbúnaði og úrgangi. Miðað við framtíðarhorfur náum við einungis um 21% samdrætti í þessum flokki fyrir Ísland.

Aðrir losunarflokkar í losunarbókhaldinu fyrir Ísland eru landnotkunarflokkurinn og ETS-flokkurinn (losun vegna staðbundins iðnaðar, sem fellur undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir). Þessir flokkar eru undanskildir í landsákvörðuðu framlagi Íslands til 2030.

Losun úr landnotkunarflokknum er þó langmest í losunarbókhaldinu, með um 58% af 10,6 milljón tonna heildarlosun af koltvísýringsígildum.

Haustið 2025 setti Ísland fram annað og sjálfstætt landsákvarðað framlag sem nær til ársins 2035, með markmið um 50-55% samdrátt í samfélagslosun ársins 2035 miðað við 2005, ásamt markmiði um 400–500 þúsund tonna koltvísýringsígilda samdrátt í landnotkunarflokknum árið 2035 miðað við 2025.

Loftslagsráð telur hins vegar raunhæft fyrir Ísland að ná markmiðum sínum um samdrátt í losun fyrir árið 2035 og markmiðum um kolefnishlutleysi fyrir 2040. Ísland hefur frá árinu 2021 haft lögfest markmið um kolefnishlutleysi eigi síðar en árið 2040. Kolefnishlutleysi telst vera náð þegar losun kolefnis er ekki meiri en sem nemur bindingu þess. Jóhann Páll Jóhannsson umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra hins vegar hélt því fram í viðtali við Spegilinn á Rás 1 að hann efaðist um að þetta markmið myndi nást og væri yfir höfuð raunhæft. Það er þó eitt af aðalmarkmiðum í nýju frumvarpi ráðherra til heildarlaga um loftlagsmál.

Loftslagsráð telur að til að hægt verði að ná þessum markmiðum þurfi að stórauka metnað og ákefð loftslagsaðgerða, auka samhæfingu innan samfélagsins og bæta framkvæmd aðgerða.

Möguleikar í landbúnaði til samdráttar

Um landbúnað sérstaklega segir í skýrslunni að í losunarbókhaldinu fyrir Ísland sé ekki gert ráð fyrir miklum samdrætti á komandi áratugum.

Það sé þrátt fyrir að sérstakar aðgerðir í landbúnaði sé að finna í aðgerðaáætlun, eins og til dæmis áætlanir um loftslagsvænni landbúnað og loftslagsvænna styrkjaumhverfi, sé einungis gert ráð fyrir að losun dragist saman um 18 þúsund tonn fyrir 2030 frá því sem nú er. Spyrja megi hvort ekki sé hægt að grípa til árangursríkari aðgerða í víðtæku samráði við hagaðila. Skoða mætti samspil breyttra neysluhátta og losunar frá landbúnaði. Í Danmörku hafi til að mynda verið horft til breyttra neysluhátta í samvinnu við bændur, þar sem aukin áhersla er á grænmetisræktun og grænmetisneyslu sem geti leitt bæði til bættrar lýðheilsu og minni losunar. Spyrja þurfi hvort ástæða sé til að leggja í svipaða vinnu hér á landi.

Þá eru nefndir möguleikar auðgandi landbúnaðar, sem jafnvel bindi meira kolefni en hann losar. Einnig geti leiðir til minni losunar legið í skilvirkari notkun tilbúins áburðar og bættri meðhöndlun á mykju, sem hafi valdið um 12% af losun frá landbúnaði árið 2024.

Hugsanlegt sé því að draga úr losun frá landbúnaði um 100 þúsund tonn koltvísýringsígilda fyrir 2035 og bæta hag bænda ef sjónum sé beint skipulega að þeim fjölþættu möguleikum sem hér eru fyrir hendi.

Ekki nægilega metnaðarfull markmið

Hvað landnýtingarflokkinn varðar telur Loftslagsráð að til þess að minnka heildarlosun þar skipti miklu máli hvernig til tekst við aðgerðir. Mikilvægt er að stjórnvöld stuðli að aukinni bindingu kolefnis og samdrætti í losun með náttúrumiðuðum lausnum. Aukin skógrækt og endurheimt þurrlendis og votlendis séu slíkar lausnir. Ráðið telur að tölusett markmið séu ekki nægilega metnaðarfull í þessum flokki, sem eigi að endurspegla mesta mögulega metnað stjórnvalda.

Í skýrslunni segir að stærsti losunarþáttur frá landi – og einnig stærsti hlutinn af heildarlosun Íslands – sé af framræstu votlendi. Endurheimt votlendis sé ein árangursríkasta loftslagsaðgerð sem Íslendingar geti ráðist í. Jafnframt sé endurheimt votlendis einhver mikilvægasta aðgerð sem Íslendingar geti gripið til í þágu aukinnar líffræðilegrar fjölbreytni, í samræmi við nýlega stefnumörkun Íslands í þeim efnum.

Þar segir enn fremur að þrátt fyrir sett markmið gangi illa að ná árangri. Verkefnið sé þó skýrt og lengd skurðanna fyrirliggjandi. Flestir þeirra liggi á löndum sem ekki eru lengur í notkun til jarðræktar eða beitar. Hægt væri að kortleggja verkið, hólfa það niður í smærri einingar og ná umtalsverðum árangri, skref fyrir skref. Einfalda þurfi ferli endurheimtar, einnig leyfisveitingar og efla samráð ríkis, sveitarfélaga og annarra jarðeigenda.

Jafnframt mætti skapa áhrifameiri efnahagslega hvata til endurheimtar. Loftslagsráð hafi í skýrslu sinni Gildi votlendis og mikilvægi endurheimtar, sem kom út á þessu ári, hvatt til þjóðarátaks um endurheimt votlendis, sem svipi til átaksverkefna fyrri ára í landgræðslu og skógrækt. Hægt sé að byggja á árangrinum úr þeim verkefnum og verklagi nú þegar sú mikilvæga áskorun blasi við sem varðar endurreisn landsins gæða.

/smh

Bændasamfélagið komi sterkar að borðinu

„Við þurfum að fá bændur meira með í þetta verkefni. Þeir þekkja landið og vita hvernig er hægt að rækta það og auka bindingu á gróðurhúsalofttegundum," segir Guðmundur Steingrímsson, starfandi framkvæmdastjóri Loftslagsráðs. „Bændasamfélagið þarf að koma sterkt að borðinu í þessu verkefni sem er í raun þjóðarátak," segir Guðmundur. „Stóra umhverfismálið á Íslandi er að endurheimta votlendi og auka bindingu í íslenskum jarðvegi. Þar er stærsta losun Íslands. Bændur gegna því gríðarlega mikilvæga hlutverki að vera matvælaframleiðendur og þótt Loftslagsráð hafi ekki farið markvisst í þá umræðu, þá finnst mér að með aukinni fjölbreytni í matvælaframleiðslu undir forystu bænda þá sé hægt að fara meira í að byggja upp auðgandi landbúnað sem eykur bindingu á sama tíma og við framleiðum matvæli. Við ættum að greina þetta saman. Þar er þekking og reynsla bænda ómetanleg. Mér finnst of lítið að gerast í samdrætti í losun í landbúnaði miðað við spár. Við þurfum að skoða hvernig landbúnaður getur verið hluti af lausninni á Íslandi." */eks*

Frjálsi
lífeyrissjóðurinn

Við bjóðum bændur velkomna í Frjálsa

Lífeyrissjóður bænda hefur sameinast Frjálsa



Kynntu þér
málið á **frjalsi.is**

Bændablaðið

Ritstjóri: Þröstur Helgason (ábm.) throstur@bondi.is **Sími:** 563 0300
Auglýsingastjóri: Þórdís Una Gunnarsdóttir thordis@bondi.is **Sími:** 866 3855
Blaðamenn: Ástvaldur Lárusson astvaldur@bondi.is – Edda Kristín Sigurjónsdóttir edda@bondi.is
Karólína Rós Ólafsdóttir karolina@bondi.is – Katrín Lilja Jónsdóttir katrinlilja@bondi.is
Sigrún Pétursdóttir sigrunpeturs@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is

Vefur blaðsins: www.bbl.is – **Netfang blaðsins:** bbl@bondi.is
Frágangur fyrir prentun: Sigrún Pétursdóttir – **Prentun:** Landsprent ehf.
Upplag: 33.000 **Dreifing:** Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

Ný stoð í íslensku atvinnulífi

Á Íslandi er að verða til fiskeldi á landi sem innan fárra ára gæti skapað útflutningsverðmæti á við stórar og rótgrónar undirstöðugreinar þjóðarbúsins. Uppbyggingin er þegar hafin, fjárfestingar nema háum fjárhæðum, tæknin þróast hratt og lax frá íslenskum landeldisstöðvum er kominn á erlenda markaði.

Bændablaðið hefur að undanförnu fjallað ítarlega um uppbyggingu stærstu landeldisfyrirtækjanna. Áform þeirra vekja athygli. First Water stefnir á 60 þúsund tonna ársframleiðslu, Thor Salmon á allt að 40 þúsund tonn og Samherji áformar eldisgarð á Reykjanesi sem gæti náð 36 þúsund tonna framleiðslugetu. Laxey byggir svo upp eina af stærri landeldisstöðvum sinnar tegundar í Vestmannaeyjum.

Samkeppnisstaða Íslands í þessari atvinnugrein byggist á samspili margra þátta. Hér er aðgangur að hreinum sjó og vatni, endurnýjanlegri orku, góðum höfnum og alþjóðaflugvelli. Landið liggur vel við mörkuðum beggja vegna Atlantshafsins og Íslendingar búa yfir mikilli reynslu af sjávarútvegi, fiskvinnslu, flutningum og útflutningi ferskra sjávarafurða.

Varan sjálf þarf enga kynningu. Lax er ein vinsælasta fiskafurð heims og markaðurinn gríðarlega stór. Þar hefur landeldið jafnframt sérstaka kosti. Aðstæður eru stýrðar, framleiðslan fyrirsjáanleg og hægt að tryggja kaupendum fisk með jöfnum gæðum. Vandamál vegna laxalúsar eru ekki þau sömu og í sjókvíaeldi og strokshætta er hverfandi.

Tækifærin liggja líka víðar. Í landeldinu falla til næringarefni sem nýta má, meðal annars til áburðarframleiðslu og lífgasgerðar. Þar geta skapast áhugaverð tengsl við íslenskan landbúnað og möguleikar á að draga úr þörf fyrir innflutt aðföng.

En svo umfangsmikil uppbygging krefst gríðarlegs fjármagns. Fjárfestar og lánveitendur þurfa að vita eftir hvaða reglum verður leikið til framtíðar. Þar stendur hnífurinn í kúnni.

Landeldisfyrirtækin hafa kallað eftir skýrri lagaumgjörð sem taki mið af sérstöðu starfseminnar. Það er sanngjörn krafa. Landeldi á ekki að fá afslátt af eðlilegum kröfum um umhverfisvernd, dýravelferð og ábyrga auðlindanýtingu. En reglurnar þurfa að vera skýrar, málefnalegar og fyrirsjáanlegar.

Íslendingar hafa áður byggt velmegun á því að nýta náttúruleg skilyrði landsins með þekkingu, tækni og útsjónarsemi. Allt bendir til þess að landeldi verði meðal mikilvægustu útflutningsgreina landsins á næstu árum ef rétt er staðið að málum.

Það er full ástæða til bjartsýni. Kerin eru risin, fiskurinn er kominn í þau og íslenskur lax er þegar farinn á erlenda markaði. Nú þarf lagaumhverfið einfaldlega að ná í skottið á atvinnugreininni.

Þröstur Helgason



Kraftblanda
Inniheldur
Effekt Midi Island
steinefnablöndu

Bústólpi

bustolpi@bustolpi.is • Sími 460 3350 • www.bustolpi.is

Bændablaðið kemur næst út 3. desember

Dýravelferð:

Myndefni frá svínabúi til rannsóknar

Fréttaljós | Sigurður Már Harðarson
smh@bondi.is

Í kjölfar opinberrar birtingar myndefnis úr svínabúi Stjörnugríss á Kjalarnesi, sem tekið var við innbrot í búið og sýnir meðal annars dauða grísi og særð svín, hafa vaknað spurningar um hvernig Matvælastofnun sinnir eftirliti með dýravelferð og aðbúnaði dýra á slíkum búum.

Á svínabúum er miðað við reglubundið eftirlit Matvælastofnunar að minnsta kosti einu sinni á ári, sem þýðir að svínarækt sætir tíðara eftirliti en aðrar búgreinar þar sem stundað er búfjárhald.

Oftar eftirlit þar sem áhætta er meiri

Þóra Jóhanna Jónasdóttir, yfirdýralæknir Matvælastofnunar, útskýrir fyrirkomulagið svo að eftirlitsþörfin sé metin eftir áhættu- og frammistöðuflokkun. Þannig að þar sem áhætta sé talin meiri eða sýnileiki minni, þar sé oftar farið í eftirlit.

„Eftirlit getur hins vegar aldrei verið viðstöðulaust alltaf allan sólarhringinn, heldur verða yfirvöld að treysta því að það sé farið eftir regluverkinu og kröfum um úrbætur þegar þær eru settar. Ný eftirlitsheimsókn er svo til að sannreyna það en eftirlit getur aldrei að öllu leyti hindrað að í einhverjum tilfellum á einhverjum tímapunkti sé umönnun og aðbúnaði ábótavant. Ef svo er, þá er það auðvitað umráðamaður dýrs sem ber ábyrgð en ekki eftirlitið. Ekki frekar en að umferðareftirlit lögreglu geti hindrað að öllu leyti alls staðar að enginn aki of hratt.“ Þegar Þóra er spurð hvort Matvælastofnun geti ákveðið að herða eftirlit og auka tíðni eftirlitsheimsókna – til dæmis í kjölfar þessa tiltekna máls – segir hún að svo sé. „Ef eftirfylgni er þörf eða áhætta metin sem aukin þá er eftirlitstíðni aukin. Eftirlitsheimsóknir á svínabú voru til dæmis 35 árið 2025 en svínabúin voru 19 talsins. Sem sagt nær tvöfalt fleiri heimsóknir en starfsstöðvar, sem þýðir að hver starfsstöð fékk tæpar tvær heimsóknir að meðaltali í stað einnar þó markmiðið hafi verið sett á að lágmarki 19 eftirlitsheimsóknir. En vissulega getur dreifingin verið öðruvísi en að þessum eftirlitsheimsóknum sé jafnt dreift yfir.“

Hvað varðar aðstæðurnar og aðbúnaðinn sem birtist í því myndefni sem fór í opinbera dreifingu og mögulegar aðgerðir Matvælastofnunar, segir Þóra að stofnunin sé með þau gögn til skoðunar. „En stofnunin hefur ekki, svo mér sé kunnugt um, fengið senda neina ábendingu né myndefni frá þeim aðila sem braust inn. Það er því ekki hægt að rannsaka málið með öðrum hætti en að skoða það sem birt er á netinu og í fjölmiðlum.“

Óboðað eftirlit

Í þjóðfélagsumræðu sem fylgdi í kjölfar þessa máls, bar talsvert á að því væri haldið fram að eftirlitsheimsóknirnar á svínabúin væru boðaðar heimsóknir – og því marklausar. Þóra segir hins vegar að almennt sé allt slíkt eftirlit óboðað, eins og mælt sé fyrir um í Evrópureglugerð sem Ísland hafi innleitt. „Hins vegar kemur fyrir að eftirlitsfólk hafi samband stuttu áður en það leggur af stað til að tryggja að rekstraraðili sé við og ekki sé verið að keyra langa vegu í erindisleysu.



Í reglugerð um velferð svína er kveðið á um að umráðamenn svínabúa skuli hafa eftirlit með dýrunum að lágmarki einu sinni á sólarhring og bæta svo fljótt sem auðið er úr því sem er ábótavant. Mynd / ál

Sá stutti frestur sem fólk getur fengið með því, gerir því ekki kleift að breyta eða bæta að neinu ráði. ESA, Eftirlitsstofnun EFTA, hefur ekki gert athugasemdir við þetta fyrirkomulag og telur þetta falla undir óboðað eftirlit ef um er að ræða bara rúmlega aksturstímann til að hægt sé að viðhafa einhverja skilvirkni í eftirliti.

Ef annað fyrirkomulag er viðhaft er það annað hvort úttekt að beiðni eftirlitsþega af ólíkum ástæðum eða eftirfylgni, þegar gefinn er upp ákveðinn fjöldi daga til að verða við úrbótum eftir reglubundið eftirlit, eða álíka,“ segir hún.

Dauð svín tafarlaust fjarlægð

Í reglugerð um velferð svína er kveðið á um að umráðamenn svínabúa skuli hafa eftirlit með dýrunum að lágmarki einu sinni á sólarhring og bæta svo fljótt sem auðið er úr því sem er ábótavant. Aukið eftirlit skuli haft með nýfæddum, sjúkum og slösuðum svínum og gyltum nálægt goti.

Sjúk og slösuð svín eiga að fá viðeigandi meðferð og vera færð eins fljótt og auðið er í sérstakar sjúkrastíur með þurru, hreinu og mjúku undirlagi. Þá er kveðið á um að holdafar, undirburður og undirlag skuli vera með þeim hætti að komið sé í veg fyrir sár, svo sem legu- og bógsár. Komi engu að síður sár skulu þau meðhöndluð í samráði við dýralækni.

Jafnframt segir í reglugerðinni að dauð svín skuli tafarlaust fjarlægð úr umhverfi lifandi svína og hræjum fargað á viðurkenndan hátt.

Engin alvarleg frávik úr nýlegu eftirliti


Geir Gunnar Geirsson, forstjóri Stjörnugríss, hefur sagt í viðtölum við fjölmiðla að myndefnið úr svínabúinu sýni ljóta mynd og að mistök og frávik hafi orðið við umönnun dýranna, sem fyrirtækið taki ábyrgð á. Hann hefur þó hafnað því að myndbandið gefi rétta heildarmynd af starfseminni.

Þóra segir að myndefnisins hafi, samkvæmt því sem myndatökuaðili hefur tjáð sig um, verið aflað í vor og snemma í haust. Matvælastofnun hafi farið í eftirlitsheimsókn á þetta tiltekna bú eftir þann tíma. „Það er því frekar nýlega búið að fara í eftirlit á búið sem ekki leiddi í ljós á þeim tímapunkti alvarleg frávik, svo sem dýr með sár sem ekki væri sinnt. Því teljum við ekki að það sé ástæða til að ætla að það sé þarna ástand sem krefjist allra hæsta forgangs í augnablikinu. En auðvitað eru mál er varða dýravelferð ávallt unnin eins hratt og kostur er á, eftir auðvitað forgangsröðun á þeim málum sem liggja fyrir hverju sinni. Eftir birtingu myndbandanna var strax hafin rannsókn á þeim upplýsingum sem þar komu fram.“

Í eftirlitsskýrslu úr heimsókninni sem Þóra vísar til eru frávik tilgreind á búinu, varðandi stærð rýmis en í skýrslunni segir að svínabúið uppfylli ekki skilyrði um velferð svína hvað varðar húsakost. Stjörnugrís hefur sótt um undanþágu sem veitt var heimild fyrir árið 2024, með breytingu á reglugerð um velferð dýra og gildir til 1. janúar 2028. Þar segir að veiting á fresti sé háð því að framleiðandi leggi fram gögn sem sýni fram á að hann hafi sannanlega gripið til ráðstafana til að uppfylla kröfur ákvæðanna en ekki orðið ágengt af ástæðum sem eru ekki á ábyrgð framleiðanda sjálfs.

Þóra segir að hún viti til þess að rannsókn á þeim atriðum sem talið var að þyrfti að skoða sérstaklega í myndbandinu sé í ferli. „Úrræði Matvælastofnunar ef í ljós kæmi að brotið væri gegn ákvæðum reglugerðarinnar – og laga um velferð dýra – þá er krafist úrbóta innan ákveðins frests, nema ef úrbætur þola ekki bið. Lengd frests sem gefinn er til úrbóta fer eftir alvarleika og ætluðum áhrifum á dýrin. Ef ekki er orðið við kröfum um úrbætur þá er hægt að beita þvingunarúrræðum sem fram koma í lögum um velferð dýra, svo sem að beita dagsektum, láta framkvæma úrbætur á kostnað umráðamanns, takmarka eða stöðva starfsemi og í allra alvarlegustu tilfellunum fjarlægja dýr,“ útskýrir hún.

Bændablaðið kemur út 23 sinnum á ári. Upplýsingar um dreifingarstaði: www.bbl.is Áskrifendur fá blaðið sent heim gegn greiðslu burðargjalds sem er kr. 19.800 m/vsk á ári. Eldri borgarar og öryrkjar kr. 15.500 m/vsk.
Heimilisfang: Borgartún 25, 4. hæð - 105 Reykjavík. **Sími:** 563 0300 – **Kt:** 631294-2279 – **Útgefandi:** Bændasamtök Íslands.



Undir þessari smásjá á Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum er hundasoglús sem fannst í fyrsta sinn á ref árið 2025 og aftur á þessu ári á lágfótu sem skotinn var á sama svæði. Uppgötvunin er áhugaverð í ljósi þess að hundasoglús hefur ekki fundist á hundum hérlendis í um tuttugu ár og voru þau tilfelli talin innflutt. Frá þessu er greint í frétt á vef Keldna. Mynd / ál

Stjórnvöld í lið með Riddurum rauða drekans!

Vinkill | Margrét Ágústa Sigurðardóttir
margret@bondi.is

Ein spurning fylgdi okkur á alla fundi í hringferð Bændasamtakanna nú í nóvember og hún laut að því hver tæki við. Bóndinn sem hyggst bregða búi veltir fyrir sér hvort einhver komi í hans stað og unga fólkið sem vill hefja búskap spyr hvort dæmið geti yfirhöfuð gengið upp. Báðir hópar rekast á sömu hindranir og þær er að finna í leikreglunum sjálfum, ekki síst í skattkerfinu.

Ég hefði ekki getað verið meira sammála Maríu Rut, þingmanni Viðreisnar, þegar hún benti á það í ræðustól Alþingis í vikunni að við greiðum öll sama skatthlutfall en njótum ekki sömu grunnþjónustu. Hún rakti skilmerkilega hvernig búseta ræður aðgengi að grunnþjónustu, og slíkt ætti að vekja alla til umhugsunar. Þjónusta sem ég, búsett á höfuðborgarsvæðinu, tek sem sjálfsögðum hlut kostar fólk á landsbyggðinni oft heilu og hálfu dagana, langan akstur og jafnvel gistingu með tilheyrandi útgjöldum – ef það kemst þá yfirhöfuð, því ekki er alltaf flug í boði. Þetta fólk greiðir sömu skatta og ég en ber sjálft kostnaðinn af því að sækja þjónustuna sem skattarnir eiga að standa undir. Við eigum að heita jöfn fyrir lögum en erum það augljóslega ekki þegar kemur að póstnúmerum.

Úr þessu má bæta með frekari uppbyggingu og breytingum á regluverkinu, því í kjölfarið fylgja störf, þjónusta og fólk. Auknar álögur, hvað þá nýjar, eru hins vegar skref í þveröfuga átt. Skattkerfið þarf ekki að vinna gegn landsbyggðinni – það getur unnið með henni. Við eigum að nýta kerfið til að laða fólk í störf úti á landi, bæði sérmenntað og fólk með reynslu og verkkunnáttu, innlent jafnt sem erlent. Þannig færum við þjónustuna nær fólkinu í stað þess að láta fólkið sækja hana langar leiðir. Aðrar þjóðir hafa þegar farið þessa leið. Á ákveðnum svæðum í Norður-Noregi greiðir fólk til að mynda lægri tekjuskatt og fær sérstakan skattafrádrátt, auk þess sem hluti námslána er felldur niður fyrir hvert ár sem það býr þar. Finnar eru að prófa sömu leið með námslán í Norður-Lapplandi og í Kanada fá íbúar norðlægra svæða sérstakan frádrátt vegna búsetu og ferðakostnaðar. Í Ástralíu fá íbúar afskekktra svæða afslátt af tekjuskatti og í Svíþjóð greiða fyrirtæki í dreifðum byggðum lægri launatengd gjöld. Rökin eru alls staðar þau sömu – byggðin lifir á fólkinu og þekkingunni sem þar býr.

Þar sem fólk sest að verður til atvinna, þjónusta og samfélag og innviðirnir styrkjast um leið. Þá verður búskapur raunhæfari kostur fyrir ungt fólk, nýliðar koma frekar inn í greinina og kynslóðaskiptin ganga eðlilega fyrir sig – svo fremi sem skattkerfið fylgir með! Einn stígur út, annar kemur inn, samfellan helst og allir geta gengið sáttir frá borði. Þar sem landbúnaður eflist, blómstrar byggðin og þjónustan með. Hvort svo verður ræðst ekki síst af skattkerfinu, sem getur ýmist verið hindrun eða hvati.

Það er engin nýlunda að skattkerfið sé ekki alltaf sanngjarnt og stundum beinlínis ranglátt. Sama skatthlutfall fyrir ójafna þjónustu er ranglæti. Að póstnúmerið ráði aðgengi að grunnþjónustu er ranglæti. Skattaívilnanir og hvatar vegna búsetu eru hins vegar réttlæti – ekki forréttindi heldur leiðrétting á skekktri stöðu. Umræðan hefur allt of oft strandað á „hvað ef“ hugsunarhættinum – hvað ef einhver misnotar kerfið, hvað ef þetta og hvað ef hitt.

En hvar er réttlætið í því að láta kerfið misnota landsbyggðina af ótta við að fáeinir misnoti það? Þessu þarf að breyta. Það gefur góð fyrirheit að í stjórnarsáttmálanum sé kveðið á um að auka nýliðun og auðvelda kynslóðaskipti í landbúnaði, enda á byggðin allt sitt undir greininni. Þetta rímar líka vel við tillögu innviðaráðherra til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun, sem nú liggur fyrir Alþingi. Ég leyfi mér að vera bjartsýn.

Ég þakka bændum fyrir samtalið og ekki síður kvenfélögunum um allt land fyrir rausnarlegar veitingar. Um leið skora ég á stjórnvöld að ganga til liðs við Riddara rauða drekans og berjast gegn ranglæti með réttlæti – líkt og Benjamín dúfa og félagar hans.

Höfundur er framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands.

Jarmað, hneggjað, baulað ...

Fyrir ári síðan eða svo var hér baulað nokkuð á áherslu ríkisstjórnarinnar á uppbyggingu fleiri gagnavera hérlendis. Þá voru ekki orðin áberandi í öðrum löndum þau andmæli við gagnaverum sem nú eru uppi bæði austan hafs og vestan. Ein skýringin á því að Trump tapaði þingkosningunum er sögð sú að hann vildi gera sem flestum kleift að reisa sem flest gagnaver sem víðast í Bandaríkjunum. Bændum var sérlega illa við þessa hugmynd enda þurfa gagnaver mikið landsvæði, orku og vatn. En einnig kvörtuðu íbúar sem hafa fengið gagnaver í næsta nágrenni við sig undan hávaða og annarri umhverfismengun.

Sömu umræðu má sjá víða í evrópskum fjölmiðlum. Tala má um alþjóðlega uppreisn gegn stjórnlausri uppbyggingu gagnavera vítt og breitt um heiminn. Spurningarnar hrannast upp um þennan iðnað. Í síðasta blaði birtust tvær greinar sem vöktu athygli á þessari alþjóðlegu bylgju andmæla við uppbyggingu gagnavera. Önnur þeirra fjallaði um ástandið í Noregi þar sem til dæmis er verið að byggja risa gagnaver á vegum Google í bænum Skien í Þelamörk. Gagnaverið sker í sundur landbúnaðarsvæði og er svo umfangsmikið að hátt á þriðja hundrað knattspyrnuvalla kæmust fyrir á umráðasvæði þess. Starfseminni fylgja fá störf og hagnaðurinn af henni rennur að mestu leyti til tæknirisans sem stendur að baki henni.

Norðmenn virðast hafa verið of seinir að átta sig og tillaga um tímabundna neyðarstöðvun á uppbyggingu gagnavera í Noregi var felld í Stórþinginu. Andstaðan er þó að aukast þar í landi og allir stjórnmálaflokkar orðnir sammála um að stöðva verði stjórnlausa uppbyggingu gagnavera, enda myndi hún til dæmis soga til sín alla orku sem er í boði, líka þá sem ætti annars að fara í orkuskiptin.

Alls 113 gagnaver eru þegar risin í Noregi, mun fleiri en þarf til þess að tryggja stafrænt sjálfstæði þjóðarinnar. Samt bíða 116 gagnaver eftir því að fá framkvæmdaleyfi þar í landi.

Önnur grein í síðasta Bændablaði sagði frá því að Google hefði hoggið 250.000 tré ólöglega í Muhos í Finnlandi til að byggja gervigreindargagnaver. Fyrr í mánuðinum voru framkvæmdir stöðvaðar við þetta ver og annað í Finnlandi því að umhverfismat lá ekki fyrir. Málið hefur vakið hörð viðbrögð í landinu.

Ekki þarf að leita lengi í erlendum fjölmiðlum til að sjá sambærilegar fréttir af stjórnlausri uppbyggingu gagnavera og sívaxandi andófi gegn því víða um Evrópu. Eitt af því sem vísindamenn velta fyrir sér er það hvort þörfin á þessum risagagnaverum muni ekki fljótlega minnka vegna tækniframfara við geymslu og vinnslu gagna. Áður en við vitum af gæti farið svo að ekki þyrfti að greiða nema 10% af núverandi kostnaði við rekstur gagnavera til þess að fá 80% af getu þeirra, segir í grein á BBC. Tækniþróunin sé svo hröð að ekki sé ólíklegt að risagagnaverin verði óþörf innan fárra ára.

Hér uppi á Íslandi höfum við hins vegar ríkisstjórn og umhverfis- og orkuráðherra á hennar vegum sem telur það meðal sinna helstu stefnumála að flýta fyrir uppbyggingu eins margra gagnavera og hægt er á næstu misserum. Umræðan er samt varla hafin um það hvað þetta þýðir. Hversu mikla orku þarf fyrir þessa starfsemi. Hvaða áhrif það hefur á orkuþörf að öðru leyti, til dæmis orkuskipti. Umhverfisáhrif þessarar starfsemi hefur varla verið rædd heldur. Og ítrekað er gert lítið úr þeirri staðreynd að gagnaver veita fáum atvinnu. Ríkisstjórnin hefur heldur ekki svarað þeirri gagnrýni að hagnaðurinn af rekstri þeirra rennur að mestu leyti til erlendra tæknirisa. Spurningunni um það hversu mörg gagnaver við þurfum yfirleitt að reisa hérlendis til þess að tryggja stafrænt sjálfstæði þjóðarinnar hefur heldur ekki verið svarað. Á áhrif hraðrar tækniþróunar á sviði gagnavinnslu hefur varla verið minnst. Og fæstir velta fyrir sér hvernig gervigreindin sjálf muni þróast.

Það eina sem við vitum er að ríkisstjórnin og orkuráðherra hennar ætlar að sjá heiminum fyrir gagnaverum.

Pistill formanns | Trausti Hjálmarsson
trausti@bondi.is

Staðreyndir um dýraveferð

Enn og aftur urðu innbrot í bú íslenskra bænda tilefni til almennrar umræðu og fréttaflutnings um dýravelferð og geri ég ráð fyrir að óþarfi sé að rekja þá sögu hér. Eins ætla ég ekki að eyða miklu plássi í að benda á hversu bjagað það er að maður, sem hefur játað á sig brot sem leiddu til þess að fjöldi gripa meiddist og drapst, sé að lesa bændum pistilinn um dýravelferð.

Staðreyndin er sú að bændur taka dýravelferð alvarlega, bæði af siðferðilegum ástæðum og efnahagslegum. Við stjórnum því hvenær dýrin okkar koma í heiminn og hvenær þau yfirgefa hann og þess á milli berum við ábyrgð á þeim. Ábyrgð sem við tökum alvarlega. En slæm meðferð dýra skilar líka verri afurðum og kemur því niður á afkomu okkar og er það líka hvati til að fara vel með dýrin.

Umræðan sýnir, að mínu mati, að við getum enn gert betur í að styrkja tengslin milli bænda og neytenda og fræða hina síðarnefndu um íslenska landbúnaðarframleiðslu og starfsumhverfi bænda.

Landbúnaður sætir hér ríku opinberu eftirliti og ólíkt þeirri mynd sem dregin hefur verið upp er það eftirlit víðtækt og það hefur tennur. Það kemur fyrir að bændur séu ávíttir eða sviptir búfénaði sínum vegna alvarlegra frávika, en blessunarlega er það ekki oft.

Það er jafnframt sjálfstætt áhyggjuefni að traust almennings á Matvælastofnun virðist ekki vera meira en svo að sumir telja eftirlitsskýrslur MAST lítils virði í umræðunni. Grundvöllur eftirlits í samfélagi eins og okkar er að gagnkvæmt traust ríki milli þriggja aðila; eftirlitsstofnunarinnar, þess sem eftirlitið beinist að og almennings, sem verður að geta treyst því að rétt sé að málum staðið. Ljóst er að hér er verk að vinna.

Íslenskir bændur eru réttilega stoltir af þeirri staðreynd að óvíða er notkun sýklalyfja í landbúnaði minni en hér, en ég hugsa að við mættum vera duglegri við að benda á hvað þessi staðreynd segir um aðbúnað dýra hérlendis. Það er vissulega eftirsóknarvert í sjálfu sér að hafa sýklalyfjanotkun sem minnsta, því það gerir landbúnaðarafurðirnar heilsusamlegri til neyslu. Við skulum ekki gera lítið úr því.

Í fyrsta lagi tíðkast ekki hér svokölluð fyrirbyggjandi notkun sýklalyfja, en það er þegar sýklalyf eru gefin dýrum burtséð frá því hvort dýrin séu sýkt eða ekki. Almennt er það gert þegar sýkingar eru svo algengar að það borgar sig einfaldlega að halda öllum dýrunum á sýklalyfjum. Það gera íslenskir bændur ekki.

Í öðru lagi er það þannig að því sjaldnar sem dýr meiðast og sýkjast því minna er notað af sýklalyfjum. Það segir sig nokkuð sjálft. Lítil sýklalyfjanotkun er því sjálfstæður vitnisburður um góðan aðbúnað dýra og hreinlæti í íslenskum landbúnaði.

Ef aðbúnaður sláturdýra á Íslandi væri nálægt því jafnslæmur og haldið hefur verið fram á samfélagsmiðlum væri sýklalyfjanotkun miklu meiri og almennari í íslenskum landbúnaði en raun ber vitni. Svo einfalt er það.

Vissulega kemur það fyrir hjá sumum að tímaeða staðbundin frávik verða í búrekstrinum. Bændur og starfsfólk í landbúnaði eiga erfið tímabil og gera mistök, rétt eins og í öllum öðrum geirum atvinnulífs og samfélags. Markmiðið er að þessi frávik séu sem fæst og afleiðingar þeirra sem minnstar.

Það er hins vegar óheiðarlegt að nota þessi frávik sem keyri til að berja á landbúnaði sem atvinnugrein. Dýravelferð er hjartað í stærstum hluta íslensks landbúnaðar og umræðan um hana verður að byggjast á staðreyndum.

Höfundur er formaður Bændasamtaka Íslands.

„Skaðinn er skeður“

Þröstur Helgason
throstur@bondi.is



Geir Gunnar Geirsson, forstjóri Stjörnugríss, segir fyrirtækið viðurkenna að mistök hafi verið gerð þegar særður grís, sem sést á myndbandi sem tekið var í svínabúi fyrirtækisins, var hafður með öðrum grísum. Hann segir hins vegar myndbandið ekki gefa rétta heildarmynd af aðbúnaði dýranna. Geir Gunnar segir að innbrot í bú fyrirtækisins hafi valdið miklu álagi á dýrin, meðal annars fósturlátum hjá gyltum, og að Stjörnugrís telji að fleiri innbrot hafi átt sér stað en þau fjögur sem hann segir að Einar Logi Pétursson hafi játað. Þá segir hann fyrirtækið ekki uppfylla nýja aðbúnaðarreglugerð að fullu og að byggja þurfi ný hús til þess. Hann segist jafnframt telja að myndbirtingarnar hafi þegar skaðað traust neytenda á íslenskri svínakjötsframleiðslu.



Geir Gunnar Geirsson, forstjóri Stjörnugríss, segir verk að vinna við að ná trausti neytenda til baka.
Mynd / Sigurður Már Harðarson

Stjörnugrís hefur verið í fréttum eftir að Einar Logi Pétursson birti myndband sem hann tók eftir að hafa farið í óleyfi inn í svínabú fyrirtækisins. Á myndbandinu sjást meðal annars dauðir grísir, dýr með sár og gris með stórt sár á baki.

Geir Gunnar Geirsson, forstjóri Stjörnugríss, segir í Útvarpi Bændablaðsins að málið sé enn hjá lögreglu. Samkvæmt upplýsingum sem fyrirtækið hafi fengið hafi Einar Logi játað fjögur innbrot í starfsemi Stjörnugríss.

„Við teljum að myndskeið hafi sýnt fimmta innbrotið og teljum að þau hafi jafnvel verið fleiri,“ segir Geir Gunnar.

Hann segir hægt að sjá á birtu myndbandi að myndefni sé tekið í búi sem hafi, samkvæmt upplýsingum fyrirtækisins frá lögreglu, ekki komið fram í játningunni.

„Það er alveg ljóst að þau eru fleiri. Við sjáum það á myndbandinu.“

Segir fyrsta innbrotið hafa haft mikil áhrif á dýrin

Geir Gunnar segir fyrsta innbrotið hafa verið í maí og að mikið tjón hafi orðið á búinu. Dauð og slösuð dýr hafi verið þar auk þess sem búnaður á skrifstofu, starfsmannaaðstöðu, fóðurherbergi og í innréttingum hafi verið lagður í rúst.

Hann segir grísi hafa farið á flakk um búið og blandast saman eftir að ráðist hafi verið á fæðingardeildina.

„Það voru sjö gyltur sem köstuðu fóstrum,“ segir Geir Gunnar.

Hann segir fyrirtækið jafnframt hafa séð breytingar á framleiðslutölum eftir innbrotið. Meira hafi verið um andvana fædda grísi, gotin hafi verið minni og fleiri grísir veikburða.

„Fjöldi andvanafæddra hjá okkur fjölgaði um helming á þessum þremur mánuðum sem leið þarna á milli og fjöldi dauðra gylta jókst um tvo þriðju,“ segir hann.

Að hans sögn sé enn verið að vinna upp áhrifin.

„Við tökum það alveg á okkur“

Mynd sem vakið hefur sérstaka athygli sýnir gris með stórt sár á baki. Geir Gunnar segir um fæðingargalla að ræða.

„Við höfum nú séð þetta áður. Þetta er fæðingargalli.“

Hann segir að í sumum tilvikum hafi dýralæknir saumað slík sár en að í öðrum tilvikum grói þau með tímanum.

Spurður hvort grísinn hefði ekki átt að vera einn í sjúkrastíu segir hann svo vera.

„Þetta er klárlega það sem við myndum segja að séu mistök og frávik. Hann hefði átt að vera í sér stíu.“

Hann bendir jafnframt á að ekki sé hægt að aðskilja grísi í langan tíma og segir að hugsanlega hefðu rétt viðbrögð verið að slátra dýrinu.

„Við tökum það alveg á okkur.“

Geir Gunnar telur þó að myndbandið í heild dragi ekki upp rétta mynd af aðbúnaði hjá fyrirtækinu. Af um 160 dýrum sjáist að hans sögn tvær gyltur með lítils háttar sár sem hafi verið í meðhöndlun, andvana grísir og einn veikburða gris.

„Ég verð að viðurkenna það að þessi gris sem er með sárið á bakinu, það hefði betur mátt taka hann frá. Við munum nefna því bara réttu nafni, það er bara frávik.“

Segir engin legusár hafa fundist í þrjú ár

Geir Gunnar segir einnig að sár sem sjáist á gyltum séu nuddsár en ekki legusár. Stjörnugrís hafi tekið upp strangt eftirlit til að koma í veg fyrir legusár.

„Á þessu búi hefur ekki verið legusár í þrjú ár.“

Hann segir að þegar búið hafi verið opnað fyrir RÚV með skömmum fyrirvara hafi ekki fundist ein gylta með legusár. Þá segir hann skýrslu Matvælastofnunar staðfesta að ekkert legusár hafi sést á neinni gyltu í búinu undanfarin þrjú ár.

Dýr geti þó meitt sig í búfjárrækt og segir hann öll slík tilvik meðhöndluð. Dýralæknir komi að lágmarki mánaðarlega inn á búið, fari yfir stöðuna og veiti ráðgjöf um lyf og meðhöndlun.

Reynt að tryggja velferð með starfsfólki, húsum og búnaði

Aðspurður hvernig Stjörnugrís tryggi velferð dýranna í daglegum rekstri nefnir Geir Gunnar góða húsakosti, búnað og starfsfólk.

„Við ráðum ekki neitt fólk inn til okkar sem hefur ekki að lágmarki tveggja ára reynslu í svínarækt eða menntun eða hvort tveggja.“

Bústjóri sé á hverju búi auk yfirbústjóra sem fari á milli búa. Þá nýti fyrirtækið sér sérfræðinga í fóðrun og erlenda dýralækna við ráðgjöf.

Stjörnugrís hafi afhent Matvælastofnun gögn um afföll á búunum og segir Geir Gunnar gögn fyrirtækisins sýna að afföll séu mun minni en í erlendum landbúnaði.

Hann segir einnig að Stjörnugrís hafi fyrir nokkrum árum hætt að gelda grísi. Halaklippingar séu hins vegar enn framkvæmdar en stefnt sé að því að hætta þeim.

Fyrirtækið hafi áður gert tilraun til þess árið 2011 í samstarfi við Matvælastofnun.

„Það sprakk allt í andlitið á okkur með mikilli sýklalyfjanotkun og vandamálum,“ segir Geir Gunnar.

Hann segir vandann flókinn, meðal annars vegna þess að grísir geti tekið upp á því að naga hala hver á öðrum. Þar komi meðal annars fóðrun, erfðir, loftræsting, lýsing, pláss og lögun stía við sögu.

MAST kemur að jafnaði árlega

Geir Gunnar segir Matvælastofnun sinna ítarlegu eftirliti með búum Stjörnugríss. Að jafnaði sé farið einu sinni á ári yfir hvert bú, auk þess sem stofnunin komi vegna ábendinga.

„Það er farið yfir öll atriðin, allt mælt, ljós, loftgæði, stíur og öll dýr skoðuð, allar skráningar skoðaðar og svo framvegis.“

Hann segir eftirlitið taka þrjár til fjórar klukkustundir á hverju búi.

Heimsóknirnar séu boðaðar fyrir fram, oft með nokkurra daga fyrirvara og stundum allt að viku eða tíu dögum. Geir Gunnar hafnar því hins vegar að slíkur fyrirvari geri fyrirtækinu kleift að fegra aðstæður verulega.

„Þú breytir ekki svínabúinu bara á nokkrum dögum. Það er bara fásinna.“

Ef holdafar sé slæmt eða aðbúnaður ófullnægjandi lagist slíkt ekki á einni viku.

Uppfylla ekki aðbúnaðar-reglugerðina að fullu

Geir Gunnar segir alltaf geta komið fram einhver frávik í eftirliti, til dæmis varðandi lýsingu, loftgæði eða undirburð. Stærsta málið sé þó að Stjörnugrís uppfylli ekki að fullu kröfur aðbúnaðarreglugerðar.

Helst snúist það um gotstíur.

„Við þurfum að taka í notkun nýjar gotstíur sem eru stærri, töluvert stærri heldur en það sem við höfum verið að nota eftir gömlu reglugerðinni.“

Einnig þurfi að bæta pláss annars staðar. Hann segir erfitt að gera breytingarnar í gömlum svínahúsum.

„Til þess að uppfylla þetta þá þurfum við að byggja.“

Þar hafi fyrirtækið hins vegar rekist á hindranir í skipulags-, starfsleyfis- og úrgangsmálum.

Geir Gunnar lýsir sérstaklega deilu vegna bús á Kjalarnesi þar sem úrgangur hefur verið hreinsaður þannig að þurrhlutinn sé tekinn frá en blauthluta dælt út í sjó. Hann segir fyrirkomulagið hafa verið við lýði í um 25 ár en að Umhverfisstofnun hafi síðar túlkað lög með öðrum hætti og talið losunina óheimila.

Það setji rekstur búsins í uppnám þar sem lítið land sé tiltækt á Kjalarnesi til dreifingar.

Hann segir kostnað við að byggja nýtt bú af þessari stærð geta verið yfir tveir milljarðar króna og að ofan á það kæmi uppbygging gyltubúa, einnig upp á milljarða.

„Við teljum það ekki forsvaranlegt eða ábyrgt að fara í svoleiðis framkvæmdir nema með vissu fyrir því að við getum nýtt þessi bú áfram.“

Geir Gunnar segir þó nú vera „ljós við enda ganganna“. Stjörnugrís sé að vinna að lausn úrgangsmála með landeldisfyrirtækjum í landinu sem standi frammi fyrir samsvarandi vanda og ætli jafnframt að fara af fullum krafti í að klára uppbyggingu gyltubúa.

„Verk að vinna traust neytenda til baka“

Rekstur Stjörnugríss hefur gengið vel og í viðtalinu kom fram að hagnaður fyrirtækisins hefði verið 554 milljónir króna á síðasta ári.

„Því ber að fagna,“ segir Geir Gunnar.

Spurður um þá kröfu að markaðsvernd íslenskrar svínakjötsframleiðslu feli í sér sérstaka skyldu gagnvart neytendum um aðbúnað og dýravelferð segir hann alla bændur hafa skyldu gagnvart neytendum.

„Við þurfum náttúrlega bara að hlusta á þá og þær kröfur sem eru gerðar til okkar og uppfylla þær.“

Hann segir þó stjórnvöld einnig þurfa að skapa rými til að hægt sé að uppfylla kröfurnar.

Aðspurður hvort myndirnar sem birtar hafa verið geti skaðað traust neytenda á íslenskri svínakjötsframleiðslu svarar hann játandi.

„Því miður held ég að skaðinn sé skeður í þessu og við sjáum það líka svolítið í sölutölunum.“

Hann segir verkefnið nú meðal annars felast í að koma réttum upplýsingum á framfæri.

„Það er náttúrlega verk að vinna við að ná trausti neytenda til baka.“

Segir viðbrögðin hafa valdið vonbrigðum

Geir Gunnar segist treysta því að lögregla, ákæruvald og dómstólar vinni úr innbrotamálinu. Stjörnugrís hyggist að svo stöddu ekki birta myndefni úr innbrotunum.

Hann vonast einnig til þess að skýrsla Matvælastofnunar verði lögð fyrir ráðherra og segir gögnin að sínu mati sýna að afföll séu innan marka.

Aðspurður hvaða lærdóm hann dragi af umræðunni eftir myndbirtingarnar segist hann fyrst og fremst hafa orðið fyrir vonbrigðum með hvernig umræðan þróaðist.

Hann segir fjölskyldu sína hafa fengið hótanir og gagnrýnir umfang fréttaflutningsins. Að hans sögn birtust 36 neikvæðar fréttir á einum degi en eitt andsvar frá fyrirtækinu.

„Það er erfitt að bera hönd fyrir höfuð sér.“

Geir Gunnar segir Stjörnugrís þurfa að svara yfirvegað og kurteislega á sama tíma og aðrir „láta gamminn geisa“.

Hann segir málið nú halda áfram hjá lögreglu og að Matvælastofnun sé jafnframt með það til skoðunar. Fyrirtækið hafi að hans sögn ekkert að fela.

„Við erum ekki með nein alvarleg frávik eða nein alvarleg mál á bakinu þannig að ég held að þetta sé nú bara allt í góðu lagi hjá okkur, þótt allt megi bæta.“



GAMLI NÓI
GAMLI NÓI
ER AÐ VANDA SIG



HUGANN
LÍKAMANN
TENGSLIN
RÆKTUM

Góð heilsa er dýrmæt á öllum aldri. Með því að rækta líkama, huga og tengsl við aðra stuðlum við að betri líðan. Það er mikilvægt að gefa sér tíma fyrir hreyfingu, samverustundir og hvers kyns hugarleikfimi sem auðveldar okkur að njóta alls þess sem skiptir okkur máli.

Kynntu þér átakið á gottadeldast.is

GOTT AÐ ELDAST

Stjórnarráð Íslands
Félags- og húsnæðismálaráðuneytið

OECD:

Stuðningur við bændur hæstur á Íslandi

Landbúnaðargeirinn í heild sinni stendur frammi fyrir tíðari áföllum sem eru alþjóðleg og tengd og hafa síaukin efnahagsleg áhrif. Samhliða hefur stuðningur ríkja til landbúnaðar aukist um nær 15% á undanförnum tveimur árum.

OECD segir myndina því bjagaða. Fyrirsjáanleika vantar umfram endurteknar skammtímaaðgerðir. Stuðningur við bændur á Íslandi er sá hæsti sé miðað við þau 56 lönd sem árleg skýrsla um landbúnaðarstefnu og -styrki OECD nær til. Verndandi aðgerðir, svo sem tollar, nemi 53% af heildarstuðningi.

Óbein skattlagning

Áætlaður stuðningur við framleiðendur á Íslandi svaraði til 52% af heildartekjum landbúnaðarins, sem er meira en þrefalt hærra en meðaltal OECD á árunum 2023-2025.

Ýmsar aðgerðir sem hækka verð á matvælum innanlands, einkum tollar sem halda verði háu í samanburði við heimsmarkaðsverð, eru taldar vega þungt og mat OECD að þær nemi 53% af heildarstuðningi við framleiðendur.

Þessar aðgerðir leiða til þess að neytendur bera hluta af kostnaðinum við stuðninginn, sem samkvæmt skýrslunni getur talist til tilfærslu fjármuna frá neytendum til bænda, eða óbeinnar skattlagningar.

Stuðningur Evrópusambandsins við framleiðendur nam 17,4% af heildartekjum landbúnaðar á árunum 2023-2025 og er það yfir meðaltali OECD. Þar hefur dregið úr mikilvægi ráðstafana vegna viðskipta- og vöruverndar, svo sem tollkvóta.

Draga úr aðgerðum sem skekkja

Nær helmingur alls stuðnings til landbúnaðar þykir líklegur til að raska framleiðslu og viðskiptum, með því að breyta markaðsverði, niðurgreiða aðföng og tengja greiðslur framleiðslumagni.

Í skýrslunni er skoðað hvernig ríkisstjórnir aðildarríkjanna bregðast við þróuninni sem á rætur á alþjóðasviðinu og bent er á tækifæri til aukinnar framsýni og skilvirkni í landbúnaðarstuðning, sem stuðlað geti að aukinni seiglu, framleiðni og sjálfbærni.

Bent er á að stjórnvöld geti bætt nýtingu opinberra útgjalda með markvissum leiðum til áhættustýringar og notað hvatakerfi, frekar en aðferðir sem hafa neikvæð áhrif á eða skekkja framleiðslu, verðlag og viðskipti.

Þörf á langtímasýn og fjárfestingu

Stuðningur aðildarríkja jókst um nær 15% á milli áranna 2023 og 2025. Með aukningunni er snúið við langvinnum samdrætti í fjármagni til landbúnaðarins miðað við framleiðni. Aukning í fjárframlögum ríkja kemur á sama tíma og alþjóðleg áföll ríða yfir og valda efnahagslegum áhrifum. Í skýrslunni segir aukna þörf á fyrirsjáanleika og langtímasýn, en stjórnvöld bregðist oftar við og grípi til skammtímaaðgerða til að bregðast við einu áfallinu á fætur öðru.

Fjárfesting í nýsköpun og viðnámsþrótti í landbúnaði heldur ekki í við þarfir greinarinnar og hægt hefur á framleiðni. Fjárfestingar í þekkingu og nýsköpun á sviði landbúnaðar eru nú um 0,5% af verðmæti geirans, sem er um það bil helmingur af því sem þær mældust á árunum 2000-2002.

/eks



Hlutverk sjóðsins er að stuðla að varðveislu og viðhaldi friðlýstra og friðaðra húsa og mannvirkja, sbr. reglur um úthlutun úr húsafriðunarsjóði nr. 577/2016. Veittir verða styrkir úr sjóðnum til:

- viðhalds og endurbóta á friðlýstum og friðuðum húsum og mannvirkjum, ásamt öðrum húsum og mannvirkjum, sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi. **Sérstök áhersla er lögð á viðhald og endurgerð aldursfriðaðra og friðlýstra kirkjubygginga.**
- byggingarsögulegra rannsókna, þar með talið skráningu húsa og mannvirkja, og miðlun upplýsinga um íslenskan byggingararf.
- sveitarfélaga til að vinna tillögur að verndarsvæði í byggð, í samræmi við ákvæði laga nr. 87/2015 og reglugerðar nr. 575/2016.

Minjastofnun Íslands hefur eftirlit með að styrkt verkefni séu viðunandi af hendi leyst, og í samræmi við innsend umsóknargögn.

Umsóknareyðublaðið er fyllt út rafrænt og má finna á vef Minjastofnunar Íslands www.minjastofnun.is, - Sjóðir & nefndir - Umsóknir í húsafriðunarsjóð. Þar er einnig að finna leiðbeiningar við gerð umsókna. Fyrirspurnir sendist á netfangið: husafridunarsjodur@minjastofnun.is, eða hringið í síma 570-1307.

Umsóknarfrestur er til miðnættis þriðjudaginn 1. desember 2026.

Suðurgötu 39, 101 Reykjavík
Sími: 5701300
www.minjastofnun.is
Minjastofnun Íslands

Matvælasjóður:

Styrkur til nýtingar þurrkaðrar fiskeldismykju sem áburðar

Verkefnið *Þurrkuð fiskeldismykja sem áburður* hefur hlotið 15 milljóna króna styrk úr Matvælasjóði. Að verkefninu standa Laxey, Samherji Fiskeldi, First Water, Matís, Land og skógur og Bændasamtök Íslands. Markmið verkefnisins er að rannsaka afurð sem verður til við þurrkun fiskeldismykju og kanna möguleika hennar til nýtingar sem áburðar.

Verkefnið snýst um afurð sem framleidd er með Eddy þurrkara, nýrri íslenskri þurrkunartækni sem fyrirtækið Héðinn hefur þróað. Pilotútgáfa þurrkarans hefur verið sett upp hjá landeldisfyrirtækinu Laxey í Vestmannaeyjum og þar er unnið að prófunum á tækninni og framleiðslu þurrkaðrar fiskeldismykju. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Bændasamtökum Íslands.

Eddy þurrkarinn notar spanhitun sem gerir kleift að ná meira en 98% orkunýtni og stýra hitastigi hvers disks og svæðis af nákvæmni. Með því að sleppa hefðbundnu gufukerfi einfaldast rekstur og viðhald og unnt er að stýra þurrkunarferlinu af mikilli nákvæmni. Tæknin þarf jafnframt minna gólfpláss en hefðbundnar lausnir og er hönnuð til að stuðla að jöfnum afurðagæðum og skilvirkri orkunýtingu, segir í tilkynningunni.


Þurrkuð fiskeldismykja hjá Laxey fiskeldi í Vestmannaeyjum.
Mynd / Ástvaldur Lárusson

Samstarf við bændur í Landeyjum

Verkefnið mun rannsaka eiginleika afurðarinnar, greina breytileika hráefnis og skoða hvernig afurðin getur nýst í landbúnaði. Hluti verkefnisins felur í sér samstarf við bændur í Landeyjum, þar sem kannað verður hvort unnt sé að dreifa afurðinni með þeim tækjabúnaði sem þegar er til staðar á bæjum. Ef hægt verður að nýta afurðina án fjárfestingar í sérhæfðum dreifingarbúnaði gæti það auðveldað nýtingu hennar verulega.

Samkvæmt framleiðsluspám fjögurra stærstu landeldisfyrirtækjanna er áætlað að um 6.290 tonn af fiskeldismykju falli til árið 2026, miðað við 30% þurrefni. Ef núverandi áætlanir um uppbyggingu landeldis ganga eftir gæti magnið aukist í um 70.000 tonn árið 2031. Því er mikilvægt að þróa lausnir og afla þekkingar sem getur stutt við uppbyggingu framtíðarfarvega fyrir þennan vaxandi hliðarstraum.

Þróun regluverks mikilvæg

Í tilkynningunni er lögð áhersla á að regluverk um nýtingu fiskeldismykju til áburðarframleiðslu þróist í takti við nýja nýtingarmöguleika. „Drög að nýrri áburðarreglugerð, sem nýlega voru lögð fram til umsagnar, fela í sér afar jákvæð skref varðandi nýtingu lífrænna hliðarstrauma. Núgildandi regluverk heimilar aðeins takmarkaða nýtingu fiskeldismykju og því er mikilvægt að unnið verði hratt úr þeim umsögnum sem bárust og að ný reglugerð taki gildi sem fyrst.

Skýr og nútímaleg umgjörð er mikilvæg til að styðja við þá nýsköpun, þekkingaruppbyggingu og tækniþróun sem þegar á sér stað.“

„Þróun farvega fyrir fiskeldismykju er ein stærsta áskorunin sem landeldisfyrirtækin standa frammi fyrir í dag. Fyrirtækin hafa þegar unnið mikla vinnu og fjárfest í rannsóknum, þróunarverkefnum og nýrri tækni samhliða vexti greinarinnar. Ég hef tekið þátt í alþjóðlegu samstarfi þar sem þessi málefni eru rædd og þar finn ég skýrt fyrir áhuga á þeirri vinnu sem nú fer fram á Íslandi. Verkefnið er gott dæmi um það frumkvæði og samstarf sem nú á sér stað hér á landi og mun skila mikilvægri þekkingu sem styður við þróun framtíðarfarvega fyrir fiskeldismykju,“ segir Gyða Pétursdóttir, verkefnastjóri hjá Bændasamtökum Íslands.

Niðurstöður verkefnisins munu nýtast atvinnugreininni, rannsóknaaðilum og stjórnvöldum við áframhaldandi þróun lausna fyrir fiskeldismykju og aukna nýtingu innlendra hliðarstrauma. */ph*

Fjölmargir arnarungar komnir á legg

58 arnarungar komust á legg í sumar. Varp fannst auk þess á þremur áður óþekktum stöðum og í einu hreiðri fundust stórir og hraustlegir þríburar sem þykir nokkuð sérstakt. Arnarvarpið í ár er talið í meðallagi samkvæmt upplýsingum á vef Náttúrufræðistofnunar.

Árlega eru um 100 óðöl heimsótt til að fylgjast með varpi og talið er að 78 þeirra hafi verið setin í ár. Af 61 pari kom 41 þeirra upp 58 ungum. Þessi fjöldi unga þykir með betra móti þó þetta merki einnig að fjöldi para sem varpið misfórst hjá hafi verið nokkur, eða um 20 pör. Aðeins var orpið á 61 af þeim 78 óðulum sem talin voru setin en fjöldi para sem urpu var svipaður og í fyrra. Einhver pör eiga óðal á hálendinu en flest, eða 90 óðöl, eru í ábúð á vestanverðu landinu frá Faxaflóa upp að Húnaflóa.

Arnarungar eru merktir til þess að fylgjast með stofninum. Í sumar náðist aðeins að merkja 52 unga í 37 hreiðrum. Bæði er það vegna þess að aðgengi var erfitt og vegna óhagstæðs tíðarfars sem leiddi til þess að merkingar drógust fram í ágúst en þá voru ungarnir orðnir fleygir þegar komið var að hreiðrinu. Ungarnir voru orðnir svo stórir og háfleygir að aðeins tókst að setja leiðarrita á tvo unga í sumar.

Leiðariti er sendir sem notaður er til að fylgjast með og skrá ferðir dýra. Á vef Náttúrufræðistofnunar kemur fram að gera megi ráð fyrir því að ernirnir beri leiðarritana alla ævi sé þeim komið fyrir. „Með tímanum verður því hægt að kortleggja ferðir þeirra og sjá hvaða leiðir þeir velja, hvar þeir dvelja og hve lengi þeir halda til á hverjum stað. Gögnin munu nýtast við mat á þýðingu einstakra svæða fyrir erni og við ákvarðanir um hvar beri að forðast framkvæmdir, til dæmis að reisa vindmyllur, enda eru þær örnum skeinuhættari en flestum öðrum fuglum.“ Örninn, sem háfleygur yfir fjöllin svífur, er mikið til umræðu í kringum vindorkuver þar sem þekkt er erlendis að stórir fuglar, líkt og hafernir, fljúgi í vindmyllur og farist.


Mynd / Wikipedia, LG Nyqvist

Frá árinu 2019 upp til 2025 hefur 80 sendum verið komið fyrir á arnarungum. Af þeim eru 29 enn á lífi með virkan leiðarrita og að öllum líkindum við góða heilsu. Í dag er því 31 fugl á lífi með virkan leiðarrita. Á sama tíma í fyrra voru þeir 44 talsins en við lokun 3G farsímakerfisins fyrr á þessu ári var slökkt á átta sendum sem notuðu það kerfi. Haförninn er friðaður fugl og á válista yfir tegundir í hættu. */kró*



NÁKVÆMNI OG GÓÐ AFKÖST
Á HVERJUM HEKTARA
TIL AFHENDINGAR Í MAÍ 2027

Framsláttuvélar	Verð án VSK	Verð með VSK
SILVERCUT DISC R 340 F	2.900,000 kr.	3.596,000 kr.
SILVERCUT DISC R 340 F með knosara / stálfingrum	3.550,000 kr.	4.402,000 kr.
Sláttuvélar		
SILVERCUT DISC R 340 S	2.580,000 kr.	3.199,200 kr.
SILVERCUT DISC R 380 S	2.800,000 kr.	3.472,000 kr.
SILVERCUT DISC R 340 S með knosara / stálfingrum	3.650,000 kr.	4.526,000 kr.
SILVERCUT DISC R 900 C fiðrildi án framvélar	6.450,000 kr.	7.998,000 kr.
SILVERCUT DISC R 900 C fiðrildi án framvélar með knosara / stálfingur	7.950,000 kr.	9.858,000 kr.
Tætur		
SPIDER HD 900|8 T à vagni	4.800,000 kr.	5.952,000 kr.
SPIDER HD 1100|10 T à vagni	5.800,000 kr.	7.192,000 kr.
SPIDER HD 1300|12 T à vagni	6.800,000 kr.	8.432,000 kr.
Rakstrarvélar		
STAR R 400|11 múgavél	1.600,000 kr.	1.984,000 kr.
STAR R 770|24 TC múgavél	5.080,000 kr.	6.299,199 kr.
STAR R 870|26 TC múgavél	5.600,000 kr.	6.944,000 kr.

Verð miðast við EUR 138.

LCI ehf. - Þú finnur okkur á

Krókháls 5F, 110 Reykjavík | 464-8600
Óðinsnes 2, 600 Akureyri | 414 0000

www.lci.is

Hafið samband við sölumenn okkar:

Jón Stefán s. 822-8616
Jóhannes s. 822-8636

Loka pöntunardagur er 11. Desember 2026



Líflegar og málefnalegar umræður voru á íbúaþingi Tálknafjarðar á dögunum. Mynd / Kristján Þ. Halldórsson

Byggðastofnun:

Töfrar Tálknafjarðar

Nýtt byggðaþróunarverkefni undir heitinu Töfrar Tálknafjarðar hófst formlega með íbúaþingi dagana 30. og 31. október síðastliðinn.

Yfir fjórðungur íbúa Tálknafjarðar tók virkan þátt í líflegum og málefnalegum umræðum á þinginu en lögð voru til alls 26 málefni sem var forgangsraðað eftir mikilvægi. Það má segja að nú séu spennandi tímar fram undan í samstarfi við íbúa og aðra hagaðila.

Ef litið er aðeins yfir umræður þingsins kom í ljós að samgöngumál rötuðu efst á lista sem einstakur málaflokkur, en í heildina fengu atvinnu-mál mest vægi. Íbúar horfa þar til tækifæra í sjávarútvegi, landbúnaði og ferðaþjónustu auk þess sem lögð er áhersla á óstaðbundin störf, ímynd og markaðssetningu. Einnig telja íbúar að húsnæðismál, skólamál, menning, afþreying og útivistaraðstaða skipti sköpum fyrir eflingu samfélagsins. Þá var bent á mikilvægi þess að standa vörð um fjölskylduvænt samfélag og fjölskylduvæna vinnustaði, bæta heilbrigðisþjónustu og efla félagsstarf eldri borgara. Auk þess var mikill áhugi á náttúruvernd og bættri ásýnd og umgengni í byggðarlaginu.

Á þinginu voru einnig kynnt skilaboð frá nemendum Tálknafjarðarskóla sem rímuðu vel við áherslur hinna fullorðnu þegar kom að skólamálum, húsnæði, afþreyingu og samgöngum. Börnin lögðu áherslu á kosti þess að búa í litlu og samheldnu samfélagi í nálægð við náttúruna þar sem allir þekkjast og auðvelt er að fá aðstoð við námið. Þau eiga sér einnig ýmsa drauma um framtíðina, svo sem um byggingu tréhúss, íþróttabrautar í skólanum og einnig aukið framboð list- og verkgreina.

Sigurborg Kr. Hannesdóttir hjá ILDI stýrði þinginu og vinnur nú að samantekt á niðurstöðum þess. Verkefnið er það sautjánda í röðinni í verkefnum Brothættra byggða á vegum Byggðastofnunar. Að því standa Byggðastofnun, Vestfjarðastofa og Vesturbyggð ásamt íbúum, en verkefnisstjóri er Bergdís Þrastardóttir, starfsmaður Vestfjarðastofu.

Næsta skref er að verkefnisstjórn og verkefnisstjóri útbúi drög að fimm ára verkefnisáætlun sem byggir á niðurstöðum þingsins. Drögin verða lögð fyrir íbúafund snemma árs 2027 og í kjölfarið verður opnað fyrir umsóknir í Frumkvæðissjóð Töfra Tálknafjarðar. Áætlunin verður endurskoðuð árlega í samráði við íbúa, en markmiðið er að nýta betur auðlindir staðarins í náttúru, sögu og mannauði til nýsköpunar og framfara. */sp*

Hörgársveit:

Íbúum fjölgað um 83 prósent á tíu árum

Íbúar Hörgársveitar eru orðnir fleiri en þúsund í fyrsta sinn. Sveitarfélagið telur nú 1.001 íbúa en fyrir tíu árum, árið 2016, voru þeir 547.

Íbúum hefur því fjölgað um 454 á einum áratug, eða um 83 prósent. Börn og ungmenni eru ríflega fjórðungur íbúanna; alls eru 246 íbúar undir 18 ára aldri, eða 24,6 prósent.

Hjónin Kristín Björk Gunnarsdóttir og Steingrímur Karlsson urðu íbúar númer 1.000 og 1.001. Hörgársveit afhenti þeim sérstakt viðurkenningarskjal af því tilefni.

Samhliða íbúafjölguninni hefur verið ráðist í uppbyggingu innviða í sveitarfélaginu. Meðal annars hafa leikskólinn Álfasteinn og Þelamerkurskóli verið stækkuð til að mæta auknum fjölda barna og fjölskyldna. */ph*



Útboðssíðan
Fréttir og fróðleikur
um opinber innkaup
www.utbodssidan.is

Helsta verkefnið að rækta félagsauðinn

– segir nýr formaður Skógræktarfélags Íslands

Sverrir Bollason var kjörinn nýr formaður Skógræktarfélags Íslands (SÍ) á dögunum. Hann segir verkefnið ærið að vinna að vexti og viðgangi skóganna á Íslandi og til þess þurfi að hafa allar klær úti.

Helsta verkefnið hans og SÍ sé þó að rækta félagsauðinn í skógræktarfélögunum um allt land, sem alls eru 60 talsins.

Ekki lítið verk að halda utan um 60 félög

„Það eru félögin og þeirra sjálfboðaliðar sem rækta sjálfan skóginn í flestum tilfellum. Það er okkar að búa til skjólið fyrir félagsstarfið og útvega það sem þarf svo þau geti sinnt sínu, sem er ekki lítið verk. Það eru vel á áttunda þúsund manns sem eru meðlimir í þessum félögum," segir Sverrir um helstu verkefnin sem verða á hans borði.

„Það er líka mikil saga, sum félaganna eru meira en aldargömul. En það er enn verið að stofna ný félög og endurvekja önnur. Fyrir fimm árum kom gríðarlega öflugt ungt fólk sem vildi láta til sín taka og þá var stofnað Skógræktarfélagið Ungviður. Bara núna í október var ég á endurvakningarfundi Skógræktarfélagsins í Kjós þar sem kom saman fólk sem vill láta til sín taka í skógræktarmálum sinnar sveitar," segir Sverrir enn fremur þegar hann er spurður um þróun í fjölda félaga á undanförnum árum.

Skógræktin hjálpar til við að klæða landið

„Við komum að mjög fjölbreyttum verkefnum og eigum í samstarfi við víðtækan hóp fólks og samtaka sem öll hafa áhuga á að klæða landið svo það verði ekki allt bert og sárt," heldur Sverrir áfram að útskýra eðli starfsemi SÍ.

„Það þarf að vernda moldina svo hún fjúki ekki burt og skógar hafa mjög mikilvægu hlutverki þar að gegna ásamt öðrum lausnum. SÍ og Bandalag íslenskra skáta eiga til dæmis í mjög öflugu samstarfi um skógrækt, landvernd og mótun útivistarsvæðis á Úlfljótsvatni."

Skógræktin vinnuþjarkur í kolefnisbindingu

Þegar hlutverk SÍ í loftslagsmálum, losunarbókhaldi Íslands, er borið undir Sverri, segir hann að þrátt fyrir margar góðar hugmyndir sem hafi komið fram um hvernig megi binda það kolefni sem við losum út í andrúmsloftið, sé skógræktin vinnuþjarkurinn í því tilliti sem vinnur og vinnur og hefur gert í meira en öld. „Sem dæmi þá bundust 7.750 tonn kolefnis á hverju ári í Heiðmörk fjórum árum áður en ég settist í stjórn Skógræktarfélags Reykjavíkur árið 2020 og það hefur fjórfaldast síðan, bindur núna 31.000 tonn á hverju einasta ári.



Sverrir Bollason er nýr formaður Skógræktarfélags Íslands. Mynd / smh

SÍ vinnur að kolefnisbindingu í samvinnu við Landvernd gegnum kolefnissjóðinn Kolvið sem er að rækta kolefnisskóga á níu svæðum. Það eru gríðarlega spennandi hlutir að gerast þar.

Við eigum vitanlega líka í mjög góðri samvinnu við opinberar stofnanir og stjórnvöld. Skógræktarfélögin eru, gegnum SÍ, mikilvægur leikandi í að halda kolefnisbókhald Íslands. Öll gróðursetning, grisjun og fleira hefur áhrif á kolefnisbókhaldið. Þessum upplýsingum safnar SÍ og skilar til Lands og skógar. Ein elsta formfasta samvinnan fer fram á vettvangi Landgræðslusjóðs sem var stofnaður fyrir atbeina landsnefndar lýðveldiskosninganna 1944. Sjóðurinn úthlutar árlega til gróðursetningar og er án efa hagkvæmasta leiðin til skógræktar og að setja meiri bindingu í kolefnisbókhald landsins. Almennt er það þannig að SÍ tekur að sér alla hagsmunagæslu á landsvísu gagnvart ríkinu og einstaka skógræktarfélög verja sína hagsmuni í heimasveit."

Útivist í skógum mesta byltingin

„Útivistarmöguleikar í skógunum og ásókn fólks í þá er það sem ég myndi segja að væri mesta byltingin að mínu mati hvað varðar skógræktarstarfið. Hugtakið var ekki til eða hafði í það minnsta ekki nándar nærri sömu merkingu þegar fyrstu skógarnir tóku að vaxa. En á 21. öldinni hefur almennur útivistaráhugi sprungið út með nýjum hætti. Ég held að þar eigi skógarnir í kringum þéttbýlisstaðina verulegan hlut að máli," segir Sverrir þegar hann er beðinn um að útskýra mikilvægi skóganna sem útivistarsvæða á seinni tímum fyrir almenning.

Hann segir að skógunum fylgi lognið, þar verði líka til ýmiss konar áhugaverð rými sem fólk sækir í. „Fólk sækir mjög í göngu, hlaup, hjólreiðar og útreiðar í skógum. Meira að segja að vetri kemur nýtt tímabil útivistar á gönguskíðum. Fólk nýtur kyrrðarinnar og þess að gróðurinn brjóti upp sjónlínur svo það upplifir meira næði. Minn uppáhaldsskógarhringur er, fyrir utan Elliðaárdalinn, uppi í Heiðmörk þar sem ég get skokkað stuttan eða langan hring og upplifað allan þann fjölbreytta gróður og fuglalíf sem er í skóginum. Stígarnir eru mjúkir undir fót og landslagið er stöðugt að breytast. En það er ekki bara verið að þjálfa þolið og vöðvana. Skógarböð hafa notið mikilla vinsælda og þar getur fólk hreinsað hugann í kyrrð skógarins og leyft ónæmiskerfinu að þjálfa sig. Dvöl í skógi eykur víst virkni varnarkerfis líkamans auk þess sem rósemdin styrkir ýmsa þætti sem tengjast geðheilsu fólks. Félagsheilsu má líka finna í skógunum gegnum þátttöku í starfi skógræktarfélaganna.

Svo verður að segjast eins og er að sókn fólks í ávexti skógarins, sveppina, er ein mesta menningarbreyting síðustu ára. Það er til marks um að við höfum aðgengi að nýju landslagi og það er gjarnan nýtt fólk á landinu sem er að kenna okkur hvernig á að nota skógana. Ég held að við eigum jafnvel inni allmörg tækifæri til að læra fleira um hvernig á að nota skóg og ég vil gjarnan flýta fyrir því með auknu vægi menningarlífs í skógum landsins."

Opinn skógur uppfærður

Verkefnið Opinn skógur hefur um árabil verið rekið undir SÍ, en um samstarfsverkefni skógræktarfélaga og styrktaraðila er að ræða þar sem markmiðið er að opna skógræktarsvæði við alfaraleiðir, sem eru í umsjón skógræktarfélaga. Áhersla er lögð á að bæta aðgengi og miðla upplýsingum og fræðslu um lífríki, náttúru og sögu, svo almenningur geti nýtt sér skógana til áningar, útivistar og heilsubótar.

„Ég vil að SÍ taki mjög ákveðin skref í að auka við útivistarmöguleikana í skógum og bæta við aðstöðuna svo enn fleiri geti nýtt sér skóginn. Það er kominn tími til að uppfæra stýrikerfið í þessu verkefni og samræma það betur nútímanum," segir Sverrir um sína framtíðarsýn fyrir verkefnið.

„Opinn skógur á að verða kerfi og leiðarvísir fyrir skógræktarfélög um allt land til að gera skógana aðgengilega, skilgreina og miðla hvaða útivistarmöguleikar eru í skóginum, draga fram sérkennin á hverjum stað en gera viðmótið kunnuglegt.

Þetta er metnaðarfullt verkefni sem ég hef trú á að geti aukið enn á notagildi skóganna og lagt mjög mikið til bættrar heilsu almennings. Ég sé það þannig fyrir mér að skógræktarfélög sæki um að gera sína skóga opna og þurfi þá að uppfylla ákveðin lágmarksskilyrði fyrir því. Þau fái þá aðstoð við að skilgreina næstu verkefni til að svo megi verða. Þeir skógar sem þegar uppfylla lágmarksskilyrðin geta svo haldið áfram með því að breikka framboðið af útivistarmöguleikum, lengja leiðir eða fjölga og fá aðstoð við að draga fram sérkenni og eiginleika á hverjum stað. Undirbúningur þessa verkefnis hefur verið í mótun og nú finnst mér kominn tími á að taka næsta skref sem mun krefjast samstarfs- og kostunaraðila," segir Sverrir að lokum. */smh*

Vinnustaðaklasar:

27 milljónir til verkefna á landsbyggðinni

Innviðaráðuneytið úthlutaði 27 milljónum króna til 14 verkefna sem snúa að því að styðja við uppbyggingu vinnustaðaklasa á landsbyggðinni nú í nóvember. Þetta er í annað sinn sem styrkir eru veittir sérstaklega til vinnustaðaklasa á landsbyggðinni en í mars síðastliðnum úthlutaði innviðaráðherra fimmtíu milljónum til 26 vinnustaðaklasa. Alls bárust 19 umsóknir í ár.

Styrkþegar voru aðilar á Stöðvarfirði, Vopnafirði, Grindavík, Hólmavík, Hofsósi, Bolungarvík, Ísafirði, Hellissandi, Selfossi, Ásbrú og Akranesi. Skilgreiningin á vinnustaðaklasa er skipulagt og samnýtt vinnurými þar sem fjölbreytt vinnuaðstaða stendur til boða fyrir fleiri en einn vinnustað eða starfsstöðvar vinnustaða. Þeir sem reka vinnustaðaklasa utan höfuðborgarsvæðisins voru styrkhæfir.

Engin umsókn barst í flokknum „Framlag vegna nýrra plássa gegn langtímaskuldbindingu" og ein umsókn barst í flokkinn „Einskiptisframlag vegna nýrrar starfsemi á vinnusóknarsvæðum sem telja fleiri en 10.000 manns" en hún var ekki samþykkt. Hæsti styrkurinn nam 4 milljónum króna og sá lægsti 624.000 krónum

Styrkirnir eru veittir á grundvelli byggðaáætlunar, aðgerðar B.07. Óstaðbundin störf, en markmið áætluninnar er að búsetufrelsi verði eflt með fjölgun atvinnutækifæra og auknum fjölbreytileika starfa á landsbyggðinni. Styrkirnir skiptast í flokka eftir svæðum, íbúafjölda og eftir því hversu rótgróin starfsemin er. Í þetta sinn voru minni staðir þar sem atvinnulíf er einhæft, svæði sem hafa orðið fyrir áföllum í atvinnulífi eða svæði á fámennum vinnusóknarsvæðum í forgangi. */kró*

EYLÍF Active **JOINTS**







Active **JOINTS** fyrir liði, bein og bandvef. Flýtir endurheimt.

Hrein íslensk gæðahráefni, framleitt á Grenivík

Active **JOINTS** frá Eylíf fæst í öllum apótekum, Hagkaup, Nettó, Krónunni, Fjarðarkaupum, Heilsuhúsinu og www.eylif.is

Vilhjálmur Svanberg átti bestu myndina af mýralífi

Vinningshafar í Myndasamkeppni Mýralífs árið 2026 voru Vilhjálmur Svanberg Arngrímsson og Hlynur Steinsson. Er þetta í fyrsta skipti sem keppnin er haldin en um er að ræða árlegan viðburð.

Þemað í ár var Líf í mýri og var áhugaljósmyndurum, sem og fagfólki, boðið að taka þátt í myndasamkeppni sem endurspeglaði einstakt lífríki votlendis á Íslandi sem gegnir lykilhlutverki í að varðveita líffræðilega fjölbreytni, binda kolefni og skapa búsvæði fyrir fjölmargar fugla- og dýrategundir. Mýralíf leitaði að myndum og myndböndum af fuglum, plöntum og landslagi – sem og dýrum og fólki í þessu mikilvæga og stórbrotna vistkerfi. Þetta kemur fram í fréttatilkynningu frá Fuglavernd.

Vilhjálmur Svanberg Arngrímsson þótti eiga bestu myndina en titill hennar er „Tilbúinn til flugs“. „Myndin sýnir jaðrakan að hefja sig til flugs í mýri, rétt við Tungurif í Patreksfirði. Viðfangsefnið á einstaklega vel við þar sem jaðrakan er einkennisfugl mýralífs og votlendis á Íslandi“, segir í fréttatilkynningunni.

Aukaverðlaun hlaut Hlynur Steinsson fyrir myndina „Fuglaþúfa“ sem tekin var við Fellsenda á Mosfellsheiði. „Myndin þótti fanga einstaklega vel þá stemningu sem fylgir mýri og votlendi. Myndin er grípandi og dáleiðandi í senn.“

Piia Tomingas hlaut einnig verðlaun fyrir myndband með titlinum „Tveir tjarnartígrar – starbyttur (Agrypnia picta)“ sem tekið var upp á Mýrum. „Myndbandið er af starbyttum, rándýrum mýrartjarnarinnar, í leit að næstu máltíð. Það sýnir glögglega að ekki er allt sem sýnist í votlendi og að finna megi þar fjölbreytt líf. Hægt er að skoða það á YouTube-rás Mýralífs.“


Vilhjálmur Svanberg Arngrímsson þótti eiga bestu myndina en titill hennar er „Tilbúinn til flugs“.


Aukaverðlaun hlaut Hlynur Steinsson fyrir myndina „Fuglaþúfa“ sem tekin var við Fellsenda á Mosfellsheiði.

Mýralíf (Peatland LIFEline) er umfangsmikið verkefni sem miðar að endurheimt votlendis og líffræðilegrar fjölbreytni á Íslandi. /þh




Mynd / Ástvaldur Lárusson

Heiðrún gjaldfrjáls:

Hvetur alla til að skrá geitur

Skráning í skýrsluhaldsforrit geitfjárræktarinnar, Heiðrúnu, er gjaldfrjáls. Hákon Bjarki Harðarson, formaður geitfjárbænda, hvetur alla bændur til að skrá geitur sínar til þess að hægt sé að skrásetja og vernda stofninn.

Skráning geita hefur verið gjaldfrjáls frá áramótum. „Planið hjá okkur er að skráning í Heiðrúnu verði áfram gjaldfrjáls en við þurfum að ná því í gegnum búvörusamninga. Á þessu ári var ákveðið að nota hluta af því sem heitir kynbótapeningar í búvörusamningunum í að greiða þetta niður fyrir geitabændur. Við næstu búvörusamninga væri draumurinn að koma því inn að þetta yrði áfram niðurgreitt,“ segir Hákon.

Hákon segir að hugsunin með því að gera skráninguna gjaldfrjálsa og aðgengilega sé fyrst og fremst til þess að fá alla til að skrá geiturnar sínar inn. „Við þurfum ætternislega séð að ná öllum gripum þangað inn til að geta komið í veg fyrir of mikinn skyldleika og til að halda utan um raunverulegan fjölda geita í landinu, við erum of oft að giska á fjöldann,“ Hákon segir að þeir sem eru með stærstu geitahópana séu allir skráðir en þeir sem eru með fáar séu ekki endilega að rata inn í Heiðrúnu.

Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins segir mikilvægt að ná sem flestum geitfjáreigendum inn í skýrsluhald þannig að sem stærst hlutfall af geitfjárstofninum sé skráð með ætternisupplýsingum í Heiðrúnu. Íslenski geitastofninn er enn í útrýmingarhættu og mikilvægt sé að huga að skyldleika í svona litlum stofni. Skráningar á svipfarseinkennum, svo sem lit, hornum og öðru, hjálpa til við að kortleggja breytileika í stofninum.

„Við viljum endilega að fólk skrái sínar geitur,“ segir Hákon, „við viljum fá yfirsýn yfir stofninn, bæði þar sem við erum með hafrasæðingastöð og þar sem við erum að fara af stað með arfgerðagreiningaverkefni út af riðu, það einfaldar allt utanumhald og rannsóknir ef allar geitur eru skráðar.“ Hákon segir að það skipti ekki máli hvort um eina eða tíu geitur sé að ræða, það sé best skrá allar geitur sem fyrst. /kró

Fjarskipti:

Bætt fjarskiptaöryggi á fimm stöðum

Eyjólfur Ármannsson innviðaráðherra undirritaði nýlega tvo samninga um uppbyggingu og styrkingu fjarskiptainnviða á fimm stöðum á landinu. Markmið samninganna er að bæta útbreiðslu farnets og auka öryggi fjarskipta. 37,1 milljón króna er varið til verkefnanna.

Fjarskiptaöryggi á þekktum ferðamannastöðum eykst við framkvæmdirnar. Þar á meðal við Látrabjarg og fossinn Glym í Hvalfirði þar sem takmarkað samband á gönguleiðinni hefur valdið erfiðleikum þegar slys hafa orðið.

Nýr sendastaður nærri Staðarhrauni

Annar tveggja samninga sem ráðherra undirritaði er við Borgarbyggð og hinn við Öryggisfjarskipti, félag í eigu ríkissjóðs og Neyðarlínunnar, um eflingu innviða á fjórum svæðum á Vestfjörðum, Vesturlandi og Austurlandi.

Í Borgarbyggð er áhersla á bætta farnetsþjónustu og möguleika á neyðarsímtölum, ekki síst ef hætta steðjar að og til rýmingar þarf að koma sunnan Ljósufjalla við Grjótárvatn og í Hítardal, þar sem farnetssamband er víða takmarkað.

Sveitarfélagið leiðir verkefnið sem felur í sér að reisa nýjan sendi nærri Staðarhrauni, uppbyggingu aðstöðu, mastur og tengingar við rafmagn og ljósleiðara.


Dynjandisheiði, Látrabjarg, Glymur og Mjóifjörður

Nýrri fjarskiptastöð verður komið upp á Dynjandisheiði og lagður verður ljósleiðari frá Breiðuvík að fjarskiptastöðinni á Urðarhjalla, sem þjóna mun svæðinu umhverfis Látrabjarg og stórum hafsvæðum vestan þess og á Breiðafirði. Ný fjarskiptaaðstaða verður byggð sem bætir farnetssamband í Hvalfjarðarbotni og gönguleiðinni að fossinum Glymi. Lagður verður viðbótarljósleiðari yfir um Brekkugjá sem mun auka öryggi við Mjóafjörð og Dalatanga. Þar sleit grjótskriða nýverið eina ljósleiðarann á svæðinu í sundur. Þar verða lagnaleiðir brátt tvær og aðskildar.

Öryggisfjarskipti annast framkvæmd þessara verkefna. Framlag ráðuneytisins til þess hluta eru 32,6 milljónir króna og 4,5 milljónir til Borgarbyggðar. Verklok eru áætluð vorið 2027.


/eks

Við fjármögnum landbúnaðartæki




Lykill
Fjármögnun





Heimild: Hagstofa Íslands, tekið er tillit til beinahlutfalls



Heimild: Hagstofa Íslands, tekið er tillit til beinahlutfalls

Er sama hvaðan kjötið kemur?

Harpa Ólafsdóttir
harpa@bondi.is



Í ljósi þess að innflutningur kjötafurða hefur aukist talsvert undanfarin ár getur verið áhugavert að rýna í hvaðan kjötið kemur, ekki síst í ljósi þess að notkun sýklalyfja í dýrum er mjög mismunandi eftir löndum.


Frá árinu 2017 til 2025 jókst innflutningur á öllum helstu kjötafurðum. Sem dæmi jókst innflutningur á alifuglakjöti fyrir þetta tímabil um 52%. Þá var flutt inn 35% meira svínakjöt frá 2017 til 2025 og aukningin nam 117% fyrir nautakjöt.

Ef við skoðum innflutning á nautakjöti eftir löndum þá má sjá að mest er flutt inn frá Þýskalandi, en flutt voru inn 922 tonn árið 2025 ef tekið er tillit til beinahlutfalls til að hafa tölur samanburðarhæfar við innlenda framleiðslu. Í öðru sæti var Holland með 811 tonn sem margfaldaði innflutning sinn milli ára. En Pólland hefur einnig verið að auka hlutdeild sína í innflutningi á nautakjöti þar sem flutt voru inn 259 tonn árið 2025 og frá Litáen voru flutt inn 209 tonn.

Það má einnig sjá ákveðna breytingu milli ára á innflutningi á svínakjöti eftir löndum. Danmörk og Þýskaland halda áfram að vera stærstu innflutningslöndin þar sem 904 tonn voru flutt inn af svínakjöti frá Danmörku árið 2025 og 853 tonn frá Þýskalandi. Hins vegar hefur innflutningur frá Litáen aukist verulega milli ára en flutt voru inn 579 tonn þaðan árið 2025. Þá voru flutt inn 348 tonn af svínakjöti frá Hollandi og 140 tonn frá Póllandi.

Sé horft til þróunar innflutnings á alifuglakjöti eftir löndum undanfarin ár, þá má sjá að innflutningur frá Þýskalandi hefur snarminnkað þar sem einungis voru flutt inn 134 tonn árið 2025 en 1.127 tonn árið 2017. Mest var flutt inn af alifuglakjöti frá Danmörku árið 2025, eða 1.198 tonn, en innflutningur á alifuglakjöti hefur einnig verið að aukast síðustu ár frá Litáen og Póllandi. Árið 2025 voru flutt inn 796 tonn frá Litáen og 719 tonn frá Póllandi.

Sala sýklalyfja til dýra sem notuð eru í matvælaframleiðslu hefur verið mjög lítil á Íslandi í evrópskum samanburði. European Medicines Agency (EMA) hefur um árabil tekið saman samræmd gögn fyrir Evrópulönd. Þó svo að þessi gögn sýni ekki beinan samanburð fyrir einstaka tegundir afurða, þá gefa þessar tölur ágæta vísbendingu um heildarnotkun sýklalyfja, þar sem miðað er við milligrömm af virku sýklalyfjaefni miðað við áætlaðan lífmassa búfjár. Á tímabilinu 2017–2022 var sala sýklalyfja til dýra á Íslandi á bilinu 3,5–4,8 mg/PCU sem var næstlægsta gildið meðal 31 Evrópulands, á eftir Noregi.



Heimild: Hagstofa Íslands, tekið er tillit til beinahlutfalls

Sala sýklalyfja til dýra, mg/PCU	2017	2018	2019	2020	2021	2022
Ísland	**4,4**	**4,8**	**3,5**	**3,8**	**3,6**	**4,4**
Noregur	3,0	2,9	2,3	2,3	2,5	2,1
Svíþjóð	11,3	12,1	11,1	11,1	10,9	10,6
Danmörk	38,9	37,8	37,1	37,2	33,4	34,1
Litháen	34,2	32,7	20,8	20,5	24,7	48,2
Lettland	33,2	35,9	41,1	30,8	28,7	20,8
Pólland	163,9	168,3	185,2	187,9	175,5	196,0
Holland	56,2	57,4	48,2	50,2	47,6	37,0
Þýskaland	89,1	88,4	78,6	83,8	73,2	69,9
31 Evrópuland, samanlagt	**106,6**	**103,2**	**84,0**	**88,8**	**84,4**	**73,9**

Heimild: European Medicines Agency

Pólland sker sig úr fyrir að vera með langhæstu gildin, eða yfir 40 sinnum meira magn af sýklalyfjum en mælingar sýna fyrir Ísland og í raun gildir það fyrir öll þau lönd sem við flytjum inn kjöt frá að það eru vísbendingar um að það sé margfalt meira magn af sýklalyfjum notað í innflutt kjöt heldur en það kjöt sem framleitt er hér á landi.

Ef neytendum er annt um gæði og heilbrigði þeirra kjötafurða sem þeir borða þá má út frá þessum vísbendingum segja að það geti vissulega skipt máli að kynna sér hvaðan kjötið kemur.

Þá þarf einnig að líta til þess fyrirvara Hagstofunnar að upprunaland getur mögulega verið óþekkt og þá miðast skráning við það land sem varan er flutt inn frá.

TRAUSTI
fasteignasala

Til leigu
Vandað og snyrtilegt hesthús skammt frá Selfossi!

Ertu að leita að góðri aðstöðu fyrir hrossin þín í nágrenni Selfoss?

Nú er í boði til leigu snyrtilegt og vel staðsett hesthús í aðeins um 10 mínútna akstursfjarlægð frá bænum.

Helstu upplýsingar:

- Stíur: 40 eins hesta stíur í góðu standi
- Rúmgóð kaffistofa og hnakkageymsla
- Gott aðgengi að gerðum og möguleiki á hagagöngu fyrir hrossin

NÁNARI UPPLÝSINGAR OG VERÐ
S. 867-3040 | kristjan@trausti.is

KÄRCHER



HREINAR VÉLAR ENDAST LENGUR

Háþrýstidæla
HD 5/13 EX classic
m/EcoBooster
og froðubrúsa



146.878 kr.

Háþrýstidæla
HD 5/17 CX plus



195.000 kr.

Háþrýstidæla
K5 Comfort premium



89.838 kr.

Háþrýstidæla
HD 9/20-4 SXA plus



450.000 kr.

Háþrýstidæla á vegg
HD 6/15 M



152.210 kr.

Sópur
KM 70/15 C Classic



74.524 kr.

Ryksuga
NT 27/1 Me Advanced



55.900 kr.

Ryksuga
NT 30/1 Tact Te M



164.238 kr.

SINDRI.IS

SINDRI

Óánægja bænda kostaði Repúblikana fylgi

Óánægja bandarískra bænda og búfjárræktenda með tollastefnu Donalds Trumps forseta, hækkandi áburðar- og eldsneytiskostnað og afleiðingar stríðsins við Íran virðist hafa átt þátt í miklu fylgistapi Repúblikanaflokksins í nýafstöðnum þingkosningum. Í ýmsum rótgrónum landbúnaðarhéruðum kusu kjósendur demókrata í auknum mæli eða sátu heima.

Umfjöllun The New York Times bendir til þess að breytt afstaða kjósenda í dreifbýli hafi átt þátt í góðu gengi Demókrataflokksins, meðal annars í Iowa, Kansas og Texas. Þar hafa afleiðingar efnahags- og viðskiptastefnu ríkisstjórnar Trumps komið hart niður á landbúnaði.

Lesly McNitt, varaforseti stefnumála hjá bandarískum samtökum maísræktenda, National Corn Growers Association, segir bændur hafa verið eins konar „kanarífugl í kolanámunni“. Þeir hafi fundið fyrr en margir aðrir fyrir afleiðingum ákvarðana stjórnvalda.

Þegar Kína svaraði tollastefnu Bandaríkjastjórnar með því að hætta kaupum á bandarískum sojabaunum misstu bændur tekjur sem þeir höfðu gert ráð fyrir. Stríðið við Íran leiddi síðan til hækkunar á áburðarverði, nokkru áður en eldsneytisverð tók að hækka verulega.



Mynd / Leo Visions, unsplash

Bændur kalla eftir stöðugleika

„Við viljum stöðugleika,“ segir Kyle Hemmert, búfjárræktandi og Repúblikani í vesturhluta Kansas. Að hans mati hefur Repúblikanaflokknum brugðist illa í þeim efnum. „Þess vegna biðu þeir svona mikinn ósigur.“

Bandarísk stjórnvöld greiddu fyrr á árinu 12 milljarða dala í neyðaraðstoð til bænda. Ýmis bændasamtök sögðu greiðslurnar þó aðeins bráðabirgðalausn sem tæki ekki á undirliggjandi vanda landbúnaðarins.

Ríkisstjórn Trumps lofaði auk þess bændum og búfjárræktendum samtals 15 milljörðum dala í stuðning, þar af átta milljörðum vegna hækkandi dísilverðs. Þau loforð, sem komu á síðustu vikum fyrir kosningar, dugðu þó ekki til að koma í veg fyrir fylgistap Repúblikana.

Breytingin varð sérstaklega áberandi í Kansas. Þar var Demókratinn Adam Hamilton kjörinn í öldungadeild Bandaríkjaþings, fyrstur Demókrata til þess í ríkinu síðan 1932.

Mesta fylgistap Repúblikana varð í Seward-, Ford- og Finney-sýslum í suðvesturhluta Kansas. Á svæðinu fer fram um fjórðungur allrar nautakjötsframleiðslu Bandaríkjanna, samkvæmt The New York Times.

Árið 2024 fékk Trump 66 prósent atkvæða í Finney-sýslu. Nú fékk Roger Marshall, öldungadeildarþingmaður Repúblikanaflokksins, sem sóttist eftir endurkjöri, aðeins 47 prósent.

Áburður, eldsneyti og vinnuafl

Atvinnulíf suðvesturhluta Kansas, allt frá mjólkurbúum og nautgripafóðrun til ræktunar, kjötvinnslu og vöruflutninga, byggist að verulegu leyti á því að kjötvinnslustöðvar geti starfað með fullum afköstum.

Alríkisyfirvöld gerðu umfangsmiklar aðgerðir gegn innflytjendum á svæðinu í september sem nautgripageirinn gagnrýndi harðlega.

„Við heyrum frá mörgum bændum í suðvesturhluta Kansas sem eru óánægðir,“ segir Martin Rosas, forseti staðardeildar verkalýðssamtakanna United Food and Commercial Workers. „Eldsneytisverðið, áburðarverðið og stríðið við Íran hafa aukið áhyggjur þeirra og flokkur Trumps samræmist ekki lengur þörfum þeirra.“

Bændasamtök studdu Demókrata

Í Iowa varð einnig veruleg sveifla í átt til Demókrata þótt Repúblikanar héldu velli víða í dreifbýli. Demókratar unnu ríkisstjóraembættið, öldungadeildarsæti og þrjú af fjórum sætum ríkisins í fulltrúadeild Bandaríkjaþings. Öll höfðu áður verið í höndum Repúblikana.

Iowa Farmers Union, sem að jafnaði styður ekki einstaka frambjóðendur í landskosningum, ákvað í sumar að gera það að þessu sinni. Aaron Lehman, forseti samtakanna, segir ákvörðunina hafa verið tekna eftir tveggja ára „mistök í stefnumótun“ hjá ríkisstjórn Trumps.

Samtökin höfðu vænst þess að þingmenn Iowa, sem allir voru Repúblikanar, létu í sér heyra gegn tollastefnunni, stríðinu við Íran og innflutningi á ódýru nautakjöti. Í september lýstu þau yfir stuðningi við frambjóðendur Demókrata.

„Við bjuggumst við mótspyrnu,“ segir Lehman. „En raunin varð þveröfug. Við heyrðum frá fólki sem sagði: „Ég er ánægður með að einhver skuli standa upp og segja þetta.““

„Þeir eru að ganga frá okkur“

Í Texas varð einnig mikið fylgistap hjá Repúblikönum. Sid Miller, fráfarandi landbúnaðarmálastjóri ríkisins og Repúblikani, sagði flokkinn hafa verið „gjöreyðilagðan“.

Að hans mati réð andstaða við uppbyggingu gagnavera miklu um úrslitin. Bændur og búfjárræktendur hafa lagst gegn þeim, meðal annars vegna staðsetningar gagnavera og raflína á og við landbúnaðarland.

Óánægjan náði einnig til landbúnaðarstefnunnar. Áform Trumps um aukinn innflutning nautakjöts höfðu þrýst niður verði til búfjárræktenda á sama tíma og þeir þurftu að greiða meira fyrir áburð og dísilolíu.

Miller lýsti afstöðu margra kjósenda þannig: „Ég er stuðningsmaður Trumps í einu og öllu en þeir eru að ganga frá okkur. Þess vegna kýs ég þá ekki eða mæti alls ekki á kjörstað.“

Demókratar þurfa að halda fylginu

Góður árangur Demókrata í landbúnaðarhéruðum tryggir þeim þó ekki varanlegt fylgi bænda. Eitt helsta verkefni nýs þingmeirihluta verður fimm ára landbúnaðarlöggjöfin, Farm Bill, sem þegar hefur verið samþykkt í fulltrúadeildinni en bíður afgreiðslu öldungadeildarinnar.

Þá þrýsta maísframleiðsluríki á um sölu eldsneytis með 15 prósenta etanólblöndu allt árið og samtök mjólkurframleiðenda kalla eftir breytingum á reglum um vegabréfsáritanir fyrir tímabundið erlent vinnuafl.

Kosningaúrslitin sýna að afkoma bænda og óvissa í landbúnaði geta haft veruleg pólitísk áhrif. Í nokkrum helstu landbúnaðarríkjum Bandaríkjanna reyndist hefðbundinn stuðningur dreifbýliskjósenda við Repúblikana að þessu sinni mun brothættari en áður.

/þh

Umhverfis- og loftslagsmál:

Þök og gluggar góðir virkjanakostir

Hvaða bygging sem er getur orðið að sólarorkuveri. Sérstök tækni gerir það kleift að sólarsellur eru samofnar byggingunum og geta verið á þökum, hliðum og jafnvel gluggum á nýjum byggingum og þar sem endurnýjun fer fram á gömlum.

Í nýrri skýrslu World Economic Forum er tæknin talin í hópi tíu mest lofandi tæknilausna á sviði orkumála. Víðtæk notkun hennar gæti umbreytt manngerðu umhverfi í umfangsmikla uppsprettu grænnar orku.

Eru hluti af byggingunum

Copenhagen International School er sérlega litríkur. Hann er íklæddur 12.000 bláleitum sólarsellum, sem halla eilítið mismunandi, til að fanga sem best sólarljós úr ólíkum áttum. Þegar birta umhverfisins breytist, umbreytast litir byggingarinnar. Flekarnir, sem eru eiginlegur hluti byggingarinnar, framleiða um helming þess rafmagns sem er notað í henni. Byggingin er hönnuð af C.F. Möller Architects.

Aðferðin, building-integrated photovoltaics, gengur út á að breyta sólarljósi beint í rafmagn og er samofin byggingunum, frekar en flekar sem settir eru á ytra byrði eftir á. Hún er talin geta aukið hreina raforkunotkun í borgum umtalsvert og þykir meðal mest lofandi tæknilausna þegar kemur að sjálfbærni í orkumálum.

Framleiðir rafmagn umfram þörf

Tæknin er þegar að ryðja sér til rúms í Evrópu og nýtir að mestu leyti ónýtta orkuuppsprettu. Samanlagt mætti framleiða 27 petawattsundir af rafmagni á hverju ári á byggingum, fjórfalt magn þess sem notað er á öllum heimilum jarðarinnar.

Alls 1.400 hálf-gagnsæjar sólarsellur eru nú greyptar í kúpt og einkennandi glerþak lestarstöðvarinnar á King´s Cross í London og uppfylla nú 10% af raforkuþörf stöðvarinnar og spara með því 100 tonn koltvísýrings árlega, án þess að einstökum arkitektúr byggingarinnar sé raskað.

Fleiri dæmi eru nefnd í skýrslunni. Powerhouse Brattörkaia í Þrándheimi er nyrsta bygging heims sem er orku-jákvæð, framleiðir sum sé meiri raforku en hún notar. Umframorkan er nýtt í byggingum og rafbílum í nærumhverfinu. Byggingin er hönnuð af Snöhetta. */eks*

Þinn árangur
Arion

Allt fyrir fjármálastjórann

Þú ert á góðum stað

Arion Premía



Steinþór Pálsson, forstjóri Thor Salmon, stendur hér í seiðaeldisstöð sem tekin var í notkun um mitt síðasta ár. Núna standa yfir framkvæmdir á kerjum fyrir fulleldi á laxi, en fyrsti áfangi af fjórum verður klár um mitt næsta ár. Myndir / ál

> Við gerum ráð fyrir að hefja slátrun á fullvöxnum laxi um áramótin 2027, 2028...

Verðmæti laxeldis gæti nálgast þorskveiðar

Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is



Fyrirtækið Thor Salmon er komið vel á veg í uppbyggingu landeldisstöðvar í Þorlákshöfn. Samkvæmt áætlunum stefnir Thor Salmon á 40 þúsund tonna framleiðslu á laxi á ári. Fyrstu hrognin voru tekin í eldi hjá Thor Salmon árið 2025 og verða fyrstu kerin fyrir áframeldi klár í kringum áramót.

„Árangur í landeldi byggist fyrst og fremst á því að skapa fiskinum kjöraðstæður til að vaxa og dafna," segir Steinþór Pálsson, forstjóri Thor Salmon, í samtali. „Þetta er vandasöm starfsemi sem krefst mikilla fjárfestinga, reynslumikils starfsfólks, agaðra verkferla og ábyrgðar í fjármálum. Jafnframt þurfum við að vera til fyrirmyndar í öllu sem snýr að sjálfbærni og vera traustur og ábyrgur birgir gagnvart viðskiptavinum okkar.

Ef áform laxeldisfyrirtækjanna ganga eftir gæti laxeldi skapað á næsta áratug verðmæti sem nálgast það sem þorskveiðar skila í dag. Landeldi er ung atvinnugrein og uppbyggingin mun óhjákvæmilega fela í sér áskoranir. Þess vegna er mikilvægt að leikreglur og lagaumhverfi styðji við þróun greinarinnar, án þess að við séum að biðja um neinn afslátt af eðlilegum kröfum," segir Steinþór.

Samkvæmt tölum Hagstofunnar var heildarframleiðsla á óslægðum laxi í eldi á Íslandi árið 2025 tæp 59 þúsund tonn. Stærsti hluti framleiðslunnar á því ári kom frá sjókvíaeldi þar sem landeldisstöðvarnar sem núna eru í uppbyggingu höfðu enn sem komið er litla hlutdeild í heildarmagni. Gangi áform landeldisfyrirtækja eftir verða þau með heildarframleiðslu á slægðum laxi upp á rúmlega 160 þúsund tonn þegar líður á næsta áratug sem bætist við þá framleiðslu sem þegar er í sjóeldi. Eins má gera ráð fyrir aukningu í fiskeldi í sjó á sama tíma.

Til samanburðar má nefna að á undanförnum tíu árum hefur heildarmagn landaðs þorsks verið á bilinu 217 til 277 þúsund tonn. Hafa ber í huga skekkju í þessum samanburði þar sem í tölum Hagstofunnar er talað um óslægðan fisk, en í áætlunum landeldisfyrirtækjanna er talað um slægðan lax. Fullvaxinn sex kílóa lax er um fimm kíló eftir að búið er að fjarlægja innyflin með slægingu.

Vilja læra af hverjum áfanga

„Við hjá Thor Salmon fórum seinna af stað en hin landeldisfyrirtækin og erum því komin skemur í uppbyggingunni en Samherji, First Water og Laxey. Því hefur minna borið á okkur til þessa," segir Steinþór. „Þessi fyrirtæki hafa verið ákveðnir ísbrjótar og við höfum notið góðs af þeirri reynslu sem þau hafa aflað sér.

Stofnendur Thor Salmon eru bræðurnir Jónatan Þórðarson og Þórður Þórðarson sem hafa áratuga reynslu af fiskeldi. Fljótlega kom ÍS Haf fjárfestingasjóður inn í verkefnið, en það er sjóður sem leggur áherslu á haftengd verkefni. Sjóðurinn er í stýringu Íslandssjóða og á bak við ÍS Haf eru aðilar eins og Útgerðarfélag Reykjavíkur og lífeyrissjóðir.

Í upphafi tók fyrirtækið 25 hektara lóð á leigu og fékk leyfi fyrir árlegri framleiðslu á 20 þúsund tonnum af laxi," segir Steinþór. „Á þessum reit var laxeldisstöð sem lokaði fyrir um 40 árum síðan. Stofnendur Thor Salmon þekktu til staðarins og vissu af þeim möguleikum sem voru fyrir hendi. Við höfum nú stækkað lóðina í 66 hektara og erum að sækja um leyfi fyrir 40 þúsund tonna ársframleiðslu.

Fyrsta skóflustungan að seiðastöðinni var tekin árið 2024, hún tekin í notkun um mitt ár 2025 og framkvæmdum lauk um síðustu áramót. Á þessu ári höfum við afhent 1,5 milljón seiða, en afkastageta stöðvarinnar er um fjórar milljónir seiða á ári sem dugar fyrir 20.000 tonna áframeldi. Okkur tókst að byggja stöðina á skömmum tíma og á hagstæðu verði. Reksturinn hefur gengið vel og við höfum fengið mikilvæga reynslu sem nýtist okkur í áframhaldandi uppbyggingu."

Tankar fyrir stórseiði klárir um áramót

Núna stendur yfir uppbygging á fyrsta áfanganum á aðstöðu fyrir áframeldi. Hver áfangi getur afkastað 5.000 tonna ársframleiðslu og verður sá fyrsti tilbúinn um mitt næsta ár. Fyrstu tankarnir verða tilbúnir í kringum áramótin, en þeir eru ætlaðir fyrir stórseiði. Þaðan verður fiskurinn færður í stærri tanka sem verða klárir með vorinu.

Úr fjármálum í fiskeldi

Steinþór er með bakgrunn úr fjármálageiranum, en hann vann lengi hjá Íslandsbanka og forvera hans. Upp úr aldamótum færði hann sig til Actavis. Þá var hann bankastjóri Landsbankans frá 2010 til 2016. Eftir það var hann hjá KPMG, í verkefnum hjá fjármálaráðuneytinu og sem sjálfstæður ráðgjafi í stefnumótun fyrirtækja.

„Ég var eiginlega hættur að vinna þegar haft var samband við mig og spurt hvort ég hefði áhuga á að taka að mér starf forstjóra Thor Salmon. Mér fannst verkefnið spennandi og ákvað því að taka eitt gigg enn," segir Steinþór og hlær.





Á 66 hektara lóð Thor Salmon eru fyrstu kerin langt komin í uppbyggingu. Fyrirtækið er komið með leyfi fyrir 20.000 tonna framleiðslu á laxi á ári, en vinnur núna að því að stækka það leyfi upp í 40.000 tonn.

„Við gerum ráð fyrir að hefja slátrun á fullvöxnum laxi um áramótin 2027, 2028. Samkvæmt áætlunum stefnum við á að ná 20 þúsund tonna framleiðslugetu á næstu fjórum til fimm árum," segir Steinþór. „Með því að byggja stöðina upp í 5.000 tonna áföngum getum við lært af hverjum áfanga og nýtt þá reynslu við þróun þess næsta. Jafnframt dreifist fjárfestingin yfir lengra tímabil og áhætta í uppbyggingunni minnkar."

Fyrsti áfanginn sé að fullu fjármagnaður en áður en ráðist verði í þann næsta verði að tryggja nýtt fjármagn til framkvæmda. Með vaxandi ársframleiðslu fari starfsemin fljótt að skila fjárhagslegum ávinningi og gert er ráð fyrir að fyrirtækið skili hagnaði innan fárra ára. „Horfur fyrir laxeldi eru góðar, en við erum að framleiða hágæða prótein og á heimsvísu er gert ráð fyrir að eftirspurn vaxi hraðar en framboð á næstu árum.

Í dag gengur viðskiptamódelið út á að selja öðrum eldisfyrirtækjum seiði samhliða því að framleiða fyrir eigin starfsemi. Þeir sem kaupa af okkur eru fyrirtæki bæði í landeldi og sjókvíaeldi, eins og Kaldvík, Háafell og First Water. Við höfum einnig ræktað seiði fyrir Hábrún og ÍS47 sem eru með regnbogasilung á Vestfjörðum.

Eftir því sem okkar eigin starfsemi í áframeldi vex mun hins vegar draga úr sölu seiða til annarra fyrirtækja. Þegar starfsemin verður komin í fullan gang verður aðalsöluvaran okkar slægður lax með haus, eða svokallaður „Head on Gutted", líkt og tíðkast hjá öðrum íslenskum laxeldisfyrirtækjum."

Ísland heppileg staðsetning

„Ísland hefur sérstöðu þegar kemur að landeldi. Þar má nefna jarðlög sem gera það að verkum að í gegnum hraun síast vatn og sjór," segir Steinþór. „Á þessum stað getum við dælt bæði sjó og ferskvatni upp úr borholum. Hérlendis er jafnframt aðgengi að hreinni endurnýjanlegri orku, bæði rafmagni og hita, á samkeppnishæfu verði. Vegna staðsetningar Íslands er hægt að sigla með fiskinn til Norður-Ameríku á fáeinum dögum, en suðvesturhornið er með góða innviði með aðgengi að höfnum og alþjóðaflugvelli. Íslendingar búa yfir mikilli þekkingu á sjávarútvegi og tengdri starfsemi. Enn fremur höfum við ákveðið samkeppnisforskot hvað varðar tollaaðgang að stórum mörkuðum á borð við Bandaríkin og Kína.

Landeldi fer fram í lokuðu og stýrðu umhverfi sem er minna háð ytri umhverfissveiflum en sjókvíaeldi. Það skapar möguleika á stöðugum gæðum og fyrirsjáanlegum afhendingum til viðskiptavina. Fiskurinn er síður útsettur fyrir laxalús, hætta á sjúkdómum er minni og strok afar ólíklegt sem þýðir lítil afföll. Þetta eru mikilvægir kostir sem stuðla að rekstraröryggi.

Thor Salmon rekur svokallaða „Hybrid Flow Through" stöð, eða HFT. Þessi tækni felur í sér að við endurnýtum og hreinsum 70 prósent af vatninu en 30 prósent er nýtt vatn sem er tekið inn í kerin á hverjum tíma. Þetta er tiltölulega ný nálgun sem nýtist vel þar sem aðgengi að vatni er gott. Þar sem aðgengi að vatni er takmarkað er önnur tækni notuð sem nefnist „Recircualting Aquaculuture System", eða RAS. Þar er allt að 100 prósent vatnsins endurnýtt með flóknum hreinsibúnaði, sem gerir þá lausn jafnframt kostnaðarsamari."

Steinþór útskýrir að eldi á laxi þurfi hlutfallslega minna landrými en önnur framleiðsla á dýrapróteini þar sem mikill lífmassi komist fyrir á hverjum fermetra í eldiskerjunum sem eru allt upp undir níu metra djúp. „Fóðurstuðullinn er jafnframt afar góður, en það þarf ekki nema rúmlega kíló af fóðri til að framleiða eitt kíló af laxi. Til samanburðar þarf um tvö kíló fóðurs til að framleiða kíló af kjúklingi og mun meira þegar kemur að stærri búfénaði."

Fjárfestar þurfa fyrirsjáanlegt lagaumhverfi

„Áform landeldisfyrirtækja um uppbyggingu á næstu árum eru umfangsmikil og krefjast mikils fjármagns. Til þess að laða fjárfesta og tryggja framgang verkefnanna þurfi hins vegar að vera til staðar skýrt, skilvirkt og fyrirsjáanlegt laga- og regluverk til framtíðar. Sú er ekki raunin í dag og þess vegna hafa landeldisfyrirtækin kallað eftir sérstakri löggjöf fyrir atvinnugreinina. Því fyrr sem sú vinna klárast því betra.

Hvað markaðsmálin varðar teljum við farsælt ef íslensk fyrirtæki myndu sameinast um að koma íslenskum laxi betur á kortið á alþjóðlegum mörkuðum, en atvinnugreinin er að skoða þessi mál núna. Framtíðin á eftir að leiða í ljós hvort það verði hægt að fá hærra verð fyrir fisk úr landeldi samanborið við sjókvíaeldi. Það sem landeldið hefur hins vegar eru áreiðanlegar afhendingar sem getur boðið upp á lengri samninga sem oft og tíðum skila betri kjörum.

Með aukinni framleiðslu í landeldi verður til töluvert magn af fiskimykju sem getur skapað ný tækifæri, en þetta er lífræn hliðarafurð sem við viljum nýta sem best. Við hjá Thor Salmon horfum meðal annars til þróunarverkefnis hjá Laxey í Vestmannaeyjum þar sem settur hefur verið upp þurrkunarbúnaður til vinnslu á mykjunni þannig að hún geti nýst sem áburður í landbúnaði."



Á meðan Thor Salmon hefur verið í uppbyggingu á aðstöðu til fulleldis á laxi hefur fyrirtækið selt öðrum fiskeldisfyrirtækjum seiði.



Dýraeldi og dýravelferð:

Túrbó-hani, hundrað svín


Edda Kristín Sigurjónsdóttir
edda@bondi.is


Karólína Rós Ólafsdóttir
karolina@bondi.is

Í kjölfar umfjöllunar um íslenska skinku í síðasta blaði skal sjónum beint að beikonneyslu landsmanna. Beikon úr innfluttum grísasíðum frá Danmörku og Þýskalandi virðist nær fylla hillur stórmarkaða. Beikon eins framleiðanda úr íslenskum grísasíðum fannst í hillunum, frá Ali. Athyglinni er því nú beint til Danmerkur og stöðu mála í svínarækt þar í landi og mögulegum vendingum í kjúklingaeldi.

Dýravelferðarmál hafa verið framarlega á borði núverandi ríkisstjórnar Danmerkur og þingið nú lagt tímabundið bann á uppbyggingu nýrra eða stækkun þauleldisbúa. Svína-, kjúklinga- og sjókvíaeldi hefur mikið verið rætt og rödd neytenda verið hávær. Danir flytja árlega út um 17 milljónir grísa til eldis í öðrum löndum, aðallega Þýskalandi. Formaður svínaframleiðenda í Danmörku segir grísi þar í landi eiga að hafa það betra. Nú boðar ráðherra dýravelferðar einnig bann við svokölluðum túrbó-kjúklingum.

Beikonneysla landans

Neysla á svínakjöti hefur aukist lítillega á undanförnum 15 árum en á sama tíma hefur innlend framleiðsla staðið í stað og er tæp 6.800 tonn á ári. Innflutningur á svínakjöti hefur heilt yfir aukist úr rúmum 2.600 tonnum árið 2022 í rúm 3.200 árið 2025.

Samkvæmt ör-athugun blaðamanns er langmest beikon í hillum stórmarkaða á Íslandi úr innfluttu svínakjöti, dönsku og þýsku. Ferð í nokkrar verslanir í fyrri hluta nóvember leiddi í ljós að aðeins beikon frá Ali var úr íslenskum svínasíðum.

Framboð á íslensku og innfluttu beikoni getur breyst á milli mánaða, en framleiðendur selja bæði afurðir úr eigin eldi og innflutningi. Innflutningur á beikoni, svínasíðum, hefur aukist á milli ára til að mæta aukinni eftirspurn. Hann var tæp 840 tonn árið 2023, 640 árið 2024 og 1.140 tonn á síðasta ári.

Meira aðhald neytenda

Danska þingið hefur ákveðið að stöðva leyfi fyrir uppbyggingu nýrra verksmiðjubúa í svínaeldi og stækkunar búa til októberloka 2027, á meðan nýtt regluverk sem móta skal framtíð greinarinnar er í vinnslu. Aðgerðin tekur ekki til lífrænna framleiðenda og þeirra sem ala svín í lausagöngu. Dönsku bændasamtökin vara við fjárhagstjóni og málaferlum sem hlotist geta af reglugerðinni.

Samkvæmt nýrri könnun sem gerð var fyrir fréttastofu DR vilja 49% Dana að „miklu færri“ eða „aðeins færri“ svín verði alin í Danmörku. Í sambærilegri könnun í mars var hlutfallið 37%. Landbúnaðarsagnfræðingurinn Peder Dam talar um „hröðun“ í aðhaldi neytenda. Hann segist þó hissa á að mótstaðan sé ekki enn meiri, miðað við hve umræðan á sér rætur langt aftur. Jeppe Bloch Nielsen, formaður svínaframleiðenda, er í raun sammála Peder, og segir að á grundvelli mikillar umræðu hefði talan getað verið hærri. Í viðtali við blaðamann DR segir Jeppe grísi í Danmörku eiga að hafa það betra.

Svínaiðnaður er þegar gríðarlega stór þar í landi. Danir ala árlega rúmlega 30 milljónir grísa. Til samanburðar er sá fjöldi á bilinu 730-830.000 í Noregi, 1,3 milljónir í Svíþjóð og tæpir 80.000 á Íslandi. 1949 svínabú eru í Danmörku samkvæmt tölum dönsku bændasamtakanna.

Landnýting og útflutningur umdeild

Danir flytja út um 85% af árlegri framleiðslu, að meðtöldum um 17 milljónum grísa sem eru fluttir úr landi til frekara eldis, mestmegnis til Þýskalands. Framleiðsla ódýrrar útflutningsvöru á dýrmætu landi er harðlega gagnrýnd.


Neytendur kalla eftir aukinni dýravelferð. Mynd / Thomas, Pixabay

Stór hluti útflutningsins fer til Kína og finnst dönskum neytendum þar skjóta skökku við.

Landnýting er einnig umdeild, en umfangsmikil svínarækt krefst mikils landrýmis undir kornrækt, sem þó er innflutt í miklum mæli til Danmerkur. Notkun plöntuvarnarefna sem fylgir verksmiðjubúskap svínaræktarinnar er einnig gagnrýnd og teygir sig almennt til landbúnaðarins. Ný áburðarlöggjöf tók gildi í haust en hafði mætt mikilli mótstöðu frá bændum.

Tveir þriðju hlutar landsins eru nýttir í landbúnaði en villt náttúra er lítil. Danir hafa kallað eftir endurheimt náttúrulegs umhverfis og ný ríkisstjórn boðar aðgerðir til að mæta því ákalli með nýrri náttúrulöggjöf. Þessu tvennu hefur verið splæst saman og ákall eftir meiri náttúru og minni verksmiðjuframleiðslu verður æ meira áberandi.

Virkt hlutverk og ábyrgð stjórnvalda

Um mitt sumar sagði Anja Vesterholm danska dagblaðinu Politiken frá skoðunum sínum á eftirliti og regluverki svínaræktar. Anja starfaði hjá Matvælaeftirliti Danmerkur og sinnti eftirliti á svínabúum í 11 ár og fór í yfir 1.000 eftirlitsferðir. Hún segir í viðtalinu að hún hafi séð flest. Hún segir reglurnar um dýravelferð of vinveittar viðskiptahlið starfsgreinarinnar, kerfið þunglamalegt og refsiaðgerðir sjaldan hafa afleiðingar. Hún leggur þó áherslu á að margir sinni starfi sínu faglega og dýrunum vel.

Um mitt næsta ár stendur til að hópur fólks samsettur úr röðum þingmanna, landbúnaði, dýravelferð og náttúruverndarstofnunum, verslun og viðskiptum skili tillögum að nýrri stefnu fyrir svínarækt í Danmörku. Þeim er gert að fela í sér aukna dýravelferð, sjálfbærari framleiðslu, aukna lífræna ræktun, minni sýklalyfjanotkun og ekki síst aukið virði geirans fyrir Danmörku. Þar er stóraukinn útflutningur á grísum til umræðu, verðmætin skuli í auknum mæli verða eftir í Danmörku, frekar en flutt út.

Danmörk vill banna „túrbó-kjúklinga“

Danska ríkisstjórnin vill banna svokallaða túrbó-kjúklinga sem eru ræktaðir til að vaxa hratt. Þeir eru af tegundinni Ross 308 og tekur þá um 33 til 36 daga að ná fullum vexti, þeir fara úr 50 grömmum í 2 kíló á þessum tíma. Christian Rabjerg Madsen, ráðherra náttúru og dýravelferðar í Danmörku, hefur kallað eftir banni við ræktun tegundarinnar á landsvísu sem og í Evrópusambandinu öllu. Þó að ráðherra hafi enn ekki lagt fram frumvarp um bannið hefur tilkynning hans hlotið góðan hljómgrunn og fleiri flokkar styðja hugmyndina. Dýraverndunarsinnar í Danmörku hafa lengi barist fyrir því að hætta framleiðslu túrbó-kjúklinga.

Hraður vöxtur túrbó-kjúlinga getur stuðlað að heilsufarsvandamálum og eru dæmi um að fuglarnir eigi erfitt með hreyfingu og slasist vegna eigin þunga. Tilkynning ráðherrans kom í kjölfar danskrar heimildarmyndar á TV2 sem sýndi slæman aðbúnað við alífuglarækt hjá stórum ræktanda á Norður-Jótlandi. Á þessu tiltekna búi voru lög um dýravelferð brotin. Þó að aðbúnaðurinn sé ekki svo slæmur á öllum alífuglabúum hefur Madsen krafist þess að málið verði rannsakað.

Vilja aðrar tegundir

Í Danmörku eru rúmlega 70 milljónir túrbó-kjúklingar framleiddir árlega og er það 70% allrar kjúklingaframleiðslu í landinu. Madsen sagði í viðtali við TV2 að hann hvetti neytendur til þess að kaupa aðrar tegundir kjúklings. Aðrar kjúklingategundir taka 46 til 63 daga að ná sömu þyngd og Ross 308 nær á 33 dögum. Í frétt um málið í danska blaðinu Berlingske kemur fram að sumar verslanakeðjur hafa einnig snúið baki við sölu túrbó-kjúklings. Dýraverndunarsamtökin Anima birtu rannsókn á því hvernig matvöruverslunum gengur að selja aðrar tegundir kjúklinga. Þar kom fram að keðjur Salling (þ.e. Netto, Bilka og Føtex) standa sig verst en tveir þriðju allra seldra kjúklinga þeirra eru túrbó-kjúklingar. Verslunin Rema 1000 stendur sig einna best en þar eru 15% túrbó-kjúklingar.

Jafnvel þó að Danmörk myndi banna framleiðslu hraðvaxta kjúklinga bendir ekkert til þess að lönd á borð við Pólland, Frakkland og Spán hyggist gera slíkt hið sama. Vegna reglna ESB um frjálsa verslun væri því ekki raunhæft að banna innflutning sömuleiðis.

Gagnrýnisraddir hafa bent á að verslanir geti áfram selt pólskan túrbó-kjúkling og að eina niðurstaðan verði að danskur kjúklingur verði þá dýrari og neytendur ólíklegri til að versla hann. Ellen Emilie Mindegaard-Müllertz, þingkona fyrir Moderaterne, segir það þess vegna mikilvægt að taka þátt í baráttunni fyrir banni innan ESB og bendir á að neytendur séu tilbúnir til að kaupa aðrar tegundir kjúklings og það sjáist á því að verslanakeðjur hafa náð að minnka sölu túrbó-kjúklinganna. „En þetta snýst líka um það: Eigum við þá að vera fyrirmyndarland í einhverju? Tökum fataframleiðslu sem dæmi: þar sættum við okkur ekki við barnaþrælkun, því við teljum það ekki siðferðilega í lagi. Ég tel að Danmörk geti vel verið land þar sem við drögum mörkin,“ sagði hún í viðtali við Berlingske um málið.

Á Íslandi er eingöngu Ross 308

Á vef Matvælastofnunar kemur fram að „í kjúklingarækt á Íslandi er eingöngu notaður kjúklingastofninn Ross 308“. Þar kemur fram að framleiðendur hérlendis reka eigin stofnfuglabú og eigin útungunarstöðvar og að loknum 33 til 36 daga eldistíma er kjúklingum slátrað.

Innlend alífuglaframleiðsla nam 9.374 tonnum árið 2025 og 3.937 tonn voru innflutt. Öll kjúklingaframleiðsla hérlendis fer fram undir eftirliti Matvælastofnunar. Sýklalyfjanotkun hérlendis er mun minni en á Norðurlöndunum og sýklalyfjaónæmi er almennt lítið á Íslandi í evrópskum samanburði. Í skýrslu Embættis sóttvarnarlæknis um sýklalyfjanotkun kemur fram að sala sýklalyfja fyrir dýr til manneldis á Norðurlöndunum árið 2024 þegar miðað er við mg/kg lífmassa var mest í Danmörku, 20,1 mg/kg, en minnst í Noregi, 1,8 mg/kg, og næstminnst á Íslandi eða 4,4, mg/kg. Benda verður á að alífuglaræktun er einnig mun minni hérlendis en í Danmörku, bæði er magnið minna og búin í Danmörku eru mun stærri. Því er ekki hægt að gera beinan samanburð né draga ályktanir um starfsemi íslenskrar alífuglaræktunar út frá því einu að hér sé ræktuð tegundin Ross 308.

Mikilvægt að fara eftir lögum og reglu

Mikilvægt er að stjórnvöld taki virkan þátt í samtalinu um dýravernd og matvælaframleiðslu til þess að ólík sjónarmið fái hljómgrunn og unnið sé að umbótum innan ramma laganna. Innbrotahrina á eldisbú sem átti sér stað í sumar sýndi það skýrt hvernig innbrot og skemmdarverk koma niður á dýrunum sjálfum og náttúrunni. Innbrot til bænda og fyrirtækja sem halda dýr eru bæði eignaspjöll og brot á lögum um velferð dýra.

Á málaskrá Alþingis þennan þingvetur eru endurnýjuð lög um dýravelferð, sem munu mögulega hafa áhrif á einstaka starfsgreinar. Niðurstaðan mun hafa áhrif á þær kröfur sem gerðar verða til viðkomandi búgreina, svo sem með uppbyggingu húsakosts og meðhöndlun á lífrænum hliðarstraumum, svo sem svínamykju, sem vonir standa til að verði hægt að nýta sem áburðargjafa. Bændur, eins og aðrar starfsstéttir, starfa innan lagaramma, sem er fylgt eftir af skilgreindum eftirlitsaðilum. Því er mikilvægt að liðkað sé fyrir leyfisveitingum til betrumbætandi framkvæmda svo sem á búum, aðbúnaði og tækjum.



SVÖRT TILBOÐ

15-56%

AFSLÁTTUR!

23. nóvember til 3. desember 2026

Öll tilboðin gilda í verslunum og á rubix.is



RUBIX

VERKFÆRA SALAN

SÍÐUMÚLA 9, REYKJAVÍK • DALVEGI 32, KÓPAVOGI • ÓSEYRI 4, AKUREYRI • FITJABRAUT 2, REYKJANESBÆ • RUBIX.IS

VÉLTINDAR

FRUMSÝNING

Ný kynslóð VDL Futura



- Velkomin í kaffi og léttar veitingar
- Andlitsmálning fyrir börnin

Afmælissýning Véltinda

21.11.

Laugardagur 21. nóvember
kl. 12:00–15:00
Stálhella 4, 221 Hafnarfirði



IVECO X-Way



Rútur



Smárútur



Sendibílar

Verið velkomin í heimsókn til að fagna með okkur.

IVECO VDL KING LONG ROSERO

RÚÐUTJÓN.IS
rudutjon.is
Framrúðuskipti fyrir alla atvinnubíla

Landbúnaðarháskóli Íslands:

Eini háskólinn sem fær lægri krónutölu til reksturs

Landbúnaðarháskóli Íslands (LbhÍ) fær lægra fjármagn frá ríkinu til reksturs en í fyrra. Ragnheiður I. Þórarinsdóttir, rektor LbhÍ, segir samtal hafið við ráðuneytið um fjárframlög til skólans, þó leiðrétting hafi fengist að hluta sitji skólinn eftir með lægri krónutölu til reksturs en fyrri ár.

Í fjárlagafrumvarpi í september kom fram að LbhÍ fengi verulega skert fjárframlög. Rektor hafði samband við ráðuneytið sem komst að þeirri niðurstöðu að útreikningar voru byggðir á röngum forsendum og fengu háskólarnir nýjar upphæðir í október. Sú upphæð fyrir LbhÍ var þó enn lægri en sú fyrri. Rektor segir að niðurstaðan hafi ekki verið samkvæmt áætlun, skólinn standi sig vel í uppbyggingu á hínum ýmsu sviðum sem styðja beint við stefnu stjórnvalda og afli sértekna erlendis frá sem hefði átt að skila sér í auknu framlagi frá ráðuneytinu en ekki lækkun. Þar nefnir rektor til að mynda verkefni á sviði endurheimtar votlendis, hátæknilandbúnaðar og þararæktunar.


Ragnheiður I. Þórarinsdóttir.


Landbúnaðarháskóli Íslands. Mynd / smh

Ekki heimild til að færa 200 milljónir

Landbúnaðarháskólinn átti samkvæmt fjárlagafrumvarpi að fá 1177 milljónir til reksturs árið 2027 en skólinn fékk 1400 milljónir árið 2026. „Samkvæmt áætlun skólans var ráðgert að framlag ráðuneytisins yrði um 1600 milljónir fyrir árið 2027, vegna hækkunar á framlagi til kennslu og rannsókna þar sem háskólinn hefur náð gríðarlegum árangri í sókn í erlenda sjóði sem á að skila sér í hækkun framlags ráðuneytisins,“ segir Ragneiður. „Við fengum framhaldsfund í ráðuneytinu í síðustu viku og þar vorum við að leggja áherslu á fjögur atriði. Í fyrsta lagi að 200 milljónir yrðu ekki teknar af rekstrarframlagi og færðar í fjárfestingu Jarðræktarmiðstöðvarinnar. Það var dregið til baka og mun ráðuneytið greiða fyrir kostnað Jarðræktarmiðstöðvar af öðrum lið ráðuneytisins.“

Þá var skólinn alltaf með fjárfestingarframlag sem hækkar með vísitölu. „Það var um 56 milljónir í fyrra en nú var búið að eyrnamerkja það fjármagn Jarðræktarmiðstöðinni líka. Við erum með mikinn rekstur hérna, það þarf að endurnýja tæki og annað en þar var allt fjármagn horfið. Við vöktum athygli á því að einhver mistök hefðu orðið þar og þá fengum við 50 milljónir til baka af þessum 60 sem við reiknuðum með,“ segir Ragnheiður.

Breytingar á reglum ekki tilkynntar

„Þriðja atriðið var reglugerðin sjálf, það er reiknilíkanið sjálft sem ráðuneytið virðist ekki hafa verið að fylgja,“ útskýrir Ragnheiður. „Þar kemur fram hvernig eigi að skipta fjármunum á milli háskólanna. Það eru þrír flokkar: kennsla, rannsóknir og samfélagslegt hlutverk.“ Ragnheiður útskýrir að LbhÍ hafi hækkað bæði í flokki kennslu og rannsókna samkvæmt reiknilíkaninu þar sem skólinn hefur staðið sig vel. „Svo reiknum við með að samfélagslegi hlutinn verði svipaður og í fyrra en þá gerir ráðuneytið breytingu á þeim hluta.“

Á fundi þann 20. október kom það fram í fyrsta sinn að ráðuneytið sé að breyta reikinreglu vegna samfélagslegs hlutverks háskólanna. Það hafði hvergi verið tilkynnt, hvorki opinberlega né til háskólanna. Sú breyting leiðir til skerðingar á fjárframlagi til reksturs Landbúnaðarháskólans.

Í fyrirspurn til menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytisins um hvort væri verið að vinna eftir breyttum reiknireglum segir að ekki sé verið að taka upp nýtt fjármögnunarlíkan heldur endurskoða tiltekna þætti þess. Þar segir að breytingin snúi að flokkum og prósentuvægi þeirra og sé það útfært með breyttum reglum. Hvergi hafði þó verið tilkynnt um þessa breyttu flokka áður en útreikningar á fjárlögum til háskólanna voru gerðar og þeim hafði ekki formlega verið breytt í reglum fyrr en 16. nóvember síðastliðinn, eftir að blaðamaður sendi fyrirspurn um hvort verið væri að vinna eftir gildandi reglugerð. Ráðuneytið tjáði sig ekki um að skjalið hafi verið undirritað og birt samdægurs né hvort samræmi væri í því að reikna eftir reglum sem ekki væri búið að setja.

„Hefur samfélagslegt hlutverk LbhÍ minnkað?“

LbhÍ gerir athugasemdir við hvernig staðið er að breytingu á reglugerð um reiknilíkan. „Það átti að tryggja fyrirsjáanleika, gagnsæi og hvetja til árangurs. Hvernig samræmist þessi breyting þeim áherslum? Og hvernig samræmist þessi niðurskurður áherslu ríkisstjórnarinnar á að fjölga störfum á landsbyggðinni, styðja við rannsóknir og nýsköpun í landbúnaði, endurheimta votlendi, tryggja fæðuöryggi og fleira?“ spyr rektor sem bíður þess að fá fund með ráðuneytinu til að fara yfir útreikningana em ráðuneytið vildi ekki senda göngin beint til LbhÍ.

Rekstur húsnæðis gleymist

„Fjórða atriðið sem við bentum á er að húsnæðishlutinn er hvergi reiknaður inn. Það er himinn og haf á milli skólanna hvað varðar húsnæði. Við erum lítill skóli með feiknamikið og dýrt húsnæði og við erum búin að vera með umsjón hér með öllum þessum friðuðu byggingum sem er dýrt að viðhalda og þurfum að borga leigu auk þess að hafa umsjón og ábyrgð með Landbúnaðarsafninu. Það er hvergi reiknað inn,“ segir Ragnheiður. „Við þurfum að bregðast einhvern veginn við þessari skerðingu og að óbreyttu þurfum við að skera einhvers staðar niður. Við hefðum viljað taka þetta í samtali svo það hefðu verið sameiginleg markmið og sameiginleg sýn en nú er okkur hent út í það að þurfa að fara að taka ákvarðanir um það hvernig við ætlum að verja grunnreksturinn, sem er námið okkar og námsbrautirnar, við viljum ekki fara í einhverja skerðingu þar.“

Ragnheiður tekur fram að ráðuneytið sé með málið til skoðunar og tók vel í það að opna á samtal. „Þau töldu okkur vera með málefnalegar athugasemdir en það er engin tímalína komin enn.“ */kró*

Bretland:

944 milljónir punda í skatt af stafrænni þjónustu

Tekjur breska ríkisins af sérstökum skatti á stafræna þjónustu námu 944 milljónum punda á skattárinu 2025–2026, samkvæmt upplýsingum bresku skatta- og tollstjórnarinnar, HMRC. Skatturinn nær meðal annars til tekna af samfélagsmiðlaþjónustu.

„Skattur á stafræna þjónustu hefur reynst mjög árangursríkur við skattlagningu tekna stafrænna fyrirtækja í Bretlandi. Þetta er hóflegur skattur sem felur ekki í sér mismunun og endurspeglar þau verðmæti sem fyrirtækin hafa af breskum notendum,“ segir upplýsingafulltrúi HMRC í svari við fyrirspurn Bændablaðsins.

Skatturinn, Digital Services Tax (DST), hefur skilað breska ríkinu vaxandi tekjum. Þær námu 380 milljónum punda skattárið 2021–2022, 567 milljónum árið eftir, 678 milljónum 2023–2024, 808 milljónum 2024–2025 og 944 milljónum punda 2025–2026. Tekjurnar hafa því aukist um 148 prósent á fjórum árum.

Bresk stjórnvöld líta á skattinn sem tímabundna ráðstöfun þar til alþjóðleg lausn finnst á þeim álitaefnum í skattlagningu sem stafræn væðing hagkerfisins hefur skapað. HMRC segir engin áform um að breyta skatthlutfallinu. Skatthlutfallið er 2 prósent og er skatturinn lagður á stærstu stafrænu fyrirtækin að uppfylltum tilteknum tekjumörkum sem eru 500 milljónir punda í árstekjur á heimsvísu af þeirri stafrænu starfsemi sem fellur undir skattinn.

Í skýrslu bresku ríkisendurskoðunarinnar, National Audit Office, frá 2022 kom fram að Amazon, Google og Apple hefðu sagt að fyrirtækin myndu velta kostnaði vegna skattsins yfir á viðskiptavini sína.

Í endurskoðun á skattinum árið 2025 kom jafnframt fram að möguleikinn á slíkri kostnaðaryfirfærslu hefði verið hafður til hliðsjónar þegar skatturinn var hannaður. HMRC segir bæði þá endurskoðun og skýrslu ríkisendurskoðunarinnar benda til þess að skatturinn hafi reynst árangursríkur.

Af upplýsingum HMRC verður hins vegar ekki ráðið í hve miklum mæli fyrirtækin hafa í reynd velt skattinum yfir á viðskiptavini sína eða hve stór hluti slíks kostnaðar hefur fallið sérstaklega á auglýsendur á samfélagsmiðlum. */þh*

EINN SÁ HAGKVÆMASTI

Hongqi EHS5, fjórhjóladrifinn, 100% rafmagn

HONGQI



Verð frá: **5.990.000 kr.**
m. 100 þ.kr. BL afslætti og 400 þ.kr. Orkusjóðsstyrk.
Almennt verð frá **6.490.000 kr.**

Við framlengjum rafbílastyrkinn!
Með **BL afslætti** tryggjum við
áfram **500.000 kr.** ávinning til jóla.

BB bílar
Akureyri
www.bbbilar.is
534 7200

Bílasala Reykjaness
Reykjanesbæ
www.bilasalareykjaness.is
547 9100

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

BL ehf.
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

ENNEMM / SÍA / NTC 20068

Góður grunnur byrjar með NTC

NTC



JARÐVEGSÞJÖPPUR

Plötu- og hoppaþjöppur
fyrir verkið

Fálkinn ehf I Dalvegi 10-14 I 201 Kópavogur
Sími: 510 5100 I falkinn.is

FÁLKINN



Að velja liti í peysu er vandasamt verk. Á sýningunni gefst færi á að leika sér við að máta saman þá liti sem eru í boði.



Sýnishorn af ull, spunnum lopa, prjónaprufum og ullarfitu eru meðal sýningarmuna.



Hluthafar í rekstrinum eru bræðurnir Guðbjartssynir og hin írska Sarah Emma O´Neill, sem er líka verslunarstjóri og tekur á móti gestum, og Ístex sem á 10% hlut.
Myndir / eks

Íslenska ullin:

Meira mannlíf með tilkomu Álafosskvosar



Edda Kristín Sigurjónsdóttir
edda@bondi.is

Saga ullariðnaðarins í Álafosskvosinni er sögð á nýrri sýningu sem verður opnuð í endurnýjaðri verslun við Álafossveg og ber heitið Álafosskvos. Formleg opnun verður laugardaginn 21. nóvember. Fjölnota og hlýlegt kaffihús verður einnig opnað von bráðar í versluninni, glerviðbyggingu verður bætt við og göngubrú byggð sem tengir svæðið við Helgafellshverfið.

Bræðurnir Hafsteinn Valur og Lárus Guðbjartssynir standa að uppbyggingunni en hún er unnin í góðu samstarfi við sveitarfélagið Mosfellsbæ og Ístex, sem er í meirihlutaeigu íslenskra sauðfjárbænda, og er hluthafi í rekstrinum. „Svona skref hefur ekki verið tekið í langan tíma," segir Hafsteinn. Hann segir sýninguna þjóna mikilvægu hlutverki í að útskýra af hverju íslenska ullin og ullarvinnslan er sérstök og stórmerkileg og verslunina og kaffihúsið verða kærkominn samkomustað.

Sagan gerð aðgengileg

Álafosskvosin var friðuð árið 2013 vegna náttúrufars, menningar og sögulegs gildis. Uppbyggingin kemur í kjölfar áfangastaðagreiningar sem unnin var fyrir sveitarfélagið Mosfellsbæ þar sem fram kom skýr áhugi á að koma á fót ullarsafni, fræðslu, kaffihúsi og menningarviðburðum í kvosinni. Bærinn kemur ríkulega að uppbyggingunni.

„Hér verður ullarævintýrið til," segir Hafsteinn. Markmiðið hafi verið að gera vel og þeir hafi því fengið Basalt arkitekta og Gagarín með sér í lið, „það var ekki annað til umræðu en að fá besta fólkið inn í verkefnið". Umræddar hönnunarstofur eru báðar margverðlaunaðar.

Ósk þeirra bræðra er að yfirskriftin „Álafosskvos" nýtist fyrir aðra starfsemi í kvosinni í framtíðinni. „Ég vil kalla þetta fyrsta skrefið í umbreytingu á svæðinu. Það eru allir að tala saman og eru svolítið peppaðir," segir Hafsteinn, sem er að vonum ánægður með þann einhug sem ríkir.

Ullarsýning, verslun og kaffihús

Basalt arkitektar hönnuðu rýmið sem heldur vel utan um sýninguna, verslun þar sem hægt er að kaupa band og peysur, leiksvæði fyrir krakka og rými þar sem ætlað er að prjónahópar geti hist, jafnvel fleiri en einn á sama tíma.

Kaffihús verður opnað innan skamms í fjölnota rými sem snýr út að Varmánni og býður upp á samveru og viðburði, en verður rekið sér. Útsýni er yfir ána og upp að Álafossinum, sem dregur nafn sitt af álum sem gengu í ána og þar sem ullarþvottur fór áður fram. Hafsteinn segir rekstraraðila opna fyrir hugmyndum að viðburðum en áhersla í fyrstu verði á ullar- og prjónaviðburði.

Sýningahönnun var í höndum Gagarín sem hafa sérhæft sig í gerð gagnvirkra sýninga. Sýningin flæðir um rýmið og þar er saga ullariðnaðarins í kvosinni sögð í einföldu og skýru máli og myndum. Á meðal sýningargripa eru nokkrar gamlar vélar, myndbönd sem veita innsýn inn í vinnsluferlið, svo sem ullarþvottinn, vélprjónaðar peysur, efnisprufur af ull og spunnum lopa og ilmur staðarins sem sameinar nýslegið tún og ull. Ætlunin er að koma upp góðri vefverslun og miðla sögunni líka á vefsíðu verkefnisins, alafosskvos.is.

Ullin eitt af fáu sérstöku á Íslandi

„Af því sem við höfum á Íslandi er ekki margt sem er sérstakt. En ullin er eitt af því. Ég er ekki viss um að allir þekki sérstöðu íslensku ullarinnar, togið og þelið og fituna í ullinni sem gerir hana nær alveg vatnsfráhrindandi. Við reynum að segja þá sögu á sýningunni."

Hafsteinn er alinn upp við mikinn prjónaskap og hefur ljóslega mikið dálæti á þessu einstaka efni sem íslenska ullin er. Hann er sannfærður um að prjónaskapur sé ekki hnignandi iðja. Yngri kynslóðir séu að læra að meta gildi þess að prjóna frekar en að eyða óhóflegum tíma fyrir framan hina ýmsu skjái. Sama gildir um eldri kynslóðirnar, fyrirmyndir þeirra yngri, sem tók kipp í handverki og sér í lagi prjóni þegar heimsfaraldurinn geisaði. Að þessum menningararfi er nú hlúð í Álafosskvosinni.

Vilja laða fleira prjónafólk að

Hafsteinn segir þau sem standa að verkefninu vera í góðum tengslum við verksmiðju Ístex sem er ofar í götunni. Ístex er í meirihlutaeigu íslenskra sauðfjárbænda og þar er spunnið band í handprjón og einnig í vélprjón.

Verksmiðjan heldur úti skipulögðum ferðum þar sem gestir eru leiddir um ferlið allt frá því ullin kemur inn í verksmiðjuna og þar til bandið er spunnið. „Við viljum tengja þann túr hingað þar sem gestir geta séð söguna og endanlegu afurðina, eins og peysurnar." Hann segir þegar mikla ásókn í ferðir í verksmiðju Ístex og eftirspurn þeirra gesta eftir að kaupa band sé þegar til staðar.

Hann bendir á að hér sé tækifæri á að laða að fleira prjónafólk erlendis frá líka. Slík ferðamennska er orðin umfangsmikil í heiminum í takti við endurnýjaða meðvitund um staðbundna framleiðslu, handverk og hæglæti. Á góma ber umfjöllun um íslensku ullina, hefðina og handverkið í finnskum þáttum fyrir nokkrum árum sem hafði í för með sér mikla tímabundna aukningu í eftirspurn eftir prjónabandi frá Ístex, verksmiðjan hafi á tímabili nær tæmst.

Þarf að fjárfesta meira

„Við erum að taka svolítið stóran séns með þessu verkefni. En okkur bræðrum finnst eins og það sé hægt að gera miklu meira með íslensku ullina. Þegar þú horfir út fyrir landsteinana er staðan ansi sterk þegar kemur að gæðum og verði. Prjónafólk veit það en aðrir átta sig kannski ekki á því, en ull er að hækka í verði erlendis og það er aukin eftirspurn eftir náttúruafurðum á heimsvísu. Það þarf að gera miklu meira hér og það gerist ekki af sjálfu sér, það þarf að fjárfesta."

Hafsteinn vonast eftir að verkefnið verði hvati að fleiri verkefnum sem hafa með ullina að gera. „Það vinnur með okkur að aðrir geri eitthvað líka. Það vinnur með öllum."

Þurfum að keppa á gæðum og sérstöðu

„Verksmiðjur eins og Ístex eru margfalt stærri erlendis. Við verðum að keppa á sérstöðunni, við getum það. Það er aukinn áhugi á að eiga flíkur sem eru úr náttúrulegum efnum. Ullin var lengi of ódýr, hún er dýrari núna en hún er mjög samkeppnishæf í verði."

Í versluninni eru peysur til sölu prjónaðar af prjónakonum á Íslandi. Hafsteinn segir mikilvægt að fullunnin vara sé framleidd á Íslandi og að við missum ekki óunnið hráefni úr landi. „Ætlum við að vera hrávöruframleiðsluríki, eða ætlum við að vera eitthvað annað? Við erum smáþjóð úti í ballarhafi og þetta er sérstakt."

Leikið við hvurn sinn fingur

Skapandi andi ríkir í Álafosskvosinni og góð stemning, segir Hafsteinn. Þar eru auk verksmiðju Ístex, Ásgarður hinum megin við götuna, sem er handverkstæði og verslun, skátarnir með ríkulegt starf og Sundlaugin, eitt þekktasta hljóðver landsins.

Hafsteinn heldur að íbúar í Helgafellshverfinu eigi eftir að verða nokkur þúsund þegar það hefur byggst upp og þegar sé töluvert af ungu fólki með börn. Þau ákváðu því að hafa leikhorn fyrir krakka. Ekki er annað hægt að segja en að það sé hlýlegt og að börnin munu getað leikið við hvurn sinn fingur á meðan foreldrarnir sötra kaffi og prjóna nokkrar umferðir.

Menningarverðmæti í Álafosskvosinni

Ylvolg Varmáin sem líður hjá var uppsprettan að ríkulegri starfsemi í kvosinni. Árið 1896 stofnaði Björn Þorláksson þar tóvélaverkstæði eftir að hafa kynnt sér álíka starfsemi í Noregi. Þarna var stigið eitt af fyrstu skrefunum í iðnvæðingu ullariðnaðar á Íslandi, haganlega staðsett nálægt markaðnum í höfuðborginni.

Mikið hefur dunið á ullariðnaði á Íslandi á undanförnum árum. Iðnaðurinn, sem eitt sinn var umfangsmikill, framleiðslan fjölbreytt og hélt bókstaflega hita á landsmönnum, hefur tekið ýmsum breytingum á tímabilinu og hefur nú dregist mikið saman. Á annað hundrað manns störfuðu hjá Álafossi um miðja 20. öldina, sem þá framleiddi prjónaband, gólfteppi, vaðmál, teppi og fleira úr íslensku ullinni. Eftir gjaldþrot Álafoss árið 1991 var Ístex stofnað og garnverslun var í því húsnæði sem nú hefur verið endurnýjað undir merkjum Álafosskvosar.

Ný göngubrú og útsýnispallur

Uppbygging innviða sem sveitarfélagið ákvað að ráðast í á svæðinu er á næsta leiti, svo sem göngubrú að Helgafellshverfinu og bygging útsýnispalls við Álafossinn.

Mosfellsbær hefur einnig aðkomu að sýningunni í formi leigu á henni til fimm ára. Samhliða hefur farið fram vinna að verkefninu Verndarsvæði í byggð, sem felur meðal annars í sér skrásetningu á húsakosti og ásýnd svæðisins, tengslum byggðar og náttúru, sögulegum minjum og lifandi menningararfi sem á sér þar aldalangar rætur.

Saga kvosarinnar heldur nú áfram og Mosfellingar og gestkomendur geta horft til notalegra samverustunda í Álafosskvos, með rjúkandi bolla og prjóna í hönd, umvafðir íslensku ullinni og fallegu umhverfi innra og ytra.

Vetrarbúnaður
Hilltip
Snjótennur, fjölplógar,
salt- og sanddreifarar
Wendel


Tangarhöfði 1 / 551-5464 / wendel.is / wendel@wendel.is

HESPA.IS

FALLEGAR, FRÆÐANDI OG FJÖLSKYLDUVÆNAR JÓLAGJAFIR

ÍSLENSKU JÓLASVEINARNIR OG ÞEIRRA HYSKI

Hér kynnumst við jólasveinunum, Grýlu, Leppalúða og dularfulla jólakettinum. Hér eru gömlu góðu sögurnar um jólasveinana.

Við megum ekki gleyma því að jólasveinarnir eru hluti af okkar þjóðtrú og hafa ákveðinn boðskap sem tengist gamla tímanum, fátækt og matarskorti en ekki eingöngu jólagjafa- menningu nútímans.

Bókin er 35 síður á stærð við geisladisk.

GÖMLU GÓÐU SÖGURNAR UM ÍSLENSKU JÓLASVEINANA







JÓLASMÁPÚSL

Smápúslin eru 13x13 cm, 36 bitar fyrir 5+ ára. Þeim fylgir texti um persónuna á myndinni og taupoki til að geyma púslið í.



Hespuhúsið
Árbæjarveg við Toyota á Selfossi
Sími 865 2910
hespa@hespa.is | hespa.is

ÞÉR ER BOÐIÐ Á OPIÐ HÚS

Við viljum kynna fyrir þér norsku Cinderella brennslusalernin

Sjáumst að Lambhagavegi 5 Grafarholti

fimmtudaginn 26. nóvember 2026

milli kl. 17:00 – 19:00

Cinderella®
Incineration Toilets

516-2600
www.vorukaup.is
vorukaup@vorukaup.is

VK vörukaup

Menntamál

Lögmál náttúrunnar umlykja skólastarfið



Edda Kristín Sigurjónsdóttir
edda@bondi.is

Alþjóðlegt menntaverkefni, The Harmony Project, hefur að markmiði að tengja nemendur betur við umhverfi sitt og læra af náttúrulegum ferlum. Liður í því er samstarf skóla við bændur þar sem börnin kynnast matvælaframleiðslu með heimsóknum á bóndabýli. Harmony verkefnið byggir á hugmyndinni um að með því að læra af lögmálum náttúrunnar færumst við nær heilbrigðara og sjálfbærara lífi.

Verkefnið hefur þegar reynst vel í yfir 50 breskum skólum, skotið rótum vestan hafs, á Indlandi, í Afríku, Úkraínu og teygir nú anga sína til Íslands. Blaðamaður hitti Richard Dunne, fyrrverandi skólastjóra, stofnanda og framkvæmdastjóra verkefnisins og Svandísi Egilsdóttur, tengiliði verkefnisins á Íslandi. Saman funduðu þau með ýmsum aðilum, meðal annars fræðslustjórum landsins, til að kynna hugmyndafræði verkefnisins, bjóða upp á samstarf og leggja drög að fyrstu skrefum þess á Íslandi.

Tuttugu bóndabýli lýsa leiðina

Mikilvægur hluti verkefnisins er samstarf skóla við bændur. Nemendahópar heimsækja býli sem taka þátt í verkefninu með kennurum sínum. Bændur sem taka á móti þeim fá þjálfun í móttöku hópa og þurfa að uppfylla ákveðin skilyrði til að bærinn geti tekið þátt og verið formlegur vettvangur náms.

„Þetta er samspil margra þátta sem snúa bæði að menntun, matvæla- og landbúnaðarmálum. Maður verður að upplifa verkefnið til að trúa hvernig það virkar.“



Svandís og Richard finna fyrir miklum áhuga og velvilja og hafa átt mikilvæg samtöl.
Mynd / eks

Verkefni eru útbúin fyrir hvert býli og nemendahóp sem fær hefti með verkefnum til að leysa á staðnum og taka með sér aftur í skólann og heim. Þau fá til dæmis að gera jarðvegsprófanir, hitta dýrin á bænum og skoða ræktun og búskaparhætti.

Annar hluti verkefnisins er að taka á móti kennarahópum og skólastjórnendum á bæina.

Fimm býli eru nú að bætast í hóp þeirra tuttugu sem þegar starfa með þessum hætti á Bretlandi og lýsa leið þeirra sem á eftir koma.

Lögmál náttúrunnar leiðarljós

„Þetta snýst um að skoða aftur og nýta náttúruleg kerfi sem við höfum þekkt lengi og endurhugsa hvernig við getum lært af þeim með tilliti til menntunar framtíðarinnar,“ segir Richard. Verkefnið byggir á hugmyndinni um að unga fólkið eigi að geta lifað góðu lífi, en til þess þurfi jörðinni líka að líða vel, menntun sé þar í lykilhlutverki.

Richard rifjar upp hvað hann eyddi miklum tíma í nærliggjandi skógi í frítíma sínum sem krakki. Hann var í hefðbundnum breskum bóknámsskóla og þegar hann fullorðnaðist fékk hann áhuga á hvernig mætti samþætta þessar tvær ólíku leiðir til náms.

Leiðangrar á Suðurskautslandið veittu innblástur

Richard kynntist og varð stjórnarmaður í stofnun Jane Goodall, sem hann segir mikinn áhrifavald í lífi sínu (þið munið eftir myndskeiðinu þegar simpansinn á leið sinni aftur út í skóg sneri við og faðmaði hana). Þar hitti hann heimskautafarann Robert Swan sem bauð honum með í alþjóðlega leiðangra á Suðurskautslandið. Ferðirnar eru hannaðar til að hvetja kennara og stjórnendur til að vinna að loftslagsaðgerðum heima fyrir.

Tveir vel heppnaðir leiðangrar urðu innblástur að því að skoða matvælakerfi heimsins. Richard, sem var skólastjóri í 18 ár, ákvað að leggja áherslu á að bjóða nemendum upp á lífrænan mat. Hann segir fjármagn hafa verið lítið, nemendur um 500, og skapandi lausna því þörf, til að geta fylgt hugmyndinni eftir. Tækifæri gafst á ræktun við skólann og hann ákvað að leggja áherslu á hvaðan maturinn kemur, sem hægt væri að tengja við ýmsar námsgreinar.



Nemandi hittir fyrir nýuppteknа rauðrófu í heimsókn hjá grænmetisbónda.
Mynd / Aðsend

Hver árgangur með sitt hlutverk

Hugmyndir um heilbrigði og sjálfbærni tvinnuðust inn í allt starf skólans. Sjötti bekkur lærði til dæmis um og fylgdist með orkunotkun skólans, fjórðu bekkingar fylgdust með matarsóun, unnu með starfsfólkinu í mötuneytinu, skrásettu, settu reglur, markmið og urðu eins konar „matarlöggur“,“ segir Richard hlæjandi, þau hafi verið ótrúlega flink. Mörkin á milli þess sem krakkarnir lærðu í skólastofunni og utan hennar máðust út. Sjálfbærnimarkmið tengd samfélagi og umhverfi voru sett í sérhverju verkefni skólans.

Prins, skólastjóri og bóndi tengjast

Það kom svo að því að Richard las bókina, Harmony: A new way of looking at our world, þar sem fjallað er um umhverfisvanda heimsins sem skynjunarvanda, aftengingu mannsins frá náttúrulegum hringrásum. Í lestrinum fann hann algeran samhljóm með eigin hugmyndum og ákvað að nota bókina til að skerpa fókusinn í skólastarfinu.

Höfundur bókarinnar var prins, nú hans hátign Karl III Bretakonungur. Richard ákvað að skrifa honum og bjóða honum í heimsókn í skólann. „Hann kom og elskaði það sem hann sá.“ Bretakonungur hefur síðan stutt við verkefnið.

Leiðir Richards lágu því næst saman við lífrænan kúabónda í Wales, Patrick Holden, sem nú stýrir The Sustainable Food Trust í Bretlandi. Gagnkvæmur áhugi þeirra á starfssviði hins og mikill samhljómur, leiddi til samtals um bújarðir sem vettvang náms, sem átti eftir að móta sér gjöfulan farveg.

Sá hluti Harmony-verkefnisins sem snýr að heimsóknum nemenda til bænda varð hluti af The Sustainable Food Trust, þar til fyrir tveimur árum þegar það flaug úr hreiðrinu og varð að sjálfstæðri góðgerðarstarfsemi.

Vöxtur í menntakerfinu

„Við Richard hittum fólk úr skólakerfinu, en einnig aðila úr öðrum geirum sem vinna með náttúruna, menntun, sköpun, sjálfbærni og samfélagsþróun,“ segir Svandís. „Markmiðið var að byrja að mynda tengslanet og leita að samstarfsaðilum sem vilja taka þátt í að þróa verkefnið á Íslandi með okkur.“

Svandís segir aðferðafræðina henta vel hér á landi og þegar séu vísar að henni notaðir í sumum skólum, svo sem þegar nemendur heimsækja bæi í sauðburði, kleki út egg á páskum eða rækti grænmeti á skólalóðinni. Hún segir rökrétt að byrja að hugsa markvissara í þessa átt, sér í lagi í dreifðum byggðum. „Við búum að venjum sem við getum byggt á. Á Íslandi er náttúran stór hluti af lífi okkar. Við getum nýtt hana til vaxtar í menntakerfinu.“

Aðspurður um áskoranir segir Richard þær að miklu leyti hafa með sjálfstraust kennara að gera. Hann segir góðan stuðning við kennara og það að hafa trú á þeim gera mikið. Stuðningurinn getur falist í verkfærum til kennslu og hugmyndafræðinni sjálfri, sem er styrkurinn í verkefninu að mati Svandísar.

Aðalnámskrá góður grunnur

„Aðalnámskrá íslenskra skóla er að mörgu leyti mjög góður jarðvegur fyrir slíka þróun innan skólakerfisins, enda er þar lögð áhersla á meðal annars heilbrigði, sköpun, sjálfbærni, lýðræði og tengsl náms við samfélag og umhverfi,“ Svandís þekkir aðalnámskrána og aðstæður íslenskra skóla vel, starfaði enda undanfarin ár á skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar og var áður skólastjóri í leik-, grunn- og tónlistarskólanum á Seyðisfirði og á Borgarfirði eystra.

Skólinn sem Richard stýrði í 18 ár var fyrir hefðbundinn skóli og umbreytingin róttæk. Niðurstaða hvers verkefnis snérist ekki bara um námsmat, heldur nýja sýn á heiminn, hvað nemendur vildu sjá í honum og hvað þau gætu lagt til. Fólk fór að flytja í hverfið svo börnin þeirra gætu orðið þátttakendur í þessu ferðalagi, meðal annars vegna námsárangurs og vellíðunar nemenda.

Eftirsótt að taka þátt

Richard segir það orðið eftirsótt að taka þátt í verkefninu og þeirri hreyfingu sem það er orðið að. Áhugi bænda snúi í sumum tilfellum að kynslóðaskiptum og þátttaka nýtist til að leggja enn meiri áherslu á heilnæma búskaparhætti.

Hann bendir einnig á að verkefnið geti hentað vel þar sem fólk glímir við mikla erfiðleika, svo sem í fangelsum og meðferðum við flóknum geðrænum áskorunum þar sem sterk tenging við náttúruna getur hjálpað. Hann segir þau vera að vinna verkefni núna á Broadmoor-geðsjúkrahúsinu suðvestur af London sem nýverið var endurgert. Þar sé verið að skoða leiðir til aukins bata með upplifunum í umhverfi spítalans.

Áhugasamir velkomnir í samtalið

Richard segir gleðilegt að segja frá því að háskólinn í Cambridge muni rannsaka og fylgjast með hvernig skólunum gengur.

„Við erum að þreifa fyrir okkur núna. Ég myndi ganga svo langt að segja að það sé þegar ákveðin skuldbinding til staðar.“ Svandís segir drauminn vera að fá fleiri áhugasama inn í samtalið nú á fyrstu misserum og byggja saman upp tengsl og miðstöð fyrir verkefnið á Íslandi. Þrír skólar eru þegar þátttakendur í tilraunafasa. „Við viljum opna samtalið og bjóða þeim sem hafa áhuga, hvort sem það eru bændur, kennarar, skólastjórnendur eða aðrir, að taka þátt í að móta hvernig Harmony-hugmyndafræðin getur nýst í íslensku samfélagi.“

Hugmyndafræði Harmony verkefnisins

Harmony-verkefnið hefur að leiðarljósi sjö lögmál náttúrunnar, sem eru þær stoðir sem námsefni og aðferðir þess byggja á: Heilbrigði, hringrás, samvirkni, eining, fjölbreytileiki, mynstur, aðlögun. Í Harmony-skólum er unnið þverfaglega með þemu sem tengjast lögmálunum og spurningar og verkefni sem nemendur allt frá fyrsta bekk takast á við. Mikilvægur hluti verkefnisins fer fram utan veggja skólanna, svo sem í heimsóknum á bóndabýli.





Husqvarna®

Há Verslun er með umboð fyrir Husqvarna Construction á Íslandi

- **Eigum jarðvegsþjöppur á lager uppí 500 kg**
- **Þjónustuverkstæði og varahlutir**

ERUM FLUTT AÐ LYNGHÁLSI 5



Husqvarna FS 500 E
rafmagns gólfsög
Sögunardýpt 19 cm



Husqvarna DM230
Kjarnaborvél
150mm Max



Husqvarna K770 14"
Steinsög/hellusög
Sögunardýpt 12,5 cm



Husqvarna LF75
Jarðvegsþjappa
97 kg, 500 mm plata



Husqvarna FS 400 LV
gólfsög bensín
Sögunardýpt 16,2 cm



Husqvarna Rammer
Hoppari LT6005 bensín
230mm plata, 69kg



Husqvarna K970 16"
Sögunardýpt 15,5 cm



Husqvarna Trowel BG 245
Slípivél, vinnslubreidd
60 cm



Husqvarna K4000
Steinsög, 230v
Sögunardýpt 12,5 cm



Husqvarna K3600
Steinsög, vökvadrifin
Sögunardýpt 27 cm



Husqvarna K7000 Ring
rafmagnssög
Sögunardýpt 32,5 cm



Husqvarna K7000 Pre Cut
rafmagnssög
Sögunardýpt 14,5 cm

HÁ VERSLUN

Lynghálsi 5, 110 Reykjavík
Opið mán.- fös. Kl. 9 - 17
S. 588-0028
haverslun@haverslun.is
haverslun.is

Husqvarna Construction Products

Gólfsagir, jarðvegsþjöppur, kjarnaborvélar, borstandar, hopparar, slípivélar, garðverkfæri, golfbílar, garðsláttuvélar og margt fleira!
Kíktu á úrvalið á haverslun.is eða til okkar að Lynghálsi 5

Grímsstaðir í Reykholtsdal:

Gríðarleg ásókn í slátrun

– Mikil verðmætasköpun í afurðum af fullorðnu fé


Sigurður Már Harðarson
smh@bondi.is

Slátrun er nýlokið á Grímsstöðum í Reykholtsdal í Borgarfirði, en þetta er annað árið sem slátrað er samkvæmt nýju leyfi sem heimilar slátrun fyrir allt að 100 fjár á dag.

Áður störfuðu ábúendurnir Jóhanna Sjöfn Guðmundsdóttir og Hörður Guðmundsson samkvæmt reglugerð um lítið sláturhús á lögbýlum, sem gefin var út árið 2021, þar sem heimilt er að slátra 30 fjár á dag.

Fjárfestingin byrjuð að skila sér

Þau reistu sér kjötvinnslu á bænum árið 2020 með það fyrir augum að byggja við hana lítið sláturhús fengist leyfi fyrir slíkum rekstri í landinu – sem síðan raungerðist árið eftir. Síðan hafa þau rekið sína starfsemi undir vörumerkinu Grímsstaðaket.

„Við vorum alltaf ákveðin í að fara alla leið í þessu. Gerðum okkur grein fyrir því að þetta yrði mikil vinna og tæki smá tíma fyrir fjárfestinguna að fara að skila einhverju til baka. Það má eiginlega segja að það sé byrjað að gera það núna," segir Jóhanna um þessi fyrstu ár.

„Við höfum unnið fyrir lágt kaup fram að þessu, því vinnustundirnar hafa verið mjög margar. Við erum komin á þann stað núna að við erum farin að vinna fyrir einhverju kaupi. Það sem hefur líka skilað okkur meiri fjárhagslegum slagkrafti sjáum við núna með því að stækka við okkur og auka umfang slátrunar – það fylgir því ákveðin stærðarhagkvæmni. Í raun höfum við gert eitthvað á hverju ári til að bæta aðstöðuna, bæði stækkanir og endurbætur ýmsar. Áður slátruðum við þrjá daga í viku og 30 gripum á dag, sem fól í sér meira óhagræði hvað varðar kostnað við eftirlit, starfsfólk og annað."

Jóhanna bendir á að þegar þau störfuðu samkvæmt fyrra leyfi þá var kostnaður vegna dýralæknis greiddur af ríkinu. Núna greiði þau sjálf þann kostnað, en samt sé meiri hagkvæmni við núverandi fyrirkomulag.


Jóhanna Sjöfn Guðmundsdóttir, bóndi á Grímsstöðum og formaður Beint frá býli, á síðasta degi slátrunar hjá Grímsstaðaketi þetta árið. Myndir /smh


Alls var um 1.300 fjár slátrað í nýliðinni sláturtíð á Grímsstöðum.

Lokaðist fyrir góða þjónustu á Blönduósi

Með stækkuninni eru Grímsstaðir komnir í flokk með Sláturhúsi Vesturlands í Borgarnesi og Refsstað í Vopnafirði. Jóhanna segir að áður hafi mest verið slátrað frá þeim en um 20 gripum frá öðrum í viku hverri. Þau hafi fundið fyrir mikill ásókn í að komast að hjá þeim með slátrun og það hafi líkað ráðið miklu um að þau fóru í stækkunina.

„Núna erum við komin í minnihluta þeirra bænda sem slátra hjá okkur. Við tökum til dæmis megnið af sláturfé frá bænum Miðhúsum á Ströndum. Þau ákváðu að koma til okkar eftir að lokaðist fyrir þá góðu þjónustu sem þau og aðrir Beint frá býli (BFB)-bændur fengu á Blönduósi þegar sláturhúsinu þar var lokað," segir Jóhanna, en hún hefur verið formaður Beint frá býli, félags heimavinnsluaðila (BFB), frá 2024. „Annars eru þetta mest vel valdir dilkar frá ýmsum nágrönnum og nálægum sveitum sem bændur senda til okkar," bætir hún við.

Eftirsóknarverð þjónusta

Spurð um þessa sérstöku þjónustu sem bændur sækist eftir hjá þeim, segir Jóhanna að fyrir það fyrsta sé það regla hjá þeim að skrokkar hangi í fimm daga eftir slátrun. „Við pökkum líka í poka og kassa, þannig að afurðirnar séu tilbúnar til afhendingar með þeim hætti til viðskiptavinanna. Þá tökum við líka að okkur úrbeiningu á ærkjötinu, sem mikið er sóst eftir.

Mér finnst merkilegt að í raun var eftirspurn eftir því að komast að í slátrun til okkar það mikil að við urðum að vísa bændum frá."

Alls starfa átta starfsmenn við slátrunina á Grímsstöðum og dýralæknir er auk þess á staðnum. Þegar blaðamaður kom á Grímsstaði á lokadegi sláturtíðarinnar var 88 gripum slátrað, 25 lömbum og 63 fullorðnu. Alls hafði þá verið slátrað um 1.300 fjár.

Hæsta meðaleinkunn fyrir gerð

Samkvæmt yfirlitsgögnum frá Matvælastofnun yfir heildarkjötmat í landinu á síðasta ári, var hæstu meðaleinkunn fyrir gerð að finna einmitt á Grímsstöðum, eða 10,19. Jóhanna segir að skýringuna megi að hluta til rekja til þess að bændur sem láti slátra hjá sér séu sjálfir að selja afurðirnar áfram. „Þess vegna senda þeir sín bestu lömb til okkar sem þeir velja sérstaklega," segir hún.

Hún segist hins vegar ekki geta skýrt það hvers vegna þau skáki hinum litlu sláturhúsunum að þessu leyti, það sé í sjálfu sér rannsóknarefni. En það var sláturhús KVH á Hvammstanga sem var með næsthæstu meðaleinkunn fyrir gerð, eða 10,01.

Gríðarleg ásókn

„Tækifærin eru svo sannarlega til staðar," segir Jóhanna þegar hún er spurð hvort hún vilji hvetja aðra bændur til að fara út í sambærilegt ferli og þau hafa farið í gegnum.

„Við sjáum að ásóknin í þessa þjónustu hjá okkur er gríðarleg. Samt erum við tvö sláturhúsin á Vesturlandi sem erum í sambærilegri starfsemi. Ég hef fundið fyrir því að bændur eru að hugsa sig um, spyrja okkur um reynsluna og ég hef bara stutt fólkið heilshugar í því að skoða málin vel og taka af skarið ef aðstæður leyfa.

Bæði er hraðinn minni, hægt er að láta skrokka hanga lengur og því hægt að skila ákjósanlegum afurðum út úr ferlinu. Síðan eru afurðirnar upprunamerktar og vegna alls þessa er líka hægt að verðleggja afurðirnar hærra – sem leiðir til mun hærra afurðaverðs til bænda. Sérstaklega var munurinn mikill þegar við tókum við Grímsstaðabúinu árið 2017, á útgefnu afurðastöðvaverði fyrir dilkakjöt og því afurðaverði sem hægt var að fá með því að bændur seldu sjálfir."

Helsti ávinningurinn í afurðum af fullorðnu

Hún segir helsta ávinninginn hvað afurðaverðið varðar þó hafa reynst vera í afurðum af fullorðnu fé, ær- og sauðakjöti. „Ærkjöt er allt úrbeinað og seldir eru stakir bitar eða heilir ærskrokkar. Kjöt af veturgömlu og sauðakjöt er reykt, læri og frampartar, en hryggir eru úrbeinaðir og hryggvöðvarnir seldir ferskir. Einnig er kjöt af veturgömlu og sauðum selt í heilum skrokkum, sagað eða úrbeinað eins og við þekkjum að lambakjöt er verkað. Það er alltaf að aukast.

Við reynum að gera vörur úr öllu sem til fellur og nýtum allt sem ekki getur verið ferskvara úr ærkjöti í til dæmis bjúgu.

Þegar við vorum að byrja í þessu seldum við í raun mjög lítið af ærkjöti, en núna erum við meira að segja að kaupa til okkar ær til að geta annað eftirspurn eftir vörunum okkar.

Aukna aðsókn í okkar afurðir held ég að megi bara skýra með orðsporinu, þetta spyrst út. Við höfum ekki farið í neinar markaðsherferðir og förum ekki oft á viðburði til að auglýsa vörurnar okkar. Okkar helsti viðskiptamannahópur er af höfuðborgarsvæðinu."

Aðild að SSFM til bóta

BFB var stofnað árið 2008 og varð aðildarfélag að Samtökum smáframleiðenda matvæla (SSFM) árið 2022. Jóhanna segir að félagið hafi vaxið eftir þessa breytingu. Áður hafi lítil sem engin starfsemi verið innan félagsins.

Eftir að við gerðumst aðildarfélag fengum við framkvæmdastjóra sem hefur síðan þá unnið að okkar hagsmunum og hagsmunagæslu. Félagið hefur stækkað og orðið mun sýnilegra fyrir neytendur, sem sést vel þegar við förum að halda Beint frá býli-daginn þar sem aðsókn hefur alltaf verið mjög góð. Okkar tilfinning er að neytendur beri traust til félagsins og þeirra fyrirtækja sem starfa undir merkjum þess.

Við græddum heilmikið á þessum breytingum, því þá fengum við framkvæmdastjóra sem hefur unnið að okkar hagsmunum eins og þurfti. Samtökin hafa eflst heilmikið líka og félagsfólki fjölgað. Það eru nú um 250 fyrirtæki og framleiðendur undir hatti SSFM.

Hjá okkur hefur félagsstarfið verið frekar stöðugt með kannski svolítilli fjölgun félaga síðustu árin," útskýrir Jóhanna.

Hún bendir á að það hafi einmitt verið vegna styrksins sem heildarsamtökin hafi sem náðst hafi fram ýmsar úrbætur í starfsumhverfinu. Til dæmis í því hvernig smáframleiðendur matvæla starfa undir þeim ströngu reglum sem gilda um þessa starfsemi. „Okkur gengur almennt betur núna að starfa í því regluverki sem var kallað „íþyngjandi" í ýmsum atriðum. Það eru enn vandamál sem koma upp auðvitað en það hefur samt mikið breyst til batnaðar – aðallega hafa mál verið einfölduð og verklag er skýrara gagnvart smáum framleiðendum.


Ég held að það sé full ástæða til bjartsýni í þessum málum. Gaman að segja frá því að við fáum nema til okkar á hverju hausti frá Hvanneyri og í haust var hópurinn sérlega áhugasamur um að fara út í svipaða starfsemi á sínum bæjum og við stundum hér á Grímsstöðum."



JEPPABÓKIN

Ómissandi upplýsingarit
á hvert heimili.





FORLAGIÐ

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39
Virka daga 10–18 | Lau 11–17 | Sun 12–16
www.forlagid.is

Heildarlausnir
í fráveitu

Málmsteypan





Maríus Halldórsson, formaður Smalahundafélags Íslands, segir smalahunda létta mikið undir í fjárbúskap. Hér fer Border Collie-hundur létt með að reka fjárhóp upp á kerru á meðan Maríus stendur hjá og gefur skipanir með flautu. Myndir / ál

Smalahundar lykilþáttur í búskapnum

Á Presthólum í Norðurþingi búa bændurnir Maríus Halldórsson og Lára Björk Sigurðardóttir ásamt fjórum börnum. Þau eru með um 600 kindur og skipa fjárhundar stóran sess í þeirra búrekstri. Maríus er formaður Smalahundafélags Íslands og hefur keppt erlendis í smalahundakeppnum fyrir Íslands hönd. Hjónin byggðu nýlega hús með fullkominni aðstöðu fyrir tíu hunda.



Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is

„Samfélagið í kringum smalahunda á Íslandi fer ört stækkandi," segir Maríus í samtali. „Mér finnst fleiri bændur vera að átta sig á því að þeir þurfi að fá sér hund. Víða eru bændur að hætta búskap og því eru færri eftir sem þurfa að smala stór svæði. Ég væri sjálfur ekki til í að vera hundlaus með kindur, en góður hundur léttir gríðarlega undir."

Maríus hefur verið formaður Smalahundafélags Íslands (SFÍ) frá því í fyrra ásamt því að vera formaður í Austurlandsdeild SFÍ. Meðlimir SFÍ eru 347 og segir Maríus starfið nokkuð virkt. Starfsemi félagsins felst meðal annars í því að skipuleggja og halda utan um landskeppnina sem er árlega og standa fyrir námskeiðum.

Á heimsmeistaramóti í Skotlandi

„Smalahundakeppnir eru erfiðasta íþrótt í heimi," segir Maríus. „Þetta er sálarstríð þar sem þú þarft fyrir það fyrsta að hafa hemil á sjálfum þér á sama tíma og þú hefur hemil á hundinum sem þarf aftur að hafa hemil á kindunum."

Í lok september fór Maríus ásamt Elísabetu Gunnarsdóttur fyrir Íslands hönd á heimsmeistaramót Alþjóðasamtaka smalahunda sem haldið var í Skotlandi. „Það gekk ágætlega hjá mér, en ég var í hundraðasta sæti af rétt rúmlega 300 keppendum, eða vel yfir meðallagi. Ég féll reyndar á tíma, en náði góðu skori á því sem ég kláraði. Þetta var í annað skiptið sem ég keppi á heimsmeistaramóti, en árið 2023 fór ég til Norður-Írlands þegar mótið var haldið þar."

Aðspurður um hvernig þessi smalahundakeppni fór fram segir Maríus: „Í forkeppninni er byrjað á 350 metra úthlaupi. Hundurinn þarf að koma í boga fyrir kindurnar og á að koma með þær eins beint og hægt er til þín í gegnum eitt hlið á leiðinni. Svo áttu að láta hann reka frá þér í þríhyrning í gegnum önnur tvö hlið.

Þarna voru fimm kindur og tvær þeirra merktar með hálsól. Fyrst átti að taka tvær ómerktar og skilja frá hópnum. Þegar dómarinn hafði gefið samþykki mátti sameina þær aftur og smala hópnum í beinni línu inn í rétt. Eftir það átti að reka kindurnar aftur út úr réttinni og taka frá aðra af þeim merktu, en það getur verið mjög krefjandi að skilja eina kind úr hóp," segir Maríus.

Deildarmót um allt land

Maríus fór með sigur af hólmi í landskeppni Smalahundafélags Íslands þann 10.–11. október á Húsatóftum á Skeiðum. Hann bendir á að blæbrigðamunur geti verið á keppnum og brautum, en í grunninn séu þær allar með úthlaup, rekstur og rétt. „Þetta er það sama og við erum að gera í smalamennsku, en við erum að senda hundinn til að sækja fé, reka upp á kerru og annað í þeim dúr. Keppnir eru bara fínisering á vinnunni okkar."



Lára Björk Sigurðardóttir og Maríus Halldórsson, bændur á Presthólum í Norðurþingi. Þau eru með 600 kindur, en þjálfun og ræktun smalahunda eru stór þáttur í þeirra búrekstri. Hér standa þau í nýlegri byggingu sem er sérstaklega hönnuð til þess að rúma tíu hunda í þrifalegu og öruggu umhverfi.

Deildirnar innan SFÍ standa fyrir keppnum víðs vegar um landið. Í nóvember var mót á Tjörnesi þar sem keppendur ráku fjórar ómerktar kindur og var nóg að skipta hópnum í tvennt. „Í þessari keppni voru átján keppendur og margir sem hafa aldrei tekið þátt áður," segir Maríus. „Núna erum við með nýjan flokk sem heitir „Bændaflokkur" sem er ekki eins tæknilega krefjandi þar sem rekið er í gegnum færri hlið. Þessi flokkur er hugsaður til þess að taka hrollinn úr fólki, en sumir eru smeykir við að stíga sín fyrstu skref á vellinum. Þá getur hundur verið mjög gagnlegur smalahundur þó svo að hann yrði aldrei stigahár í keppni."

Þarf minnst þrjá hunda

„Í smalamennskum fer eftir atvikum hversu marga hunda ég nota í einu, yfirleitt einn til tvo," segir Maríus. „Svo reynum við að skipta hundunum út, þannig að við notum einn í dag, annan á morgun og þann þriðja daginn þar á eftir. Ég vil helst ekki keyra þá út eða gera þá halta, en ég nota hundana mína líka í verktöku fyrir aðra bændur.

Miðað við þá notkun sem hundarnir fá á þessu búi myndi ég ekki vilja vera með færri en þrjá fullþjálfaða hunda. Þá þyrftu tveir til þrír að vera í þjálfun á hverjum tíma, ásamt tveimur til þremur hvolpum í uppeldi. Eftir því sem hundarnir þroskast sérðu hvort þeir henti þér eða öðrum eða hvort þeir séu hreinlega ekki nothæfir smalahundar. Alla jafna erum við með eina til tvær tíkur og eitt til tvö got á ári. Oft kaupi ég hunda sem mér líst vel á að rækta undan, en venjulega er það þannig að ég sendi tíkurnar á lóðaríi til þeirra sem eiga góða hunda.

Eins og hálfs árs gamlan hund áttu alveg að geta notað í einföld verk. Hundarnir eru oft orðnir fullþjálfaðir í kringum þriggja ára aldur, en það er ekki gott að fara

of snemma með þá í fulla notkun. Hundarnir eru mikið notaðir sem þýðir að þeir slitna hraðar en heimilishundar. Smalahundar endast í átta til tíu góð ár og þegar fer að hægjast á hundunum ferðu að finna þeim verkefni sem henta betur, en þó svo að þeir séu orðnir gamlir geturðu notað þá til að smala túnin. Ferskustu hundarnir fara í göngur á meðan þú hlífir gömlu hundunum til þess að geta átt þá lengur.“

Aðspurður segir Maríus taminn Border Collie-smalahund kosta allt frá einni milljón króna upp í tvær milljónir. „Það er búið að leggja mikla vinnu í að rækta þá, en oftar en ekki eru þeir undan innfluttum hundum sem eru rándýrir. Svo þarf að ala þá upp, temja og þjálfa með öllu sem því fylgir. Fulltaminn hundur er til þess að gera orðinn frekar dýr söluvara. Það er allur gangur á því hvað hundarnir eru gamlir þegar við seljum þá, en það fer eftir eftirspurn. Korteri fyrir göngur loga yfirleitt allar línur hjá okkur þegar fólk vill panta sér hund.“



Presthólar eru skammt frá Kópaskeri og eru í sveit sem oft er kölluð Núpasveit. Nýi hundakofinn er bygging með svörtu þaki lengst til hægri á myndinni, en þar við hliðina eru fjárhús. Íbúðarhúsið er lengst til vinstri.

Smalahundar ekki gæludýr

„Border Collie er síðasta hundategundin sem ég myndi vilja hafa á heimili,“ segir Maríus. „Þetta eru ekki gæludýr heldur ofvirkir hundar sem eru ræktaðir til þess að vinna. Ef þeir hafa ekki verkefni þá finna þeir sér eitthvað að gera, eins og að elta bíla, bíta póstinn, naga sófasettið eða atast í hrossunum,“ segir Maríus. Lára bendir á að það sé líklega engin tilviljun að Border Collie séu algengustu hundarnir í heimilisleit hjá Dýrahjálp.

„Allir smalahundarnir okkar eru Border Collie, fyrir utan eina tík af nýsjálenska kyninu Huntaway sem er ræktað til þess að reka og gelta.“ Aðspurður segist Maríus ekki hafa trú á því að hann geti þjálfað íslenskan fjárhund til þess að smala. „Ég gæti hins vegar farið með hann í taumgöngu og kennt honum vísur og góða siði,“ segir hann glettinn.

Á Presthólum er einn hundur sem var sérstaklega fenginn til þess að vera gæludýr. „Krakkarnir voru alltaf að suða um að fá sinn eigin hund þar sem þau réðu illa við smalahundana,“ segir Lára. „Ég féllst á það með semingi,“ segir Maríus, „en eina skilyrðið sem ég setti var að það væri ekki lítill geltandi innihundur. Ég fékk þetta í staðinn,“ segir hann og bendir kíminn á Sankti Bernharðshund á stærð við kálf.

Hundakofi á stærð við íbúðarhús

Bændurnir á Presthólum tóku í notkun hús árið 2024 sem er sérstaklega hugsað sem aðstaða fyrir tíu hunda. Aðspurður af hverju hjónin lögðust í þessar framkvæmdir svarar Maríus: „Það er gaman að hafa hlutina í lagi. Við erum með marga hunda og þeir geta ekki allir verið saman. Við tökum líka hunda fyrir aðra í tamningu og pössun og þá er eins gott að aðstaðan sé góð, en við viljum geta sofið vært án þess að hafa áhyggjur af því að eitthvað komi upp á.

Þetta eru í kringum 40 fermetrar inni og svo er þak yfir útibúrunum. Ég vil kalla þetta hundakofa, sem er auðvitað svolítið fyndið af því að þetta er eins og lítið íbúðarhús. Við báðum þann sem hannaði fyrir okkur húsið að fara einfaldlega eftir reglugerðum þar sem við vildum ekki lenda í því að þurfa að gera breytingar eftir á til að uppfylla staðla. Hvert búr er bæði með inni- og útisvæði. Þar að auki erum við með útigerði og það er hiti í steypunni þannig að stéttin bræðir af sér.

Við getum stjórnað því hvort hundarnir eru inni eða úti með hlerum sem við opnum og lokum án þess að þurfa að fara inn í stíurnar. Ég vildi hafa þetta þannig að ég gæti staðið á ganginum og opnað fyrir hverjum og einum hundi út í útibúr. Þetta skiptir líka máli ef þú ert með varasama hunda eða færð einhvern til að leysa þig af.

Húsið er hannað til þess að við getum verið fljót að þrífa. Hérna er hallandi gólf og í staðinn fyrir að hafa svelginn í miðju húsinu

> Smalahunda-keppnir eru erfiðasta íþrótt í heimi. Þetta er sálarstríð þar sem þú þarft fyrir það fyrsta að hafa hemil á sjálfum þér á sama tíma og þú hefur hemil á hundinum sem þarf aftur að hafa hemil á kindunum. ...

þannig að þú þurfir að fara inn í hvert búr til að smúla, þá erum við með niðurfall meðfram veggjunum. Við getum því sett alla hundana í ytri stíuna á meðan við smúlum allt hérna inni.

Matardallarnir eru á grind sem er hægt að snúa og er því enginn hundur að trufla þig á meðan þú grækjar skálarnar. Það getur verið krefjandi að gefa tveimur hundum að éta, hvað þá tíu.

Bygging þessa húss hefur staðið lengi til og þetta var eitt af því fyrsta sem við réðumst í eftir að við keyptum jörðina. Við vorum áður í tíu ár á Hallgilsstöðum í Þistilfirði, en þar sem við leigðum þá jörð af sveitarfélaginu var lítil glóra í að fara í þessar framkvæmdir þar,“ segir Maríus.

Lára og Maríus tóku við Presthólum af foreldrum Láru árið 2023. Þau heita Sigurður Árnason og Alda Jónsdóttir og búa núna á Kópaskeri sem er skammt frá.

Stjórnarráð Íslands
Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið

Menning og listir á Vestfjörðum 26. 11. 26

Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið stendur fyrir ráðstefnu um menningu, listir og skapandi greinar á Vestfjörðum fimmtudaginn 26. nóvember í Edinborgarhúsinu á Ísafirði.

Ráðstefnan er opin öllum á meðan húsrúm leyfir. Skráning fer fram á vef ráðuneytisins, mnh.is.

Dagskrá

Kl. 9:00 Setning ráðstefnu - Gylfi Ólafsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar
Kl. 9:20 Ávarp - Logi Einarsson, menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra
Kl. 9:40 Stefna Edinborgarhússins, Ingi Björn Guðnason
Kl. 9:55 Arna Kristín Einarsdóttir, skrifstofustjóri í menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti
Kl. 10:20 Kaffihlé
Kl. 10:30 Skúli Gautason, menningarfulltrúi Vestfjarða
Kl. 10:50 Signý Ormarsdóttir, fyrrverandi menningarfulltrúi Austurlands
Kl. 11:20 Hátíðir - erindi frá listafólki og frumkvöðlum á Vestfjörðum
Kl. 12:15 Hádegisverður
Kl. 13:00 Listamiðstöðvar og sjóðir – kynning
Kl. 13:30 Menningarstofnanir og Listaháskólinn - samtal og samstarf við Vestfirði
Kl. 15:00 Gullkistan Vestfirðir - menning og skapandi greinar, Bryggjusalur
Kl. 16:00 Úthlutun úr Uppbyggingarsjóði Vestfjarða, Edinborgarsalur

Skráning og nánari upplýsingar á mnh.is



Ásdís Thoroddsen hefur umsjón með gömlum lýsistönkum á Raufarhöfn sem er búið að breyta í menningarhús.
Myndir / ál

Raufarhöfn:
Lýsistönkum breytt í listatanka



Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is

Ásdís Thoroddsen kvikmyndagerðarmaður hefur tekið að sér tvo lýsistanka á Raufarhöfn og eru þeir orðnir vettvangur lista- og menningarviðburða.

„Bæjarbúar ákváðu á fundi 2021 að þá langaði til að láta þessa tanka standa," segir Ásdís aðspurð af hverju hún tók að sér þessi mannvirki. „Ég vissi ekkert af þessum fundi, en þegar ég spurði einhverju síðar hvað ætti að gera við tankana var það næstum eins og viljayfirlýsing að ég ætlaði að taka þá að mér. Auðvitað samsinnti ég því og núna ber ég ábyrgð á þessum tveimur tönkum og því sem fer fram inni í þeim.

Árið 2024 var lagt af stað í það að sækja fé og fyrsti viðburðurinn var flautukonsert í júlí 2024 með Berglindi Maríu Tómasdóttur og dóttir hennar, Anna Signý, lék undir. Þetta var áður en dyraopin voru söguð og þurfti fólk að skríða inn um göt niðri við gólf. Dyraopin voru söguð um vorið 2025 og byrjaði allt heila gillið á tónlistarhátíðinni Melrakkanum um sumarið. Opnunaratriðið var „heavy duty" tilraunatónlist í nyrðri tankinum og Raufsarar mættu á allt saman. Í syðri tankinum vorum við með stóra sýningu Siggu Bjargar Sigurðardóttur og Mikaels Lind.

Í vor var landsmót Stemmu, landssamtaka kvæðamannafélaga, í félagsheimilinu Hnitbjörgum og á einum viðburðinum var farið með rímur í öðrum tankinum. Í sumar var listasýning Péturs Arnar Friðrikssonar í syðri tankinum sem hefur gengið vel," segir hún. Aðrir viðburðir í sumar voru meðal annars flutningur á óperuverki um verslunarmannahelgina og kórsöngur í september.



Ásdísi finnst mikilvægt að listamenn sem sýna í tönkunum nýti sér rýmið á einhvern hátt. Hér sést verkið Höfn eftir Pétur Örn Friðriksson sem sýnt var í syðri tankinum í sumar.

Tankarnir þurfa að spila hlutverk

„Starfsemin er auðvitað aldrei sjálfbær, ekki frekar en listastarfsemi yfir höfuð," segir Ásdís. „Það mótframlag sem vantar upp á kemur frá mér, sem felst yfirleitt í sjálfboðavinnu minni. Við fengum góðan styrk frá samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi eystra sem var hugsaður til þess að gera við þakið á báðum tönkunum, en hann rétt nægir til þess að laga þakið á einum. Í viðnum reyndist meiri fúi en við áætluðum og sperrur orðnar veikar. Núna erum við búin að tryggja þetta allt í nyrðri tankinum og setja glæra kúpla yfir götin sem áður var lokað með járnhlerum."

Aðspurð segist Ásdís sjá um að velja þá listamenn sem halda sýningar í tönkunum, en ýmist leitar hún þá uppi eða þeir hafa samband við hana. „Þeir eru með frjálsar hendur, en ég vel þá sem ég tel hafa möguleika á að gera verk sem passa inn í tankana, en það þýðir lítið að negla upp vatnslitamyndir, eins og vatnsliturinn er fallegur. Þetta er geimur og það skiptir máli að tankarnir spili hlutverk. Mér finnst skipta máli að hafa bæði fólk sem stendur hátt í listaheiminum, eins líka fólk sem stendur lágt og starfar bara með sjálfu sér og fáum. Eins skiptir máli að hafa listamenn sem tengjast þessu svæði, alveg eins og það skiptir máli að fá listamenn sem koma langt að."

Melrakkasléttan heillandi í sinni hógværð

„Nyrðri tankurinn heitir Bak á meðan hinn heitir Stjór," segir Ásdís. „Það er út af litunum á hurðunum, en önnur er rauð og hin græn. Sjómenn vita hvað þetta þýðir, en þetta vísar til innsiglingaljósa sem eru rauð og græn. Tankarnir voru byggðir á síldarárunum til þess að geyma lýsi og sinntu þeir síðast sínu fyrra hlutverki í kringum 2005. Þrátt fyrir þessi nýju menningarhús, ef svo skyldi kalla, er félagsheimilið Hnitbjörg alltaf miðjan, eins og í hverju þorpi. Því skiptir máli að viðhalda því, en sveitarfélagið tímir ekki að gera við það. Þessi starfsemi í tönkunum er engin afsökun til þess að sleppa því að halda við Hnitbjörgum á meðan tankarnir eru skemmtileg viðbót sem ég er ánægð að taka þátt í."

Ásdís hefur dvalið mikið á Raufarhöfn frá árinu 2012 eftir að hún keypti elsta hús Kaupfélags Norður-Þingeyinga fyrir lága upphæð með því skilyrði að hún gerði það upp. „Ég er hérna upp undir hálft árið frá vori fram á haust. Svo finnst mér gott að vera heima í Reykjavík í dimmunni og grúska á skrifstofunni. Raufarhöfn sjálf og Melrakkasléttan, þetta landsins stél, er heillandi í sinni hógværð. Fólk hefur varla komið hingað og svæðið vekur forvitni. Hér er mikil saga og gífurlegt lífríki og mér finnst gaman að hafa lent hérna."

Bílskúrs- og iðnaðarhurðir





- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli
Iðnaðarhurðir
Iðnaðarhurðir með gönguhurð
Bílskúrshurðir
Hurðir í trékarma
Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

Gastec Hurðir ehf.
Vagnhöfða 9 Reykjavík - bilskurshurdir.is - netfang: olafur@gastec.is

Reiðvegir fyrstu samgönguinnviðirnir

Út er komin í rafrænni útgáfu bókin Reiðvegir Íslands eftir Halldór H. Halldórsson.

„Ég var í um tuttugu ár formaður reiðvega- og samgöngunefndar Landssambands hestamanna og í gegnum tíðina hefur mikið efni safnast hjá mér," segir Halldór H. Halldórsson í samtali. „Þegar ég fór að velta fyrir mér hvað ég ætti að gera við allar þessar upplýsingar varð úr að ég tók þær saman og gerði rafræna bók sem er öllum aðgengileg á heimasíðu LH (Landssamband hestamanna).




Í bókinni fjalla ég fyrst um þjóðleiðir og reiðvegi á öldum áður og hvernig þeir hafa þróast. Þó svo að margt hafi verið skrifað um forna tíð hef ég hvergi rekist á að sérstaklega hafi verið skrifað um reiðvegi, þó svo að nokkuð hafi verið fjallað um póstleiðir og kappana sem voru í þeirri baráttu. Ég er ekki að fjalla beint um einstaka reiðleiðir, fyrir utan þær helstu yfir hálendið og í nágrenni höfuðborgarsvæðisins. Í miðhluta bókarinnar fer ég yfir nútímasögu reiðvega og hvernig þeir hafa byggst upp.

Það sem ég var að vonast til var að þessi bók yrði til þess að þeir sem á eftir mér koma hafi allar upplýsingar við höndina, að minnsta kosti frá þeim tíma sem ég var í reiðvega- og samgöngunefndinni. Þeir sem eru að vinna að málefnunum þurfa því ekki að vera stöðugt að finna upp hjólið. Eins vona ég að hestamenn grípi í bókina og hafi gaman af því að fletta í henni. Þar sem bókin er rafræn er hægt að hoppa á milli kafla með því að smella á þá í efnisyfirlitinu.

Reiðvegir og þjóðleiðir eru fyrstu samgönguinnviðir þjóðarinnar og hluti af menningararfi okkar. Eins og með marga innviði hefur verið skortur á viðhaldi og þeir drabbast niður. Fjármunirnir sem ríkið veitir í þennan málaflokk standa ekki undir viðhaldi á þeim reiðvegum sem fyrir eru, hvað þá að styrkja eða byggja kerfið upp. Um fjórtán þúsund manns eru skráðir í hestamannafélög víðs vegar um landið. Yfirleitt eru svo rúmlega tveir sem taka virkan þátt í hestamennskunni með hverjum félaga. Því má áætla að um þrjátíu þúsund manns stundi þessa útivist," segir Halldór. */ál*

PORSCHE



Birt með fyrirvara um mynd- og textabrengl. Bílabúð Benna áskilur sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Bíll á mynd er Cayenne Turbo með aukabúnaði.

Gengið styrkist og Benni lækkar nýja bíla.

Porsche lækkar um allt að 1.500.000 kr.

Dæmi um lækkun á mjög velbúnum Porsche Cayenne rafmagn.

Verð áður: 16.950.000 kr.

Lækkað verð nú: 15.950.000 kr.

Sjá nánar.

Porsche á Íslandi | Krókhálsi 9 | S: 590 2000 | benni.is

Bílabúð Benna

— Sérfræðingar í bílum í yfir fimmtíu ár —

Hússtjórnarskólinn í Reykjavík:

Þar sem er hjartarúm, er húsrúm

– Skólastýran Marta María Arnarsdóttir býður nemendur velkomna

Sigrún Pétursdóttir
sigrunpeturs@bondi.is





Marta María segir Hússtjórnarskólann hvíla á einstaklega góðum, gömlum grunni sem aðeins verður betri með hverju árinu sem líður. Myndir / sp

Hússtjórnarskólinn í Reykjavík situr við Sólvallagötuna í reisulegu húsi, en forgöngu að stofnun skólans, sem starfað hefur óslitið síðan 1942, átti Bandalag kvenna í Reykjavík.

Í anddyri hússins tekur skólastýran, Marta María Arnarsdóttir, á móti gestum opnum örmum en vandfundin er sú hlýja og það heimilislega viðmót sem upplifunin er þegar stigið er inn fyrir dyrnar. Húsnæðið er að sama skapi aðlaðandi að innanverðu, hátt til lofts og vítt til veggja og gefur þeim sem hann sækja vissu um að hér sé til jafns hjartarúm sem húsrúm.

Marta tók við stjórninni árið 2019, en áður hafði Margrét Sigfúsdóttir gegnt starfinu um árabil. Hún segir skólann hafa að sjálfsögðu þróast með tímanum þótt kjarninn sé sá sami – hann hvíli einfaldlega á einstaklega góðum, gömlum grunni sem hefur aðeins orðið betri með hverju árinu sem líður.

„Grunnurinn er ofboðslega góður, en þegar ég tók við skólastjórninni fór ég að velta fyrir mér hvað ég hefði viljað læra hér sjálf á sínum tíma sem ekki var kennt," segir Marta, sem sjálf var nemandi skólans vorið 2015.

„Námið hjá okkur er að öllu jöfnu góður undirbúningur út í lífið, en við förum vel yfir ýmsa þætti sem koma sér vel til framtíðar litið. Námsgreinar skólans eru allt verkleg kennsla, en hér kennum við matreiðslu, þvott og ræstingu, fatsasaum, útsaum, prjón, hekl, vefnað og hússtjórn.

Marta segir hússtjórnina nokkuð víðtæka námsgrein, en innan hennar felist ein fárra breytinga sem komið var á eftir að hún tók við stjórn skólans.

„Þetta er, má segja, altmuglig áfangi sem er ekki alltaf eins, heldur mismunandi eftir hópum, því nemendur mega koma með hugmyndir og hafa smá stjórn á því sem þeir vilja læra. Í áfanganum kemur til dæmis smíðakennari til okkar og nemendur læra að tálga, sparsla og pússa, skipta um klær og þess háttar. Það er til dæmis eitthvað sem margir reka sig á að kunna ekki, þegar þeir fara fyrst að búa ... skipta um vatnslás, hvað er það?" segir Marta brosandi. „Og ég þoli ekki að vera ósjálfbjarga, þurfa að hringja í einhvern utanaðkomandi til að koma og græja þessa einföldu hluti sem maður ætti að geta gert sjálfur.

Slík kunnátta dettur þó ekkert af himnum ofan, þetta þarf að læra – eða hlotnast kjarkinn til að ganga í að gera þetta – og mig langaði því að bæta þessum atriðum inn á námskrána."

Sjálfstæði í græingum nauðsynlegt

Marta segir sjálfstæði í græingum passa vel inn í námskrá skólans, enda mikilvægt að geta bjargað sér í sem víðasta skilningi þess orðs, áður en fagfólk er kallað til.

Til viðbótar við þessa undirstöðu iðngreina hafi kennsla varðandi hár og förðun verið innan hússtjórnaráfangans, boðið hafi verið upp á fjármálafræðslu, sjálfsvarnarnámskeið, macrame hnútabindingu og farið yfir brunavarnir svo eitthvað sé nefnt, en einnig eru gestakennarar oft fengnir eða farið er í heimsóknir á áhugaverða staði.

„Það eru auðvitað mismunandi hugmyndir sem koma upp, en markmiðið yfirhöfuð er að gera gott betra. Eitt haustið datt okkur í hug að fara á kúabú og síðan þá höfum við farið nokkrum sinnum, enda mikill áhugi fyrir því að fara í slík ferðalög. Hússtjórnaráfanginn, eða hússtjórn, felur því í sér mjög víðtækt hugtak hjá okkur. Sem er algjör snilld," segir Marta.

„Námið okkar er til einnar annar, annaðhvort þá haust- eða vorönn. Hópurinn sem er hjá okkur núna byrjaði í ágúst og útskrifast um miðjan desember. Svo koma bara nýir nemendur strax 7. janúar og útskrift 14. maí, ef ég man rétt," segir Marta sem laumar því að að enn séu nokkur pláss laus á vorönnina ef einhverjir hafi áhuga á að skrá sig.

Nám ætlað öllum

„Það er svo skemmtilegt hvað við náum að kynnast öll vel þótt námið standi ekki yfir lengur en í eina önn, en af því að við erum fá og margir kjósa að vera hér á heimavistinni þá verður þetta svo náið samfélag.

Nemendur skólans eru sjaldnast fleiri en 24 og þar af komast 15 á heimavist. Haustannirnar eru vinsælli en vorannir, umsóknir koma oft að vorlagi um leið og öðru námi lýkur hjá fólki, en þetta er oftar skyndiákvörðun hjá þeim sem sækja um hjá okkur fyrir námið sem hefst eftir áramótin. Minna planað kannski," segir Marta hugsi, þá til dæmis vegna þess að fólk hættir í öðru námi og hefur þá óvænt lausan tíma eftir áramót."

Eins og staðan er núna, eru í kringum fimmtán nemendur sem hefja nám í janúar. Enn er hægt að sækja um á heimasíðu skólans og umsóknunum er svarað jafnóðum og þær berast og allir velkomnir frá átjánda aldursári. Marta segir algengasta aldurshóp umsækjenda vera frá 18-25 ára, en þó hafa nemendur verið upp undir þrítugt að aldri og jafnvel fertugt.

„Yngri nemendur ganga þó fyrir og ekki er nauðsynlegt að vera með stúdentspróf enda störfum við sem lýðskóli og nemendur þurfa ekki neina undanfara til þess að komast inn."

Marta bendir á að námið sé ekki talið til eininga, enda sækist nemendur frekar eftir verunni í Hússtjórnarskólanum til þess að njóta sín og sinna hugðarefna. Nokkuð sé um að nemendur taki ársleyfi frá almennri skólagöngu eftir útskrift úr framhaldsskóla eða öðru og þetta sé þá tilvalið, enda hagnýtur undirbúningur fyrir lífið.

„Margir koma hingað vegna áhuga á hannyrðum eða matreiðslu og langar kannski að komast að því hvort sá áhugi geti verið skref í áttina á einhverju frekara námi í þá áttina.

Hingað koma einnig nemendur sem hafa kannski ekki komist inn í slíkt nám annars staðar, en styrkja grunninn sinn hér og komast þá inn annars staðar eftir að hafa verið hjá okkur. Ég hef að minnsta kosti aldrei heyrt af neinum sem ekki hefur komist einhvers staðar inn eftir eina önn í Húsó," segir Marta hlæjandi, enda víðtækur grunnur sem er gott að byggja ofan á.

Hún segir veruna í skólanum geta einnig hjálpað þegar markmiðið sé að komast í ákveðna virkni, eða rútínu og henti til dæmis fólki með skólaforðun, því hér sé upplifun af skóla og námi almennt mjög jákvæð.

Mjúk lending á eigin fætur

„Nemendur utan af landsbyggðinni nýta gjarnan veruna hér sem svona fyrsta skref að heiman í höfuðborgina, segir Marta, enda erum við með heimavist á efstu hæð skólans

Þeir sem eru búsettir á, eða nær, höfuðborgarsvæðinu er reyndar einnig velkomið að flytjast hingað á vistina, enda skapast oft skemmtileg og góð stemning í húsinu. Hér er húsvörður sem býr í skólanum og alltaf aðgengilegur, passar upp á að allt sé lokað og læst, og til staðar fyrir það sem á bjátar. Fyrir utan það nú að hér er nægur matur í ísskápnum, þannig enginn lendir einn í Reykjavík að borða núðlur ... þetta er mjúk lending í að standa á eigin fótum."

Enginn settur útivistartími er við lýði í Hússtjórnarskólanum og þó nemendur fari út að skemmta sér eru þeir hvattir til að koma heim að skralli loknu.

„Áfengis- og vímuefnanotkun er að bönnuð hérna en við hvetjum nemendur að sjálfsögðu til að koma heim hvenær sem er sólarhringsins og hvernig sem ástandið er. Þetta er kannski annar hugsanaháttur en búist er við, en við viljum að nemendur séu öruggir með að þeir megi koma heim. Jafnvel þeir sem búa ekki á vistinni. Hér er alltaf læst en að sama skapi má valsa hér inn og út á öllum tímum sólarhringsins ef þannig stendur á og oft ótrúlega mikið líf í húsi þó formlegri stundaskrá sé lokið, bæði á kvöldin og um helgar.

Mér finnst sjálfri oft langbest og skemmtilegast að vinna hérna fram á kvöld því þá er þetta svo hlýlegt og heimilislegt," segir Marta brosandi.



Nemendur eiga orðið



Efri röð frá vinstri: Bríet Saga Kjartansdóttir, Ásrún Eir Þórarinsdóttir og Ísabella Lára Helgadóttir. Neðri röð f.v.: Þórdís Ómarsdóttir og Ína Margrét Sigurðardóttir.

Stöllurnar hér á myndinni eru hluti af nemendum skólans og kunnu allar góðar sögur að segja. Þær, utan einnar, eiga það sameiginlegt að búa á heimavistinni og mæla algerlega með því, enda „agalega gott að geta vaknað korter fyrir skóla“ ...fyrir utan það að upplifa vistina sem veru á sínu öðru heimili. Aðspurðar hvað hafi komið þeim á óvart í náminu sammæltust þær nær einróma um vefnaðarkennsluna og vefstólar voru í draumum einhverra eftir nám. Þær mæla allar með því að hika ekki, en sækja um hið snarasta ef áhugi er fyrir náminu. „Bara go for it! Þetta er eitthvað sem nýtist til lífstíðar, náið og notalegt samfélag og jú, kemur skemmtilega á óvart." **Lengra viðtal við stelpurnar er á netinu!**





Öryggi og vellíðan ætti að vera allra

„Markmiðið er að skapa athvarf. Helsta ósk mín þegar kemur að nemendunum er að þeim líði vel hérna og eignist vonandi vini fyrir lífstíð, sem er ótrúlega mikilvægt. Mitt, númer eitt tvö og þrjú, er að skapa hlýju og heimili þar sem öllum líður vel. Og svo að sjálfsögðu vonar maður að þau nái að læra einhver atriði sem verið er að kenna þeim.

Tengslanetið er einnig að sama skapi mikilvægt en hópurinn hérna verður oft ofboðslega þéttur enda fólk með sameiginleg áhugamál. Ég upplifði það sjálf sem nemandi hér, að það opnaðist fyrir mér heill heimur, því að ég hafði sem barn og unglingur verið bakandi og prjónandi heima hjá mér eða hjá ömmu á meðan jafnaldrar mínir voru með hugann við eitthvað allt annað.

Þetta þótti ekkert gífurlega smart svona þegar maður var lítill, en þegar ég kom hérna átján ára gömul féllust mér hendur! Hér voru öll mín áhugamál samankomin í stundatöflunni. Meira að segja að læra heima, þá prjónandi yfir Netflix.. ég þurfti næstum að klípa sjálfa mig – ég hlyti að vera að svindla og ætti örugglega að vera að gera eitthvað annað! Nei, nei, ég átti að vera að gera nákvæmlega þetta.


Vera mín í Húsó á sínum tíma var mér ómetanleg, dásamleg og dýrmæt og við höldum enn hópinn við sem vorum saman þessa önn. Það var einmitt tíu ára „reunion“ hjá okkur í fyrra þannig við leigðum skólann í sólarhring og vorum með dagskrá og gistum á heimavistinni! Þetta eitt og sér, að eignast vini með sama áhugamál, er svo ofboðslega dýrmætt.“

Hlökkum til dagsins í dag

Áhugasamir lesendur ættu að láta það eftir sér að kíkja á vefsíðu skólans, www.husstjornarskolinn.is, en strax á forsíðunni er hægt að sækja um skólavist.

„Hér hefjast dagarnir á morgunverði klukkan átta, ekkert eðlilega næs byrjun á deginum ... tví- til þríréttað svo í hádeginu, nýbakað með kaffinu ... við rekum hérna risastórt dásamlegt heimili,“ lýkur Marta máli sínu og bætir við að aðalauður skólans séu svo kennararnir enda sé hún afar virkilega heppin með allt starfsfólk. Að sama skapi sé góður andi dýrmætur. Lífið getur verið alls konar og maður þarf að geta hlakkað til þess sem dagurinn ber í skauti sér, bæði í vinnu og í skóla.







Fósturvísatæknin gjörbreytir nautgriparæktinni



Snorri Sigurðsson
snorri.sigurdsson@outlook.com

Þegar rætt er um stærstu byltingarnar í nautgriparækt á síðustu hundrað árum ber oftast hæst tilkoma sæðinganna, erfðamengisúrvals og kyngreinds sæðis. Þessar tækninýjungar hafa án nokkurs vafa haft gríðarleg áhrif á þróun bæði mjólkur- og kjötframleiðslu en það er hins vegar ein bylting til viðbótar sem tengir í raun allar þessar framfarir saman og gerir ræktendum kleift að nýta þær af fullum krafti.

Sú tækni er fósturvísaframleiðsla og -flutningar en þeir eru orðnir daglegt verkfæri hjá stærstu ræktunarfyrirtækjum heims nú um stundir. Þeir eru notaðir til að flýta erfðaframförum, dreifa verðmætum erfðum milli landa og heimsálfa og framleiða næstu kynslóð nauta og kúa sem munu móta nautgriparækt framtíðarinnar.

Af framangreindum þáttum, sem hafa mikil áhrif á ræktunarframfarir í nautgriparækt, er fósturtæknin líklega sá þáttur sem hefur fengið minnsta athygli hér á landi enn sem komið er, ef frá er talin vinna við uppbyggingu holdakynjanna. Á þessu kann þó að verða breyting á komandi árum enda hefur tæknin og þekkingin á fósturvísaframleiðslu og -flutningum tekið miklum breytingum á örfáum áratugum.



Hin kanadíska Roxy var einstök kýr. Mynd / Bob Miller

> Þegar litið er yfir meira en hundrað ára sögu fósturvísaframleiðslu er erfitt að draga aðra ályktun en þá að fósturvísatæknin hafi verið ein stærsta bylting sem orðið hefur innan nautgriparæktar ...

Kýrnar í skugga nautanna

Í áratugi hafa öflug sæðinganaut haft gríðarleg áhrif á hjarðir bænda um allan heim og einstök þekkt úrvalsnaut hafa náð mikilli útbreiðslu.

Oftar en ekki hafa þó úrvalskýr staðið í skugganum af úrvalsnautum ef svo má að orði komast, þó svo dæmi sé um gríðarlega áhrifamiklar kýr eins og hina þjóðþekktu Huppu frá Kluftum svo dæmi sé tekið úr hérlendri nautgriparækt.

En oftar en ekki hafa þó úrvals kýr ekki náð nálægt því sömu áhrifum og úrvals naut, enda geta kýr alla jafnan einungis eignast eitt afkvæmi á ári á meðan nautið getur átt hundruð eða jafnvel þúsundir afkvæma. Þannig hefur erfðafræðilegt framlag nauta jafnan verið margfalt meira en framlag einstakra kúa til ræktunarstarfsins.

Þessi staðreynd var lengi vel töluverður veikleiki á ræktunarstarfinu en fósturvísaframleiðsla breytti því.

Fyrst framkvæmt árið 1890

Saga fósturvísaflutninga er líklega mun eldri en margir gera sér grein fyrir, en það var á þarsíðustu öld, nánar tiltekið árið 1890, að breski líffræðingurinn Walter Heape framkvæmdi fyrstu vel heppnuðu fósturvísaflutningana í spendýri, þegar hann flutti fósturvísa á milli kanína. Síðan tóku við áratugir frekari tilrauna og rannsókna á æxlun spendýra en það var þó ekki fyrr en í desember árið 1950 að fyrsti kálfurinn fæddist í Bandaríkjunum í kjölfar fósturvísaflutninga.

Á þessum árum var þó aðferðin einkar flókin og kostnaðarsöm auk þess sem árangurinn reyndist síður en svo alltaf góður. Það liðu því enn nokkrir áratugir til viðbótar þar til grunnurinn að nútíma fósturvísaflutningum var lagður af vísindafólki við Cambridge-háskólann sem öðrum fremur þróuðu þær aðferðir sem síðar breyttu fósturvísaflutningum úr rannsóknaverkefni yfir í hagnýtt ræktunartæki.

Á þessum árum kom fram tækni eins og svokölluð oförvun eggjastokka, söfnun fósturvísa með skolun, flutningur fósturvísa án skurðaðgerðar og frysting fósturvísa. Það var einmitt árið 1973 þegar fyrsti kálfurinn fæddist úr frystum fósturvísi.

Þetta tímamótaskref gerði það að verkum að hægt var að flytja fósturvísa um heim allan og gjörbreytti öllum ræktunarmöguleikum enda þurfti fram að þessu að nota fósturvísana nánast strax eftir framleiðslu. Þetta hafði margvísleg áhrif enda lækkaði kostnaðurinn við alþjóðleg erfðaviðskipti verulega auk þess sem hætta á útbreiðslu sjúkdóma á milli landa minnkaði verulega.

Raunhæfur kostur

Í kjölfar brautryðjendastarfs vísindafólks Cambridge varð fósturvísatæknin raunhæfur kostur fyrir ræktendur og segja má að í dag séu bestu kýr heims ekki lengur heftar af því að geta bara eignast eitt afkvæmi á ári, heldur geta þær nú gefið af sér tugi eða jafnvel hundruð afkvæma á ári og haft þannig gríðarlega mikil áhrif á hjarðir bænda um allan heim.

Þetta má vel sjá innan Holstein kúakynsins í dag, mest útbreidda kúakyns heims, þar sem bændur með það kyn þekkja t.d. vel til hinnar kanadísku Glenridge Citation Roxy, en hún hefur oft verið kölluð „Drottning Holstein kynsins“. Roxy þessi var fædd hið magnaða ár 1968 og var einstök gæðakýr. Hún var bæði afurðahá og með gríðarlega góða byggingu sem gerði afkvæmi hennar einstaklega vinsæl til nota í kynbótastarfi víða um heim.





Hún eignaðist 30 afkvæmi út frá fósturvísum og þrjú eigin afkvæmi, og undan henni komu ótal þekktir kynbótagripir. Raunar telja margir að fáar eða jafnvel engar einstakar kýr hafi haft meiri áhrif á þróun Holstein-kynsins á síðari hluta tuttugustu aldar en einmitt Roxy.

Glasafrjóvgunin

Þrátt fyrir miklar framfarir héldu vísindamenn víða um heim að leita áfram leiða til að auka enn frekar afköst tækninnar og það skilaði sér í formi glasafrjóvgunar, en fyrsti kálfurinn sem fæddist eftir frjóvgun eggfrumu utan líkamans kom í heiminn árið 1981 í Bandaríkjunum.

Í stað þess að bíða eftir því að fósturvísar mynduðust í gjafakúnni, voru eggin tekin beint úr eggjastokkum hennar, þau frjóvguð á rannsóknastofu og ræktuð áfram þar til tilbúnir fósturvísar höfðu myndast. Þetta opnaði alveg nýja möguleika enda var nú hægt að safna eggjum reglulega úr sömu kú og sömuleiðis einnig mögulegt að nýta ungar kvígur mun fyrr en áður.

En það var ekki fyrr en um og eftir aldamót sem glasafrjóvgun varð raunhæfur valkostur í stórum stíl. Þar lék Brasilía lykilhlutverk og er í dag langstærsti fram leiðandi glasafrjóvgaðra fósturvísa í heiminum.

Erfðamengisúrval magnar áhrifin

Með tilkomu erfðamengisúrvals hafa möguleikar hraðra framfara innan nautgriparæktar aukist enn frekar og má í raun orða það svo að erfðamengisúrval hafi margfaldað möguleg áhrif fósturvísaflutninga.

Fyrir tíma erfðamengisúrvals þurftu ræktendur oft að bíða árum saman eftir því að sjá raunverulega afkastagetu gripa, þ.e. kýrin þurfti að bera, mjólka og sýna hvað í henni bjó. Í dag er hægt að taka lítið erfðaefnissýni úr kálfi og fá nokkuð nákvæma mynd af erfðaeiginleikum hans örfáum vikum síðar. Þannig er í raun hægt að finna afburðagripina, löngu áður en þeir fara sjálfir að framleiða!

Þessi þekking hefur auðvitað gríðarleg áhrif á fósturvísaframleiðslu og hafa því framleiðendur fósturvísa mikið til farið í það að framleiða fósturvísa úr ungum kvígum með hátt erfðamat. Fyrir vikið styttist kynslóðabilið verulega og erfðaframfarir aukast að sama skapi.

Kyngreinda sæðið bætir árangurinn

Síðasta stökkið í sögu fósturvísaflutninga má heimfæra upp á kyngreinda sæðið. Með tilkomu þess að geta flokkað sæði nauta niður í sæði sem eykur líkur á annaðhvort kvígu- eða nautkálfi er nú hægt að snarauka líkurnar á því að bændur fái fyrst og fremst kvígur úr fósturvísaflutningum.

Þannig má segja að með erfðamengisúrvali, notkun á kyngreindu sæði og glasafrjóvgun náist hámarks árangur miðað við núverandi þekkingu og þetta er í dag kjarninn í ræktunarstarfi margra af stærstu fyrirtækjum heims á þessu sviði. Nú er því búið að sameina líftækni, erfðagreiningar og gagnavinnslu á þann hátt að erfðaframfarir hafa orðið hraðari en nokkru sinni fyrr í sögunni.

Staðan í dag

Á hverju ári eykst framleiðsla á fósturvísum innan nautgriparæktar. Fyrir aðeins rúmum áratug voru framleiddir innan við ein milljón nautgripafósturvísa á heimsvísu árlega en nú er sú tala komin yfir tvær milljónir og heldur áfram að hækka ár frá ári.

Þannig nam t.d. framleiðsla ársins 2023 alls 2,2 milljónum fósturvísa en ári síðar var hún komin í 2,3 milljónir. Af þessum 2,3 milljónum fósturvísa voru um 87% þeirra framleidd með glasafrjóvgun sem sýnir vel hve mikilli útbreiðslu sú aðferð hefur nú þegar náð.

Sé litið til helstu kynbótafyrirtækja heims, bæði í Evrópu og Ameríku, þá virðist sem þau séu öll að leggja aukna áherslu á fósturvísaframleiðslu sína og bjóða það sem valkost fyrir bændur samhliða framboði á bæði kyngreindu og ókyngreindu sæði.

Hvert stefnir?

Þegar litið er yfir meira en hundrað ára sögu fósturvísaframleiðslu er erfitt að draga aðra ályktun en þá að fósturvísatæknin hafi verið ein stærsta bylting sem orðið hefur innan nautgriparæktar, og það sem hófst með tilraun Walter Heape á kanínum á þarsíðustu öld hefur nú vaxið í alþjóðlega hátækniiðngrein sem framleiðir gríðarlegt magn fósturvísa á hverju ári. Þessi tækni hefur ekki aðeins fjölgað afkvæmum úr bestu kúm heimsins, heldur einnig gjörbreytt því hvernig ræktendur hugsa um erfðaframfarir og gerir þeim kleift að nýta erfðamengisúrval og kyngreint sæði mun betur á kvendýrahliðinni.


Ef marka má hraða þróunarinnar undanfarna tvo áratugi er líklegt að saga þeirra sé enn aðeins rétt að byrja enda berast nú fregnir af því að vísindamenn séu t.d. farnir að erfðaprófa fósturvísa áður en þeir eru settir upp! Það þýðir með öðrum orðum að bóndinn sem velur að fá fósturvísa setta upp í kvígur eða kýr á búi sínu getur í raun valið fósturvísana út frá hundruðum erfðavísa!

Valið nákvæmlega hvaða eiginleika hann er að sækjast eftir og er nokkuð viss um að niðurstaðan verði sú sem sóst er eftir.

MÁLMIÐJAN

ÍSLENSKA FJALLALÍNAN
Í VEGGKLÆÐNINGUM

Fjallalínan er spennandi nýjung sem fæst í 10 mismunandi sniðum og mörgum litum.
Eins og allt efni Málmiðjunnar er hún framleidd úr gæðastáli og áli
sem hentar vel fyrir íslenskar aðstæður



Auðvelt að panta
Í þægilegu pöntunarkerfi á malmidjan.is, geturðu séð verð strax og gengið frá pöntun.



Til sölu

Heybindigarn sem hentar í eldri bindivélar fyrir litla bagga. Styrkur er 300 metrar per kíló.
Verð í þessari lokasölu er kr. 2.900 hver rúlla.
Lágmarksmagn pöntunar eru 10 rúllur.



Polypropylene pokar sem taka 5 kg, með fyrirbandi, stærð 50X 45 cm
Verð í þessari lokasölu er kr. 95 per poki.
Lágmarksmagn eru 100 pokar.



Polypropylene pokar sem taka 50 kg , stærð 79X 66
Verð á 50 kíló poka er kr. 190 per poki.
Lágmarksmagn eru 100 pokar.



Við bætist sendingarkostnaður en einnig má nálgast vörurnar í geymslurými í Hafnarfirði.
Nánari uplýsingar: Guðni s. 898-1323 eða Halldór s. 780-3555.

Toppurinn í fjórhjólum í dag

CFMOTO 850
CForce Touring Premium



1.999.000,-
Án vsk.1.612.096,-

28" dekk.
Hiti í sæti og handföngum.
Mismunadrif að aftan.

CFMOTO 1000
CForce Touring Premium



2.299.000,-
Án vsk.1.854.032,-

Umboðsaðilar: Kaupfélag Skagfirðinga, Sauðarkróki. Suður England, Selfossi. Bikevik, Reykjanesbæ, Lyngás 5, Hella, Landstólpi - AB varahlutir, Egilsstöðum.

NITRO
Nítró - Urðarhvarfi 4 - 557 4848
Nánari upplýsingar á nitro.is

Mikilvægt skref til aukinnar verðmætasköpunar

Við hjá Landsvirkjun fögnum nýrri nýsköpunarstefnu Suðurlands. Stefnunni er ætlað að skapa betri skilyrði fyrir nýsköpun og verðmætasköpun í landshlutanum með áherslu á þrjár grunnstoðir: viðhorf, innviði og fjármagn.


Jóna Bjarnadóttir.

Að mati Landsvirkjunar felast sterkustu sóknarfærin í auknu samstarfi atvinnulífs, menntastofnana, sveitarfélaga og frumkvöðla. Á Suðurlandi eru einstakar aðstæður þar sem saman fara öflug orkuframleiðsla, landbúnaður, matvælaframleiðsla og ferðaþjónusta. Þessi fjölbreytni skapar verðmæta þekkingu og reynslu sem getur orðið grunnur að nýjum lausnum og aukinni verðmætasköpun.

Nýsköpun er leið til að skapa meiri verðmæti úr auðlindum, styrkja samkeppnishæfni, draga úr umhverfisáhrifum og skapa ný tækifæri fyrir fólk og fyrirtæki. Við hjá Landsvirkjun leggjum okkur fram um að vera góður granni og hlökkum til að sjá hvaða hugmyndir fæðast á stærsta orkuvinnslusvæði okkar.

Ábyrg nýting, minni sóun, aukið virði

Í nýsköpunarstefnu Suðurlands er lögð áhersla á aukna verðmætasköpun úr auðlindum og þróun hringrásarhagkerfis þar sem orka, vatn, glatvarmi og aðrar auðlindir eru nýttar á skilvirkari hátt. Þetta fellur vel að áherslum Landsvirkjunar um ábyrga auðlindanýtingu, minni sóun og aukið virði úr þeim endurnýjanlegu auðlindum sem fyrirtækinu hefur verið treyst fyrir.

Við hjá Landsvirkjun höfum um árabil tekið þátt í samstarfi sem styður við nýsköpun og frumkvæði á Suðurlandi, meðal annars innan samstarfsverkefna á borð við Orkídeu. Þá styður fyrirtækið einnig við uppbyggingu nýsköpunarmenningar meðal ungs fólks með þátttöku í verkefnum á borð við Unga frumkvöðla, sem standa árlega að Fyrirtækjasmiðju.


Mynd / Skjáskot af vef Landsvirkjunar

Við viljum eiga í sem mestum viðskiptum við nærsamfélög okkar og það á einnig við um nýjar lausnir. Með því að vinna með frumkvöðlum og nýsköpunarfyrirtækjum getum við bæði styrkt okkar eigin starfsemi og skapað tækifæri fyrir verðmætasköpun á svæðinu.

Byrjum í skólunum

Í nýsköpunarstefnunni er jafnframt lögð rík áhersla á að byggja upp nýsköpunarmenningu frá unga aldri með því að efla nýsköpunarhugsun, frumkvæði og skapandi lausnaleit á öllum skólastigum. Þar skiptir máli að styrkja þekkingu og hæfni kennara, þróa námsefni og tengja nám við raunverulegar áskoranir í samstarfi skóla og atvinnulífs. Með því er lagður grunnur að framtíðarkynslóðum sem sjá tækifæri til umbóta, hugsa í lausnum og hafa vilja og færni til að þróa nýjar hugmyndir. Slík hugsun er ekki síður mikilvæg innan starfandi fyrirtækja en við stofnun nýrra, það vitum við hjá Landsvirkjun að fenginni reynslu, og getur orðið drifkraftur framfara og aukinnar verðmætasköpunar til framtíðar.

Mikilvægi orkunnar


Í nýsköpunarstefnu Suðurlands er jafnframt bent á mikilvægi orku sem forsendu atvinnuþróunar. Landsvirkjun tekur undir að öruggir og öflugir orkuinnviðir séu lykilforsenda þess að ný fyrirtæki og ný verkefni geti orðið að veruleika. Jafnframt þurfi að horfa til þess að orka er takmörkuð auðlind og mikilvægt sé að taka upplýstar ákvarðanir um hvernig hún nýtist til að skapa sem mest verðmæti fyrir samfélagið.

Að mati Landsvirkjunar mun árangur nýsköpunarstefnunnar ráðast af því hvort hún leiði til framkvæmda. Mikilvægt er að forgangsraða aðgerðum, skilgreina ábyrgð og fylgjast með raunverulegum árangri, hvort sem er í formi nýrra starfa, aukinnar framleiðni, minni sóunar, minni losunar eða aukinnar verðmætasköpunar.

Við hjá Landsvirkjun tökum áfram virkan þátt í samtali um framtíð nýsköpunar á Suðurlandi og vinnum með fyrirtækjum, frumkvöðlum og samfélögum að lausnum sem styrkja atvinnulíf, auka samkeppnishæfni og stuðla að sjálfbærri þróun svæðisins.

Höfundur er framkvæmdastjóri Samfélags og umhverfis hjá Landsvirkjun.




Mynd / Rory Hennessey

Hvar viltu búa?

Flestir hafa velt fyrir sér hvar þeir vilja búa. Suma langar að festa rætur í heimabyggð, aðra dreymir um að reyna fyrir sér erlendis og svo eru þau sem vilja söðla um og prófa lífið úti á landi. Hvort það gengur eftir veltur á ósköp hversdagslegum hlutum. Hvort vinnu og húsnæði sé að fá, hversu langt er til læknis og hvort börnin komist á æfingu.


Eyjólfur Ármannsson.

Á dögunum mælti ég á Alþingi fyrir nýrri byggðaáætlun til ársins 2041. Rauði þráðurinn er búsetufrelsi. Að fólk hafi raunverulegt val um búsetu og að byggðir fái að þróast á eigin forsendum. Fyrir fámenna þjóð er þetta stórmál. Ef fólk sem vill breyta til finnur ekkert við sitt hæfi er næsti kostur oft að flytja úr landi.

Boltinn og búðin á horninu

Ég hvet lesendur Bændablaðsins til að kynna sér efni byggðaáætlunar 2027–2041. Áætlunin var mótuð í víðtæku samráði sem hófst með opnum íbúafundum í öllum landshlutum. Í henni eru 44 aðgerðir, þar af 30 nýjar, sem taka á raunverulegum hindrunum í daglegu lífi. Ég nefni hér nokkur dæmi um mikilvægar aðgerðir.

Vegagerðin mun endurskoða hönnunarstaðla fyrir umferðarminni tengivegi svo leggja megi bundið slitlag með einfaldari og ódýrari hætti, sem styttir bið eftir samgöngubótum. Börn í dreifðum byggðum fá ferðastuðning til að sækja íþróttaæfingar svo kostnaður hamli ekki þátttöku, almenningssamgöngur verða efldar og Loftbrúin fest í sessi sem formleg aðgerð.

Sérnámslæknar í heimilislækningum sem flytja vestur á firði eða austur á land fá styrk vegna flutnings og húsnæðis. Við styðjum áfram við verslun í minni byggðarlögum, því ef búðin lokar fer oft fleira með henni, og auðveldum kynslóðaskipti í landbúnaði. Þá rjúfum við markaðsbrest í uppbyggingu íbúðar- og atvinnuhúsnæðis í minni byggðum. Við fjölgum einnig óstaðbundnum ríkisstörfum svo fólk geti sótt um spennandi starf án þess að flytja suður. Íbúar á höfuðborgarsvæðinu geta þá jafnframt flutt starfið með sér út á land.

Landshlutar leiði þróun

Í samráðinu var kallað eftir auknu vægi heimamanna og skýrari eftirfylgni með aðgerðum. Við bættum því við aðgerð sem eflir landshlutana í að leiða eigin þróun. Jafnframt fylgja nú í fyrsta sinn skýr árangursviðmið hverri aðgerð. Sum sáraeinföld en mikilvæg eins og að byggðarlögum án dagvöruverslunar fjölgi ekki.

Byggðamál eru samvinnuverkefni og verða aldrei leyst í einu ráðuneyti. Þess vegna innleiðum við svokallaða byggðalinsu sem öll ráðuneyti eiga að beita til að greina snemma hvaða áhrif ný lög og ákvarðanir hafa á ólík svæði. Það sem lítur vel út á pappír í Reykjavík getur horft allt öðruvísi við á Patreksfirði eða Þórshöfn, og best er að komast að því áður en ákvörðunin er tekin.

Rúmir níu milljarðar króna renna til byggðamála á næstu fimm árum, þar af tæpir fjórir milljarðar í byggðaáætlun. Hún styður við kröftuga sókn ríkisstjórnarinnar á landsbyggðinni, þar sem við höfum meðal annars stóraukið fé í vegaviðhald og vetrarþjónustu, lækkað dreifikostnað raforku í dreifbýli og hafið uppbyggingu 600 hjúkrunarrýma og fjögurra verknámsskóla.

Styrkur Íslands býr í fjölbreytni byggðanna og fólkinu í landinu. Ég vil að sem flestir geti svarað spurningunni hér að ofan eftir eigin höfði. Hvort sem svarið er Reykjanesbær eða Raufarhöfn, Reykhólahreppur eða Reyðarfjörður. Valið á að vera þitt.

Höfundur er innviðaráðherra.

Lífsgæði - ertu í gír eða frígír

Við vitum að fjölmargir í öllum starfsstéttum ganga fram af sér í vinnu og ganga þannig nærri heilsu sinni, líðan og lífsgæðum. Framsækið fólk sem starfar sjálfstætt



Kristín Linda Jónsdóttir.

eða er með mörg verkefni í gangi í einu sækir í að nýta allan sólarhringinn til vinnu. Auðvitað vill dugmikið fólk koma miklu í verk, enda tilfinningin sú að það sé ekki annað í boði. Verkefnalistinn klárast aldrei, það er rétt! Verður það til þess að þér hætti til að halda þinni eigin vél, líkama og heila, í gír meira og minna allan þinn vökutíma vikum og árum saman? Ekki bara það heldur segir stjórnstöðin, heilinn, þér að ef þú ert ekki að hamast, virkilega í framdrifinu á fullri gjöf, hljóti eitthvað að vera að. Þá finnur þú fyrir dugnaðarkvíða. „Ég ætti að vera að gera eitthvað! Fyrst ég er það ekki, þá er ég að bregðast. Eitthvað mun fara í hakkavélina, klikka stórlega.“

Dugnaðarkvíði

Það er gott að þekkja dugnaðarkvíða svo að þegar hann poppar upp í huganum kannist maður við kauða. Þetta eru bara sjálfvirkar hugsanir sem ekki þarf að taka mark á. Óþægindatilfinning sem getur einfaldlega verið merki um að þú sért að breyta út af vananum. Fara úr vinnugír um stund og í frígír. Ef það er orðið óvanalegt verður heilinn hissa og óöruggur og vill reka þig aftur í þann gír sem hann þekkir best hjá þér, vinnugírinn.

Hvernig fer það með dýrmætustu vélina þína, þig, líkama og heila, ef þú ert í átaki í framdrifinu nær allan þann tíma sem þú ert vakandi? Ef þú ert næstum alveg fastur í því hjólfari að þú sért eingöngu í lagi þegar þú ert að vinna fer þér að finnast rangt að taka hvíldarstundir eða gefa þér tíma með fjölskyldu og vinum. Það er auðvitað bull. Þú ert meira en vinnuvél.

Ákvarðanatökuþreyta

Það er alveg magnað að skella sér í gírinn og upplifa að það gengur virkilega undan manni. Að koma mörgu frá þann daginn. Sigurtilfinningin þegar lagst er á koddann er notaleg. En þá kemur þetta stóra en. Það er ekki gáfulegt að keyra sjálfan sig endurtekið áfram allan sinn vökutíma. Rannsóknir sýna að þegar við erum búin að taka fjölmargar ákvarðanir í einni vökulotu, einum degi, fer heilinn að verja sig. Ákvarðanatökuþreyta heilans verður til þess að ákvarðanir okkar verða ekki eins gáfulegar og ef heilinn væri óþreyttur. Við náum þá ekki að afkasta eðlilega eða sjá bestu lausnirnar, sem getur orðið til skaða fyrir verklag okkar og sjálfstjórn.

Sjálfstjórn, einmitt. Ef við einbeitum okkur að verkefnum daginn langan og hægjum ekki á þegar kvölda fer er hætta á að við verðum hornótt. Sjálfstjórnin minnkar og við getum orðið pirruð, þumbaraleg og bara leiðinleg. Hvernig virkar það ef það er einmitt tíminn sem við erum að skapa minningar með börnum okkar? Hvernig verða þá minningarnar? Hvað með hið dýrmæta samband, hjónaband, ástarsamband sem allt hvílir á, heimilið og reksturinn? Nú eða mikilvægasta einstaklinginn sem við erum með öllum stundum, sjálfan þig? Þú ert eini einstaklingurinn sem verður með þér alla ævi. Ertu umhyggjusamur og skemmtilegur við sjálfan þig?

Vinnudagur

Núna fer aðventan í hönd, hátíðir og áramót. Alveg kjörinn tími til að taka ákveðið í öxlina á sjálfum sér og átta sig á að orðið er vinnudagur, ekki vinnusólarhringur. Hvert er þitt dagskipulag? Hvenær ætlar þú að hætta í dag?

Lengri vinnudagur skilar ekki endilega meiri afköstum. Með því að hætta störfum á ákveðnum tíma gefurðu þér svigrúm til að ná andanum. Ferð úr vinnugír og í frígír. Úr vinnugallanum og í einkalífið. Gefur þér leyfi til að kúpla þig út og tekur eftir sjálfum þér, þínum þörfum og löngunum og fólkinu þínu. Sá sem er alltaf með hausinn undir sér og böðlast áfram í gír getur smám saman misst getuna. Akvarðanatökuþreytan hefur áhrif og lausnamiðuð hugsun daprast. Þú vilt ekki vera sá útkeyrði sem enginn man eftir nema í vinnugallanum, þreytulegum og pirruðum.

Viltu koma sjálfum þér í nýtt dagskipulag á morgun? Hætta á þeim tíma sem þú ákveður núna, venja heilann á ný tímamörk, jafnvel þótt dugnaðarkvíðinn mæti á svæðið? Njóta þess að halda áfram að ganga rösklega til verka og ná árangri en sýna líka sjálfum þér, þessum dýrmæta dúdda sem þú ert með alla ævina, og þeim sem þú elskar mest þá virðingu að leyfa vinnudeginum að enda? Tímanlega.

Vonandi hefur þér tekist að ná böndum á þínu dagskipulagi þannig að þú náir að ganga glaður til verka og njóta afraksturs starfsins án þess að ganga of nærri sjálfum þér og þínum. Ef ekki, þá er bara að breyta. Gangi þér sem allra best og endilega taktu ákvörðun um að njóta sælustunda á aðventu og jólum.


Höfundur er sálfræðingur hjá Huglind.











Rústir og aðrar minjar á Hvammsheiði, gulur litur táknar 15 m friðhelgi. Gögn úr Minjavefsjá MÍ.



Þerneyjarsund með iðnaðarsvæði og fyrirhugaðri Sundabraut, rústir og aðrar minjar sýndar auk 15 m friðhelgi. Gögn úr Minjavefsjá MÍ.

Menningarlandslag: Ókortlögð verðmæti

Minjavarsla á Íslandi glímir við ýmsar áskoranir. Í lögum um menningarminjar er kveðið á um að allar fornleifar, þ.e. mannvistarleifar 100 ára og eldri, séu sjálfkrafa friðaðar ásamt 15 metra friðhelgu svæði umhverfis. Það dugir þó skammt ef horft er til stærra samhengis, enda eru slíkar minjar hluti af stærri heild, menningarlandslagi sem hefur mótast í samspili manns og náttúru um aldir. Þörf er á nánari útfærslu á menningarlandslagshugtakinu, sem einnig á sér stoð í lögunum, ekki síst í tengslum við skipulag og stórframkvæmdir þar sem hætt er við að verðmætt landslagssamhengi glatist.



Birna Lárusdóttir.

Gögn um fornleifar: brotalamir

Landslagið geymir gleymda staði og oft allt önnur mynstur en þau sem blasa við á yfirborðinu. Þau birtast okkur m.a. í alls konar mannvistarleifum, t.d. bæjarhólum, kirkjugörðum, þingstöðum og verstöðvum en mannvist hefur líka mótað landslag með öðrum hætti, til dæmis með breytingum á gróðurfari og örnefnum sem gefa því merkingu. Lögum samkvæmt ber að skrá fornleifar áður en gengið er frá aðal- eða deiliskipulagi. Lengi vel var aðalskipulag algengur hvati að fornleifaskráningu og þannig fékkst yfirsýn yfir minjar í heilum sveitarfélögum. Á síðustu árum hefur skráningunni hins vegar í auknum mæli verið ýtt yfir á stig deiliskipulags eða umhverfismats. Þannig er gagnasöfnun að stóru leyti framkvæmdadrifin sem leiðir af sér brotakennd gögn seint í skipulagsferlinu. Á grundvelli þeirra einna og sér er útilokað að ná yfirsýn yfir menningarlandslag. Áætlað er að einungis um þriðjungur af fornleifum á landinu hafi verið skráður á vettvangi. Það er alvarlegur veikleiki í íslenskri minjavörslu og stenst illa alþjóðlegan samanburð.

Búsetu- og menningarlandslag

Í stefnumarkandi plaggi um stöðu minjavörslu á Íslandi sem kom út á vegum umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis 2023 (Minjavernd. Staða, áskoranir og tækifæri) er það talin ein frumforsenda bættrar minjavörslu að íslenska ríkið standi við skuldbindingar um að skrá og greina menningarlandslag með skipulegum hætti. Þá voru liðin rúm 20 ár síðan hugtakinu búsetulandslagi var bætt við í lög um menningarminjar („landslag sem mótað er af búsetu eða starfsemi manna“), og 2012 bættist hugtakið menningarlandslag við lagatextann. Alls hefur Minjastofnun Íslands (MÍ) nú friðlýst fjögur svæði með vísan í hugtökin. Með þeim hætti má segja að þegar sé búið að virkja þau en auk þess hefur verið lagt til að líta beri svo á að allt landslag sé menningarlandslag í einhverjum skilningi og það beri að kortleggja á svipaðan hátt og hefur verið gert eða er fyrirhugað við yfirgripsmikla kortlagningu annars konar verðmæta. Hér má nefna vistgerðaflokkun Náttúrufræðistofnunar, kortlagningu vatnshlota og fyrirhugaða kortlagningu óbyggðra víðerna sem dæmi – allt verðmæti sem er bráðnauðsynlegt að hafa góðar upplýsingar um.

Skoðum hvernig reglan um 15 m friðhelgi fornleifa virkar í raun, tvö dæmi þar sem má fullyrða að kortlagning menningarlandslags og heildstætt mat hefði getað skilað annarri útkomu fyrir mikilvæg verðmæti.

Dæmi 1: Hvammsheiði

MYND 1 Heiðin er austan við mynni Aðaldals í Suður-Þingeyjarsýslu, hluti af svæði þar sem úthagar jarða einkennast af fornum garðlögum sem ná langt upp á heiðar, eyðibýlum og öðrum ummerkjum frá miðöldum, lítt raskað menningarlandslag sem að öllum líkindum gæti talist fágætt innan N-Evrópu eða jafnvel á heimsvísu. Það er í raun ótrúlega stutt síðan vitneskja fékkst um umfang mannvirkjanna með fornleifaskráningu og loftmyndatöku og þau hafa því miður fengið allt of litla athygli. Á meðfylgjandi mynd sem byggir á gögnum úr Minjavefsjá sést nafnlaust býli innan svæðis sem nýlega hefur verið tekið undir kolefnisskógrækt: garðlag sem umlykur nokkrar rústir og gríðarlega breiður og mikill garður sem liggur þvert yfir heiðina norðan við það. Gulleitu svæðin sýna 15 m friðhelgi fornleifa – og síðan sjást merki um herfingu og trjáplöntun allt í kring. Framkvæmdirnar hafa átt sér stað hér um bil 15 m frá minjunum eins og lög kveða á um, en fátt hefur á hinn bóginn verið sagt um verðmæti heildarinnar, samhengi minja innbyrðis, við aðrar minjar eða hvaða áhrif það kann að hafa til lengri tíma litið þegar skógur þekur svæðið, einstök tré breiða úr sér, botngróður breytist og fyrirsjáanlegt að vissar tegundir taki að sá sér áður en langt um líður – skógur virðir ekki 15 m mörk. Og hér má nefna að almennt séð eru heiðar í námunda við byggð sem fram til þessa hafa almennt verið lítt snortnar af nútímaframkvæmdum sífellt oftar í eldlínunni vegna bæði skógræktar- og vindmylluáforma, en þær geyma oft mikið af minjum sem engin þekking er til um og lítt raskað menningarlandslag.

Dæmi 2: Þerneyjarsund

MYND 2 Þerneyjarsund er gömul kauphöfn í útjaðri höfuðborgarsvæðisins, einn helsti tengipunktur Íslands við umheiminn líklega frá því um 1300 og fram á 16. öld. Þangað sendu Skálholtsbiskupar landseta sína til að sækja vörur. Snemma á 17. öld flyst verslunin í Hólminn í Örfirisey sem var síðan forsenda þess að Reykjavík byggðist þar sem hún byggðist. Með öðrum orðum má halda því fram að forsaga Reykjavíkur sé geymd í landslaginu við Þerneyjarsund þótt þar sé lítið um sýnilegar minjar sem er hægt að tengja beint við verslunarstaðinn – þar eru hins vegar gríðarlega vel varðveittar minjar um tvö gömul býli, Sundakot og Glóru, þar sem sjást rústir torfbæja með útihúsum. Slíkar minjar eru að verða mjög sjaldgæfar í nágrenni höfuðborgarsvæðisins og sannarlega er staðurinn (eða var) góður fulltrúi fyrir það landslag sem helst einkennir Reykjavík frá öndverðu, þ.e. útnes, eyjar og sund. Þerneyjarsund er nú óðfluga að breytast í iðnaðarsvæði: Þar er athafnasvæði Björgunar og áætlað að Sundabraut liggi um svæðið í framtíðinni. Ef rýnt er í meðfylgjandi mynd sést hvernig framkvæmdirnar virða hina lögbundnu 15 m friðhelgi miðað við rústir af býli sem er á staðnum en menningarlandslag Þerneyjarsunds er að engu haft. Þess má geta að Minjastofnun hóf hér undirbúning að friðlýsingartillögu á sínum tíma en ekki náðist að fylgja því máli eftir eins og vonir stóðu til.

Hvað er hægt að gera? Landslag í landsskipulagsstefnu

Í nágrannalöndum okkar hefur menningarlandslag víða verið kortlagt og nokkrar tilraunir hafa verið gerðar til þess á afmörkuðum svæðum hér á landi, m.a. í tengslum við rammaáætlun. Nú síðast hefur verið unnið að undirbúningi frekari kortlagningar innan veggja Minjastofnunar Íslands. En fleira er í deiglunni. Í Evrópusamningi um landslag, sem Ísland er aðili að, er viðurkennt að landslag sé mótað af ferlum bæði náttúrulegra og mannlegra þátta og þar er landslag jafnframt talið grunnþáttur evrópskrar náttúru- og menningararfleifðar, hvorki meira né minna. Samningsaðilar skuldbinda sig m.a. til að flokka landslag, greina einkenni þess og þau öfl sem umbreyta því. Þessi mál samningsins eru nú komin á dagskrá hér á landi eftir alllanga bið og landslag er ofarlega á baugi í landsskipulagsstefnu. Eitt af atriðum á aðgerðaáætlun hennar fram til 2028 er flokkun landslagsgerða og leiðbeiningar um landslagsgreiningu sem Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun er framkvæmdaraðili fyrir. Þetta er framfaraskref og vekur vonir um að málefni menningarlandslags komist á dagskrá fyrir alvöru. Kortlagning þess gæti í sumum tilvikum verið tæki til að rökstyðja friðlýsingu en á heildina litið er ekki síður göfugt markmið að stefna að betri skilningi og betra skipulagi með því að huga að heildum og fágætum verðmætum sem raunverulega skipta máli til framtíðar.


Höfundur er fornleifafræðingur.



Milljarðaálögur á óskrifaðan reikning


Helgi Kjartansson.


Jón Bjarnason.


Guðmundur Finnbogason.


Haraldur Þór Jónsson.

Sex til sjö milljarðar króna á ári. Það er upphæðin sem ríkisstjórnin hyggst innheimta með náttúru- og innviðagjaldi við Þingvelli, Geysi, Gullfoss og hvergi annars staðar á landinu. Þrír staðir á Gullna hringnum eiga einir þannig að standa undir nýrri tekjuöflun ríkissjóðs af stærðargráðu sem kallar á vandaðan undirbúning og skýrar forsendur. Hanna Katrín Friðriksson atvinnuvegaráðherra ber pólitíska ábyrgð á þessum áformum.

En hvar er heildstæða áhrifamatið? Hvar eru útreikningarnir sem sýna hvað gjaldtakan gerir eftirspurn, rekstri fyrirtækja, störfum og tekjum sveitarfélaga? Hvar er matið á því hvort auknar tekjur af nýjum skatti geti að hluta tapast annars staðar?

Á meðan ráðherrann leggur ekki slík gögn á borðið stendur eftir alvarlegur brestur í undirbúningi málsins. Að boða milljarðaálögur á afmarkað svæði án þess að sýna fram á afleiðingarnar er ófaglegt. Að ætlast síðan til þess að fyrirtæki og sveitarfélög sætti sig við óvissuna er óboðlegt.

Tekjuáætlun er ekki áhrifamat

Það er hægt að margfalda áætlaðan gestafjölda með fyrirhuguðu gjaldi og fá glæsilega tölu í ríkisreikningnum. Sú reikningsæfing svarar hins vegar ekki mikilvægustu spurningunni: Hvernig bregst fólk við hærra verði?

Ferðamenn hafa val. Þeir geta breytt ferðaáætlun, sleppt viðkomustöðum eða dregið úr öðrum útgjöldum. Hversu mikil þau viðbrögð verða þarf að rannsaka. Ekki afgreiða með bjartsýni ráðherra.

Gullni hringurinn er jafnframt meira en þrír áfangastaðir á korti. Hann tengir saman gistingu, veitingarekstur, afþreyingu, verslun og þjónustu. Þar hefur fólk lagt sparnað sinn, vinnu og framtíðaráform undir. Áhrif gjaldtöku við náttúruperlurnar geta því borist langt út fyrir mörk innheimtusvæðanna.

Í samráðsferlinu hafa fyrirtæki, sveitarfélög og samtök kallað eftir heildstæðara mati á afleiðingunum. Slíkar athugasemdir kalla á efnisleg svör og gögn.

Ríkisstjórnin getur ekki látið samfélög á Suðurlandi bera áhættuna af forsendum sem hún hefur ekki sýnt fram á að standist. Það er auðvelt að ráðstafa væntum tekjum annarra. Ábyrgðin byrjar á því að kanna hvað tekjuöflunin kostar.

Hanna Katrín verður að leggja spilin á borðið

Hanna Katrín þarf að svara einfaldri kröfu: Leggðu fram heildstætt, opinbert áhrifamat áður en málið fer lengra. Þar þarf að greina mismunandi sviðsmyndir um eftirspurn, samkeppnishæfni, atvinnu, byggðaþróun og heildartekjur hins opinbera.

Sérstaklega þarf að skýra hvers vegna réttlætanlegt sé að hefja þessa tekjuöflun á svo þröngt afmörkuðu svæði. Fyrirheit um að fleiri staðir bætist síðar við svara ekki spurningunni um áhrif fyrstu skrefanna.

Enginn gerir lítið úr þörfinni fyrir náttúruvernd og góða innviði. En göfug markmið veita ráðherra ekki undanþágu frá faglegum vinnubrögðum. Nafnið á gjaldinu leysir hana heldur ekki undan því að rannsaka efnahagslegar afleiðingar þess.

Samráð á að geta breytt niðurstöðu. Það má ekki verða formsatriði utan um tekjuöflun sem þegar hefur verið ákveðin.

Hanna Katrín verður því að stöðva framgang málsins þar til forsendurnar hafa verið rannsakaðar og niðurstöðurnar birtar. Sex til sjö milljarða gjaldtaka krefst meira en pólitísks vilja. Hún krefst þekkingar, rökstuðnings og ábyrgðar. Suðurland á heimtingu á því að heimavinnan sé unnin áður en reikningurinn er sendur.

Höfundar eru oddvitar í Uppsveitum Árnessýslu.



VR óskar eftir orlofshúsum

VR óskar eftir vönduðum sumarhúsum eða orlofsíbúðum á leigu til framleigu fyrir félagsfólk sitt.

Við leitum að húsnæði á landsbyggðinni fyrir næsta sumar.

Áhugasöm sendi upplýsingar á **vr@vr.is** fyrir **1. desember 2026.**

Öllum tilboðum verður svarað.

Eftirfarandi upplýsingar þurfa að fylgja tilboði:

- Ljósmyndir og lýsing á eign og því sem henni fylgir
- Ástand eignar og staðsetning
- Stærð, fjöldi svefnplássa og byggingarár
- Lýsing á möguleikum til útivistar og afþreyingar í næsta nágrenni

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | 510 1700 | WWW.VR.IS

VR





Minkurinn – skaðvaldur í íslenskri náttúru

Í haust lagði ég fram á Alþingi þingsályktunartillögu um eyðingu minks í íslenskri náttúru. Tillagan er þess efnis að umhverfisráðherra er falið að móta, í samráði við sveitarfélög og aðra hagaðila, stefnu og aðgerðaáætlun með það að markmiði að eyða mink í íslenskri náttúru. Niðurstaðan á að liggja fyrir Alþingi eigi síðar en á vorþingi 2027.


Karl Gauti Hjaltason.


Mynd / Alexandre Daoust.

Skaðvaldur í búskap og náttúru

Minkur var fluttur til landsins haustið 1931 til loðdýraræktar, þrátt fyrir viðvaranir náttúrufræðinga um hugsanlegt tjón í lífríki landsins. Áhugamenn um minkarækt svöruðu því til að minkarnir myndu ekki sleppa úr búrunum, að þeir gætu ekki lifað villtir í íslenskri veðráttu og ef svo ólíklega vildi til að þeir slyppu og lifðu af, yrðu veiðar á þeim vegna skinnanna góð viðbót við fábreytt atvinnulíf. Allar þessar mótbárur reyndust rangar. Dýr sluppu strax árið eftir, fyrsta grenið fannst við Elliðaár 1937 og á um fjórum áratugum hafði minkurinn numið nær allt landið og feldur villiminks reyndist lítils virði. Búskapur með minka hér á landi hefur alla tíð sveiflast nokkuð, en nú er einungis eitt bú starfrækt.

Minkurinn er alæta og afar frjósamur; nær allar læður gjóta árlega, að jafnaði sex til sjö hvolpum. Hann er skammlífur og um 90% dýranna ná ekki tveggja ára aldri, svo stofninn hrynur hratt þegar nýliðun er stöðvuð.

Minkurinn leggst einkum á votlendisfugla og fugla sem verpa þétt á láglendi, sérstaklega holuverpla á borð við teistu og lunda, og sækir einnig í æðarvörp og alifuglarækt. Rannsókn dr. Jóns Einars Jónssonar, dýravistfræðings og samstarfsmanna, sem byggðist á hreiðurtalningum æðarbænda í 123 ár, sýndi að minkurinn fækkaði æðarhreiðrum í Brokeyjarlöndum á Breiðafirði um 60%. Á Ströndum fylgdust rannsakendur með teistubyggðum í áratug og sáu minkinn drepa alla unga í sumum þeirra á nær hverju ári. Rök hafa jafnframt verið færð fyrir því að minkurinn hafi átt þátt í að keldusvín hvarf sem varpfugl á Íslandi og í fækkun flórgoða. Við Laxá í Mývatnssveit hefur minkurinn verið talinn meðal helstu afræningja straumandar.

Minkurinn leitar einnig í uppeldisstöðvar seiða í lækjum, skurðum og veiðiám. Áhrif hans á seiði lax og silungs hafa minna verið rannsökuð hér á landi, en íslenskir rannsakendur telja að hann hafi haft neikvæð áhrif á suma stofna ferskvatnsfiska. Erlendar rannsóknir sýna hvað er í húfi. Í norrænni tilraun í smálækjum drap minkur nær 60% urriðaseiða yfir einn vetur, og afránið jókst eftir því sem seiðin voru stærri og eldisseiði reyndust berskjaldaðri en villt seiði. Það skiptir máli hér á landi, þar sem seiðum er víða sleppt í ár.

Hvað segja rannsóknirnar?

Líffræðingarnir Róbert Arnar Stefánsson og Menja von Schmalensee á Náttúrustofu Vesturlands hafa, ásamt samstarfsfólki, rannsakað minkinn undanfarna þrjá áratugi. Greining á magainnihaldi sýnir að minkurinn hér étur meira af fiski og fuglum en minkar annars staðar og tekur einfaldlega það sem mest framboð er af hverju sinni. Hann á sér enga mikilvæga náttúrulega óvini hér á landi, og nýleg greining á fæðuvef hans, byggð á yfir 300 heimildum, staðfestir að hann er alæta sem fátt heldur í skefjum.

Rannsóknir sýna að minkastofninn sveiflast með ástandi sjávar. Eftir 2003 fækkaði minkum um meira en 60%, líklega að minnsta kosti að hluta vegna breytinga í fæðuframboði sjávar og margir telja að sú lægð í minkastofninum standi enn. Lægðin leysir ekki vandann, en hún gerir verkið auðveldara.

Þá hafa Róbert og Menja bent á að framræsluskurðir, vegfyllingar yfir firði og við hafnir hafi skapað minknum ný og góð veiðisvæði, sem kunni að gera stofninum kleift að verða stærri en ella.

Kerfi án lokamarkmiðs

Minkaveiðar hafa verið stundaðar hér áratugum saman. Á árunum 2020–2024 veiddust að meðaltali 5.032 minkar á ári. Ekki er þó vitað hversu stór stofninn er, en sérfræðingar hafa nefnt um 13.000 dýr að hausti, sem er þó háð mikilli óvissu.

Núverandi kerfi heldur aðeins í horfinu. Sveitarfélögin leggja misjafna áherslu á veiðarnar, taxtar hafa víða staðið nær óbreyttir í áratugi og dæmi eru um að vanir veiðimenn séu sniðgengnir til að spara. Þar sem slakað er á fjölgar minknum hratt á ný og tjónið lendir á lífríkinu, bændum, veiðiréttarhöfum og náttúruunnendum.

Núverandi fyrirkomulag er verkefni með eilífðarkostnaði fyrir ríki og sveitarfélög, nema við setjum okkur það markmið að ljúka verkinu.

Er gerlegt að eyða minknum hér á landi?

Tilraunaverkefni á Snæfellsnesi og í Eyjafirði 2007–2009 skilaði fækkun um 56% og 81%. Minknum var ekki eytt og hluti fækkunarinnar stafaði af náttúrulegri niðursveiflu í stofninum á sama tíma. Verkefnið stóð of stutt og eftirfylgni var ekki tryggð, en dýrmæt reynsla fékkst um aðferðir og skipulag.

Erlendis eru dæmi um að sambærilegt verkefni hafi tekist. Í Norfolk og Suffolk á Englandi var minknum í reynd eytt af tæplega 6.000 ferkílómetra svæði á um þremur árum, með þéttu neti vaktaðra gildra og sjálfboðaliðum undir faglegri stjórn. Á Ytri-Suðureyjum við Skotland hefur stofninum verið komið niður í örfá dýr. Rannsóknir í skerjagörðum Finnlands og Svíþjóðar sýna að fuglalíf tekur verulega við sér þar sem minkur er fjarlægður, en þar sækir hann sífellt aftur inn frá meginlandinu. Það vandamál höfum við ekki, því Ísland er úthafseyja.

Ég spurði einn okkar helsta sérfræðing í minkarannsóknum, Róbert Arnar Stefánsson hvort unnt væri að eyða honum hér á landi og svaraði hann afdráttarlaust játandi, en gerði þann fyrirvara að vandlega yrði að verkefninu staðið.

Hvað þarf til?

Til þess að raunhæft sé að ná þessum árangri þarf vandaðan undirbúning með aðkomu bæði ríkis og sveitarfélaga. Undirbúningur þarf að snúa að því að tryggja nægilegan fjölda veiðimanna, hunda og



veiðitækja. Þá er nauðsynlegt að gott samstarf sé milli allra þeirra sem að þessu koma, allt frá veiðimönnum til landeigenda og opinberra aðila s.s. rannsakenda. Tryggja þarf samræmd vinnubrögð með góðu eftirliti, nægu fjármagni og eftirfylgni verkefnisins allt til enda.

Ráða þarf vana veiðimenn í fullt starf á sanngjörnum kjörum og umbuna fyrir árangur fremur en fyrir hvert veitt dýr, því veiðin minnkar eftir því sem dýrunum fækkar. Hér á landi er minkur einkum veiddur í gildrur allt árið og með þjálfuðum hundum á vorin. Í tilraunaverkefninu 2007–2009 veiddust um tveir þriðju dýranna í gildrur og þriðjungur með hundum. Íslenskir veiðimenn hafa sjálfir þróað aðferðir sínar, lagt af eldri og grófari aðferðir og prófað nýjar gildrur sem aflífa dýrin hratt. Í nýju átaki þyrfti að endurmeta hvaða gildrur eru leyfðar, bæði með tilliti til árangurs og dýravelferðar, og nýta reynsluna af fjarvöktuðum gildrum erlendis.

Lærdómur annarra þjóða

Unnt er að líta til reynslu annarra þjóða þegar kemur að því að skipuleggja verkefnið. Hafa ber í huga að hér liggja fyrir veiðiskráningar til áratuga og rannsóknir Náttúrustofu Vesturlands á minknum. Á þeim grunni má meta hvernig best sé að framkvæma aðgerðina. Á Englandi var skilgreint kjarnasvæði og umhverfis það 60 kílómetra breitt varnarbelti með gildrum, svo minkur kæmist ekki inn að nýju. Hér þarf ekki að verjast aðstreymi frá öðrum löndum, en sama hugsun nýtist innanlands, að hreinsa landið svæði fyrir svæði og verja þau svæði sem lokið er. Enska verkefnið var samstarf fjölda stofnana, vatnsveitna, veiðimanna og náttúruverndarsamtaka, og hundruð sjálfboðaliða og landeigenda hýstu og vöktuðu gildrur undir stjórn faglegs teymis. Hér gætu bændur, æðarbændur og veiðifélög gegnt sama hlutverki við hlið atvinnuveiðimanna.

Tvær nýjungar réðu úrslitum í Englandi. Gildrur á flotflekum voru búnar fjarvöktunarbúnaði sem sendir smáskilaboð þegar gildran lokast, sem fækkaði ferðum að gildrunum mjög. Þar var einnig árangur skilgreindur fyrir fram: tólf mánuðir án nokkurra merkja um að minkur æxlaðist. Reynslan á Ytri-Suðureyjum sýnir að síðustu dýrin eru erfiðust og að gildrunetinu þarf að halda við eftir að markinu virðist náð. Án eftirfylgni tapast ávinningurinn.

Raunhæft kostnaðarmat fyrir Ísland á að vera hluti af þeirri aðgerðaáætlun sem tillagan kallar eftir.

Skylda okkar og næstu skref

Samkvæmt 8. grein samnings Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni, sem tók gildi hér á landi 1994, skal Ísland eftir því sem unnt er hafa stjórn á eða uppræta framandi tegundir sem ógna vistkerfum, búsvæðum eða tegundum. Fastanefnd Bernarsamningsins, sem Ísland á aðild að hvatti aðildarríki árið 1999, með beinni vísan til þessa ákvæðis, til að meta hvort unnt væri að uppræta slíkar tegundir og gera það þar sem það er gerlegt, og þar er minkurinn efstur á lista. Kunming-Montreal rammaáætlunin frá 2022 leggur sérstaka áherslu á upprætingu minks á eyjum.

Minkurinn er þó hvergi nefndur í aðgerðaáætlun stjórnvalda um líffræðilega fjölbreytni 2026–2030, sem umhverfisráðherra gaf út 15. október, þótt þar sé í aðgerð 5.3 boðuð sérstök áætlun um heftingu og upprætingu ágengra tegunda. Eyðing minks ætti að vera fyrsta verkefnið þar.

Málið nýtur þegar stuðnings. Bæjarráð Stykkishólms tók undir meginmarkmið þings- ályktunartillögunnar 17. september og lýsti vilja til að taka þátt í stefnumótuninni. Æðarræktarfélag Íslands ályktaði einnig um stuðning við tillöguna á aðalfundi sínum 17. október sl.

Eyðing minks í íslenskri náttúru væri fjárfesting sem sparar til allrar framtíðar og kemur æðarbændum, veiðiréttarhöfum og fuglalífi til góða.

Höfundur er þingmaður Miðflokksins í Suðurkjördæmi..



Heylaust í Borginni

– getur þú hlaupið undir bagga?

Jólin nálgast, og **Reykjavíkurborg óskar eftir að kaupa 100 heybagga** til að hjálpa til við að skapa hlýlega og notalega stemmingu á torgum borgarinnar á aðventunni.

Við þyrftum að fá baggana afhenta í byrjun desember. Hafðu samband á **gongugotur@reykjavik.is** ef þú getur hjálpað okkur, eða vilt fá frekari upplýsingar.

Reykjavík



Bændablaðið kemur næst út 3. desember

Leifshús, Svalbarðsstrandarhreppi – auglýsing deiliskipulagstillögu

Sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps samþykkti á fundi sínum 20. október sl. að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir smáhýsabyggð í landi Leifshúsa *skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*
Skipulagsverkefnið tekur til spildu í landi Leifshúsa þar sem reisa á 12 smáhýsi með aðgang að ræktunarreitum og húsnæði því tengdu auk skipulagningar göngustíga.

Skipulagstillagan er aðgengileg á skrifstofu SBE, Skólatröð 9, Hrafnagilshverfi, á heimasíðu sveitarfélagsins www.svalbardsstrond.is og á vef skipulagsgáttar, www.skipulagsgatt.is undir málsnúmeri 472/2024.
Hægt er að skila inn athugasemdum um málið til **25. desember 2026** á vef skipulagsgáttar.
Frekari upplýsingar er hægt að nálgast hjá Skipulags- og byggingarfulltrúa Eyjafjarðar, Skólatröð 9 eða í tölvupósti á netfangið sbe@sbe.is.

Skipulags- og byggingarfulltrúi

Rúllubaggablús



Á síðsumars slangri um Suðurland vöktu merktar baggarúllur athygli mína. Skrautletrað Nei-ið sem skreytti þær var áberandi, sneri að þjóðveginum. Mér komu í huga orð frelsarans um vit og fávísi. Við nánari íhugun var mér ljóst að svo var ekki. Hér voru harðsvíraðir sérhagsmunir taldir í húfi. Ekki mátti undir neinum kringumstæðum opna fyrir samkeppni, hvorki frá innlendum né útlendum framleiðendum. Aldalöng dönsk einokunarverslun á íslenskum síðmiðöldum var bændum víst ekki lengur víti til varnaðar. Samvinnuhreyfingin því að líkindum misskilningur.



Þröstur Ólafsson.

Landbúnaðurinn er undirstaða fæðuöflunar. Hann er forsenda siðaðs mannlífs. Seðjar grunnþarfirnar. Virkar í atvinnulífinu eins og stöpull undir byggingu. Því skiptir staða hans og umhverfi miklu fyrir allt hagkerfið. Hann myndar grunn kaupgjalds og verðlags sérhvers lands.. Allir þurfa að hafa í sig og á. Sé mjólk, kjöt og fatnaður ódýr laga grunnlaun sig að því. Síðan fylgja önnur laun og þóknanir í fótsporin. Hátt verð á matvörum veldur óhjákvæmilega háum grunnlaunum.

Íslensk heimili lifa við þá staðreynd að búvöruverð er hér í hæstu hæðum. Því fylgja hæstu grunnlaun; staðföst verðbólga og á hliðarlínunni vextir sem trauðla verða lækkaðir.

Verð á landbúnaðarvörum ákvarðast af fjölmörgum þáttum. Einn þessara þátta er frjósemi lands og veðráttan; annar stærð býlanna; enn ein er markaðurinn. Í heilbrigðu markaðskerfi er hann ómissandi þáttur verðmyndunarinnar. Hér er hann útilokaður og gerður óvirkur. Ekki má gleyma því að alla framleiðslu þarf að selja. Þegar framleiðslustýring og verðákvarðanir eru á einni hendi, þá er markaðurinn sem stýritæki óvirkur. Markaðurinn er ekkert annað en neytendur.

Verkfæri kölska

Íslensku bændasamtökin hafa í tímans rás markað þá stefnu að afkomu bænda sé best borgið í lokuðu hagkerfi. Horfa aldrei til afkomu heimilanna. Líta á samkeppni sem verkfæri kölska því hún heldur verðlagi búvara niðri. Innflutningsbann gagnvart útlendum landbúnaðarvörum, samkeppnisbann gagnvart innlendri framleiðslu og vinnslu. Einokun hefur alltaf og alls staðar í för með sér dýrar og oft einhæfar búvörur. Á almennum smásölumarkaði hérlendis er fákeppni orðin ríkjandi rekstrareinkenni. Samkeppnisleysið er einn af sterkari drifkröftum verðbólgunnar. Það þýðir lítt fyrir atvinnurekendur að væla yfir háum, ósamkeppnishæfum launum í landi fákeppni og einokunar. Erfitt að sjá endurvakta þjóðarsátt leysa þá rembihnúta sem íslenskt hagkerfi er komið í. Það var þetta sem íslenskir bændur voru að verja með Nei-inu á rúlluböggunum í ágúst síðastliðnum. Þar skipuðu þeir sér í hóp auðmanna, sægreifa og annarra fjársterkra einkasölu- og fákeppnisformælenda til sjós og lands. Skyldi þeim hafa líkað félagsskapurinn?

En baggarúllu-bændur sendu neytendum jafnvel enn alvarlegri skilaboð. Hættið að reyna að verða ykkur úti um ódýrari matvæli eða hafa áhrif á verðlagningu búvara. Það er ekki ykkar deild. Nei þýðir Nei. Þið getið étið það sem úti frýs. Þetta voru ruddaleg skilaboð.

Dýr lífskjör

Hér að framan voru færð rök fyrir mikilvægi matvara í þjóðhagslegu samhengi. Verðlag þeirra væri grunnur kaupgjalds og verðlags í landinu. Það er því mikið í húfi fyrir þróun efnahagsmála að sú atvinnugrein sé vel rekin og samkeppnishæf. Til að svo geti verið þarf opnun, valkosti, keppinauta. Vissulega þarf einnig niðurgreiðslur.

Ísland er gott dæmi, því eina alvöru tilraunin til samkeppni á búvörumarkaði var kæfð í fæðingu. Fyrsta byltingin sem gerð var í landbúnaði frá upphafi. Bændasamtökin og fulltrúar þeirra á Alþingi ónýttu það framtak. Íslenskir bændur þekkja því ekki þá viðskiptahætti. Þurfa ekki að rembast við að bæta sig. Þeir vildu ekki mæta samkeppninni, bara brjóta hana niður.

Evrópusambandið (ESB) hefur samræmda landbúnaðarstefnu, sem öll aðildarríkin samþykkja með sérsniðnum undanþágum, hvert fyrir sig. Niðurgreiðslur og styrkir til landbúnaðar er stærsti einstaki útgjaldaliður bandalagsins. Þetta hefur víða leitt til lækkunar matvælaverðs. Innan bandalagsins er að mestu frjáls verðlagning, meðan tollar eru lagðir á matvöru frá löndum utan ESB. Niðurgreiðslur og styrkir hafa ekki minnkað – eru bara öðruvísi. Þarna misstu íslenskir bændur, einkum ungbændur, af miklum tækifærum. Þeir vildu ekki vita hvað í boði var. Þóttust vita allt. Geta því eftir sem áður fullyrt hvað sem er. Þeir loka sig inni í kofanum. Vita allt fyrir fram. Þurfa sennilega ekki að fara á völlinn. Vita úrslitin að óreyndu. Framtíðin vinnst ekki án forvitni, án viðsýni. En takk fyrir boðið. Ungbændur segja NEI. Þeirra bíður spunarík framtíð.

> Ísland er gott dæmi, því eina alvöru tilraunin til samkeppni á búvörumarkaði var kæfð í fæðingu...

Sama rót hás verðlags

Það er lærdómsríkt að skoða samanburð á verðlagi erlendis. Þrjú lönd innan Evrópu skera sig þar úr. Þau eru hvað dýrust. Sviss, Noregur og Ísland. Þau hafa það sameiginlegt að vera utan ESB og, sem mikilvægast er, þær búa við innilokaðan samkeppnislausan (lítinn) landbúnað. Það skýrir hæsta matvöruverð á heimsvísu. Við Íslendingar búum við þá gæfu – sumir segja ógæfu – að vera auðlindaþjóð. Þær leggja enn til bróðurpartinn af góðum lífskjörum meirihluta þjóðarinnar. Orkan, heitt vatn, gjöful fiskimið, fagurt land. Of stór hluti þjóðarinnar býr þó við mun þrengri kjör, vegna of lágra launa og stöðugrar dýrtíðar. Þau verða aldrei bætt með núverandi stefnu í landbúnaði, en þar liggur stærsti einstaki gjaldaliður þessa fólks. Lækkandi verð á matvöru er þeirra besta kjarabót. Íslensk heimili grátbiðja um lægra matvöruverð. Þess vegna var litið til ESB, en bændur sögðu Nei.

Vituð ér enn eða hvat?

Höfundur er hagfræðingur.

Auglýsing um skipulag

Sveitarstjórn Langanesbyggðar hefur samþykkt að auglýsa skipulagstillögur fyrir Staðarárvirkjun í Bakkafirði og Tunguárvirkjun í Þistilfirði.

Staðarárvirkjun í Bakkafirði – Nýtt deiliskipulag og aðalskipulagsbreyting
Sveitarstjórn samþykkti 18. september 2026 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir Staðarárvirkjun *skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010* ásamt breytingu á Aðalskipulagi Langanesbyggðar 2007-2027 *skv. 1. mgr. 36. gr. sömu laga.*
Arctic Hydro hefur áform um að reisa vatnsaflsvirkjun í Staðará í Bakkafirði.
Áætlað uppsett afl virkjunarinnar er 0,99 MW og árleg orkuframleiðsla um 5,5 GWh.
Virkjunin verður tengd við dreifikerfi RARIK.
Málsnúmer í skipulagsgátt fyrir deiliskipulagið er 737/2025 og fyrir aðalskipulagsbreytinguna er 736/2025

Tunguárvirkjun í Þistilfirði – Nýtt deiliskipulag og aðalskipulagsbreyting
Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkti 13. nóvember 2026 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir Tunguárvirkjun *skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010* ásamt breytingu á Aðalskipulagi Langanesbyggðar 2007-2027 *skv. 1. mgr. 36. gr. sömu laga.*
Sveitarstjórn hafði áður samþykkt að auglýsa skipulagstillögu um stærri virkjunaráform en framkvæmdaaðilinn ákvað að minnka virkjunina og lónið til að lágmarka áhrif hennar á umhverfið.
Tunguárvirkjun ehf. hefur áform um að reisa vatnsaflsvirkjun í Tunguá í Þistilsfirði með áætlað uppsett afl 0,99 MW og árlega orkuframleiðslu um 8,5 GWh. Virkjunin verður tengd við dreifikerfi RARIK.
Málsnúmer í skipulagsgátt fyrir deiliskipulagið er 130/2025 og fyrir aðalskipulagsbreytinguna er 129/2025

Tillögurnar eru auglýstar frá **16. nóvember til og með 29. desember 2026.**
Skipulagsgögnin eru aðgengileg á Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar og á skrifstofu og heimasíðu Langanesbyggðar. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við skipulagstillögurnar á skipulagsgatt.is undir viðeigandi málsnúmerum.
Einnig er hægt að senda athugasemdir á skrifstofu sveitarfélagsins, Langanesveg 2, 680 Þórshöfn eða á netfangið langanesbyggd@langanesbyggd.is.
Athugasemdir eða ábendingar skulu vera skriflegar og merktar sendanda.
Þær skulu berast í síðasta lagi **29. desember 2026.**

Sveitarstjóri Langanesbyggðar



Hvenær verður gestur að vágesti?


Ímyndaðu þér, kæri lesandi, að risaeðlutegund væri flutt til Íslands. Ferðaþjónustan sæi nýtt aðdráttarafl og hugvitssamir athafnamenn færu jafnvel að selja krem og fæðubótarefni unnin úr slími eðlunnar. Svo slyppi hún út.

Í fyrstu væri þetta spennandi og veiðimenn fengju að kljást við nýja tegund. En svo færi hún að fjölga sér. Hún ætti enga náttúrulega óvini, þyldi íslenskt veðurfar og tæki fljótt yfir þau svæði þar sem hún næði fótfestu. Hún æti fugla, egg, lömb, refi og hvað annað sem hún kæmist í. Innan fárra ára væru heilu vistkerfin farin að breytast. Þá þyrfti enginn langa fræðilega umræðu um hvort hún væri ágeng. Svarið lægi í augum uppi.

En raunveruleikinn er sjaldnast svona einfaldur. Ágengar tegundir eru yfirleitt ekki svona skelfilegar. Þær koma oft sem nytjaplöntur, skrautplöntur, eldisdýr, jarðvegsbætandi tegundir eða jafnvel sem matur. Þær geta verið gagnlegar og leyst vandamál á ákveðnum stað. En síðan gerist eitthvað. Tegundin fer að dreifa sér út fyrir það hlutverk sem henni var ætlað og byrjar að breyta lífinu sem fyrir var. Tegund þarf ekki að vera vond til að verða vandamál. Hún þarf bara að vera of dugleg á röngum stað.

Það er auðvelt að vera á móti ímyndaðri risaeðlu sem rústar íslenskri náttúru. Það er miklu erfiðara að ræða tegund sem bindur jarðveg, gefur skjól, er falleg í blóma eða er borðuð með smjöri á pönnu.

Gott dæmi er *Pleurotus citrinopileatus,* gul ostrusveppategund sem hefur breiðst út í Norður-Ameríku. Hann er fallegur, ætur og vinsæll meðal svepparæktenda, en er upprunninn í Austur-Asíu. Við fyrstu sýn virðist hann ekki vera vágestur. Hann hleypur ekki um skóginn og rífur niður tré.



Hilmar Njáll Þórðarson.

Hann birtist bara á dauðum viði. Nýleg rannsókn bendir þó til þess að þar sem hann hefur náð fótfestu geti hann breytt sveppasamfélögum og dregið úr tegundafjölda annarra sveppa. Þetta er lúmskara en rándýr sem étur allt í kringum sig, en skiptir máli.

Spurningin er því ekki bara hvort okkur finnist tegund falleg eða gagnleg. Betri spurning væri „Hvað gerir hún þar sem hún nær sér á strik?“ Ryður hún öðrum tegundum burt? Breytir hún fæðuvefjum eða búsvæðum? Dreifist hún út fyrir þau mörk sem við ætluðum henni?

Í íslensku samhengi eru þessi mörk oft óskýr. Tegund getur hjálpað til við uppgræðslu á röskuðu landi en verið óæskileg í mólendi, votlendi eða birkikjarri. Líffræðileg fjölbreytni veitir aukið þol vistkerfa gegn áföllum, t.d. hlýnandi veðurfari eða nýjum pestum. Því fjölbreyttara sem lífið er, því betur getur það staðið af sér óvæntar breytingar, hlýnandi veðurfar, nýjar pestir og aðrar sveiflur.

Náttúran er síbreytileg og hefur alltaf verið það. En það er munur á hægfara breytingum og því þegar ný tegund nær skyndilega yfirhöndinni, ryður öðrum tegundum burt og breytir landinu hraðar en vistkerfunum sem fyrir voru ná að aðlagast. Ef tegund dreifir sér án þess að við höfum stjórn á því, þrengir að því lífi sem fyrir var og breytir vistkerfum til frambúðar, þá er hún ekki lengur bara gestur. Þá er hún orðin vágestur.

Höfundur er sérfræðingur hjá Landi og skógi.

Bændablaðið
www.bbl.is







Einu sinni héldum við að Jörðin væri flöt, og sumir halda það jafnvel enn

Það er erfitt fyrir okkur nútímafólk, sem teljum okkur vel upplýst og skynsöm, að setja okkur í spor almennings á öldum áður þegar fáfræði, fals og hindurvitni einkenndi daglegt líf fólks. Veraldlegir og trúarlegir leiðtogar lögðu almúganum línur og sjálfstæð hugsun átti ekki upp á pallborðið. Því betur hafa tímarnir breyst og flestir aðhyllast nú viðurkennda vitneskju sem byggir á upplýstri umræðu ekki síst varðandi mannréttindi og önnur stjórnarskrárbundin réttindi. Þó er það svo að enn finnast dæmi um viðhorf sem minna helst á hinar myrku miðaldir.


Stefán Tryggva- og Sigríðarson.


Mynd / Luke Stackpool, unsplash

Sagan

Sennilega hafa allir núlifandi Íslendingar vanist því að sjá sauðfé ganga laust um fjöll og firnindi yfir hásumarið en einnig á vegsvæðum og á láglendi í byggð. Þó íslensk lög styðji með engum hætti þessa skipan mála þá hefur sauðfjárbændum, forsvarsmönnum þeirra, einstökum sveitarstjórnum og jafnvel afurðasölufélögum bænda tekist að halda því að þjóðinni að svona hafi þetta alltaf verið og því verði ekki breytt. Roaming Free Since 874!!!

Það má hafa skilning á hvernig mál þróuðust með þessum hætti. Á fyrri hluta síðustu aldar lögðust fráfærur af, gaddavírinn og síðan girðingarnet komu til sögunnar og síðast en ekki síst var fé á nær hverjum bæ fram eftir öldinni. Augljóst hagræði var af því að girða úthaga jarðanna af með samgirðingu og smala síðan sameiginlega og draga í sundur að hausti. Um og upp úr miðri öldinni fór Alþingi að setja lög um búfjárhald, fjallskil og girðingar, sem byggðu á þessari skipan mála og virðist þá í engu hugað að eignarréttarákvæðum stjórnarskrárinnar né annarri lagasetningu sem heimilaði framsal eignarréttinda. Reglugerðir byggðu iðulega á veikum lagagrunni og sveitarstjórnum og sýslunefndum voru veittar heimildir sem enga lagastoð áttu og fjallskilasamþykktir geyma trúlega bestu dæmin um hvernig hagsmunaaðilum einnar búgreinar tókst að festa í sessi skipan mála sem brýtur á öðrum þegnum þessa lands og virðir rétt þeirra að vettugi.

En það eru breyttir tímar. Sauðfjárhald á bújörðum hefur dregist verulega saman og fjárjörðum fækkað. Að sama skapi hefur fjölbreyttari landnotkun annarra landeigenda færst í aukana og síðast en ekki síst hefur ræktun á láglendi stóraukist og er reyndar orðin mun meiri en núverandi þörf er á. Því skyldi maður ætla að allar forsendur væru til breyttra búskaparhátta sauðfjárbænda í átt til aukinnar láglendisbeitar á eigin landi. En það er öðru nær. „Meðan ég kemst upp með að beita á aðra, held ég því áfram ævina út," virðist vera mottó hins lánlausa íslenska sauðfjárbónda sem tapar með hverju árinu, ekki bara peningum (að eigin sögn) heldur tiltrú og virðingu þjóðarinnar.

Lögin

Eftir stendur **að hvergi í íslenskum lögum er heimild til að beita búfé á annarra land.** Þó slíkt hafi viðgengist árum og áratugum saman er um venju að ræða en ekki lög. Telji einhverjir að hefð sé komin á slíka landnotkun er það búfjáreigenda að fá slíka hefð viðurkennda fyrir dómstólum, það gerist ekki sjálfkrafa.

Í 72. gr. stjórnarskrárinnar segir að eignarrétturinn sé friðhelgur og að engan megi skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji og að skýr lagafyrirmæli þurfi til. Löggjafinn hefur í ýmsum lögum veitt heimild til að beita þessum undanþágum. Nægir að nefna skipulagslög, þegar sveitarfélög telja sig þurfa aukið land undir þéttbýli, vegalög sem heimila eignarnám vegna vegaframkvæmda og orkulög sem með sama hætti getur þurft að beita til að línur og lagnir í almannaþágu megi leggja um eignarlönd.

Almennt má ætla að löggjafinn hafi sömu sjónarmið í huga þegar um nýtingu hvers konar er að ræða en ekki beint eignar- eða leigunám. Í náttúruverndarlögum eru t.a.m. skýr ákvæði um almannarétt og þær skorður sem honum eru settar, þ.m.t. til að fara um lönd einkaaðila og ítarlega útlistað hvort megi tjalda, tína ber o.s.frv. Í lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum er öllum íslenskum ríkisborgurum og ríkisborgurum erlendra ríkja með lögheimili hér á landi, einungis heimilar dýraveiðar í almenningum og á afréttum utan landareigna lögbýla, enda geti enginn sannað eignarrétt sinn til þeirra. Einungis landeigendum eru heimilar veiðar á eigin landi.

Þurfum við frekari vitna við? Auðvitað hefur löggjafinn engar forsendur til að fara öðruvísi með beitarréttindi. Það verður að virða eignarréttinn og þó mýtan um að sauðféð hafi haldið þjóðinni á lífi í ellefu hundruð ár sé lífseig (en röng) þá dugir það ekki til að gera sauðfjárbeit undanþegna lögum.

Vissir þú

- að það er ekkert í íslenskum lögum sem heimilar bændum að beita land annarra án samninga
- að ekki er hægt að leyfa lausagöngu því *lausaganga er þegar búfé getur gengið í annars manns land í* ***óleyfi*** samkvæmt skilgreiningu laga
- lausaganga er því í eðli sínu óleyfisaðgerð, líkt og þjófnaður, sem hvorki er hægt að leyfa né banna
- að í lögum er kveðið skýrt á um umferðarrétt almennings um eignarlönd, heimildir til að tjalda og tína ber svo dæmi séu tekin
- að til að víkja frá stjórnarskrárvarinni friðhelgi eignarréttarins þarf sérlög, fullar bætur og aðgerðin þarf að vera í almannaþágu
- ellefta boðorðið um hina heilögu sauðkind komst aldrei á leirtöfluna hjá Móses, hvort sem um var að kenna plássleysi eða ritskoðun, það er ekki vitað.

Höfundur er aðallega aðgerðalaus aðgerðasinni.

Grundarfjarðarbær
Breyting á deiliskipulagi Mýrarhúsa

Bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar samþykkti á 315. fundi sínum þann 15. október sl. að auglýsa tillögu að breyttu deiliskipulagi Mýrarhúsa *skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga 123/2010*. Áður hafði skipulags- og umhverfisnefnd fjallað um tillöguna á 282. fundi sínum þann 7. október sl.. Breytingin felst í því að bætt er við einni sumarbústaðalóð. Lóðin er 1.050 m2 og er heimilt að reisa á henni 95 m2 frístundahús.
Fyrir eru sex frístundahús á Mýrarhúsum. Deiliskipulag Mýrarhúsa var samþykkt 2. júní 2000 og tók breytingum 25. október 2026. Skipulagsbreytingin er í samræmi við Aðalskipulag Grundarfjarðar 2019-2039. Það tilheyrir svæðinu Frístundabyggð F-1. Gert er ráð fyrir allt að 21 frístundahúsi á skipulagssvæðinu í heild.

Sótt verður um undanþágu frá *gr. 5.3.2.14 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013* vegna fjarlægðar frá vatni. Fyrirhugað er að frístundahús standi 30 metra frá Lárvaðli, þ.e. innan við 50 metra frá vatni. Það er í samræmi við byggð á svæðinu. Um sex metra hár bakki er við vatnið og myndar hann skörp skil milli túns og fjöru.
Skipulags- og umhverfisnefnd hefur fyrir sitt leyti fallist á rökstuðning fyrir staðsetningu hússins.

Þau sem telja sig hafa hagsmuna að gæta vegna skipulagsins eru hvött til að kynna sér tillöguna á Skipulagsgátt á slóðinni https://skipulagsgatt.is/issues/2026/1314.

Athugasemdir og ábendingar skal senda í Skipulagsgátt á umsagnartíma.
Frestur til að skila umsögnum er til **30. desember nk.**

Skipulagsfulltrúi Grundarfjarðarbæjar

Hólar í Hjaltadal:
Kaupa hesthús og reiðhöll

Mikil ánægja er hjá starfsfólki og nemendum á Hólum með kaup ríkisins á hesthúsinu og reiðhöllinni á Brúnastöðum á Hólum í Hjaltadal.

Fyrir nemendur er aðstaðan á Brúnastöðum hluti af daglegu lífi í náminu. Þar þurfa þeir að geta sinnt hrossum sínum samhliða kennslu, verklegum verkefnum og öðrum námskröfum. Brúnastaðir hafa verið í eigu einkaðila en kaupin áttu sér um síðustu mánaðamót.

„Þessi kaup eru skýr staðfesting á vilja stjórnvalda til að byggja áfram upp öflugt náms- og rannsóknarumhverfi í kringum íslenska hestinn á Hólum. Þau skapa mikilvægan grundvöll fyrir áframhaldandi þróun hestafræðideildarinnar og tryggja að við getum áfram boðið framúrskarandi nám og rannsóknir sem stuðla að velferð íslenska hestsins og styrkja stöðu hans til framtíðar," segir Hólmfríður Sveinsdóttir, forseti HÍ á Hólum.

Um ræðir 3.527,5 m² hesthús og reiðhöll, á um 6.020 m² leigulóð sem er nú í eigu ríkissjóðs. „Kaupin á Brúnastöðum marka mikilvægan áfanga í þeirri viðleitni HÍ að bæta aðstöðu til kennslu og rannsókna fyrir nemendur og starfsfólk Háskóla Íslands á Hólum en það var meðal þeirra markmiða sem skólarnir settu sér við upphaf myndunar háskólasamstæðunnar," segir Hólmfríður.


Hólmfríður Sveinsdóttir.

Metfjöldi stundar nú nám við hestafræðideild HÍ á Hólum, eða 73 nemendur, á þremur námsleiðum: 30 ECTS örnám í sérhæfðum járningarfræðum fyrir ganghesta, BS námi í reiðmennsku og reiðkennslu og rannsóknatengt meistaranám.

Í sumar skrifuðu Sveitarfélagið Skagafjörður, HÍ á Hólum, HÍ og háskólaráðuneytið undir samstarfssamning um stofnun rannsóknaseturs á Hólum í Hjaltadal þar sem sérstök áhersla væri á íslenska hestinn. Segir Hólmfríður að við stofnun Háskólasamstæðunnar hafi verið lögð sérstök áhersla á að styrkja ætti rannsóknastarf og háskólamenntun á landsbyggðinni.

HÍ á Hólum verður því fyrsta rannsóknasetur HÍ á sviði íslenska hestsins og fyrsta rannsóknasetrið sem tengist Heilbrigðisvísindasviði HÍ. */mhh*

Gætum fyllstu varúðar!


Gísli Jónsson.

Í ljósi nýlegra heimilda MAST til innflutnings á frjóvguðum laxahrognum frá Noregi finnur undirritaður sig knúinn til að koma eftirfarandi varnaðarorðum á framfæri:

Hin einstaka og góða heilbrigðisstaða íslensks laxeldis er ekki tilviljun. Í áratugi hafa forráðamenn innlendra klakstöðva haft það að meginmarkmiði að viðhalda sterkri stöðu gagnvart smitsjúkdómum. Þrátt fyrir þessa góðu stöðu eru kaupendur ávallt varir um sig og krefjast þess að hver einasti foreldrafiskur sé skimaður fyrir alvarlegum sjúkdómsvöldum. Til að mæta þessum kröfum eru tekin þúsundir lífsýna hér á landi ár hvert til að staðfesta heilbrigði foreldrafisksins hverju sinni.

Undirritaður hvetur að gefnu tilefni þær klakstöðvar sem hyggjast flytja inn laxahrogn frá Noregi til að hvika hvergi frá þeirri öryggisreglu að krefjast skimunar á öllum foreldrafiskum, bæði hrygnum og hængum, við hrognatöku í upprunastöð. Hrogn undan hverri hrygnu verði ekki blandað við önnur hrogn fyrr en niðurstöður liggja fyrir og staðfest hefur verið að enginn þeirra sjúkdómsvalda sem skimað er fyrir hafi greinst. Þessi próf eru ekki kostnaðarsöm.


Mynd / Ástvaldur Lárusson

Lagt er til að tekin verði líffærasýni og þau að lágmarki rannsökuð með tilliti til veiranna sem valda brisdrepi (IPN), hjartarofi (CMS; PMCV) og hjarta- og vöðvabólgu (HSMI; PRV). Hvað PRV varðar er sérstaklega vísað til alvarlegs afbrigðis veirunnar sem ekki hefur greinst á Íslandi. Þá er einnig mælst til þess að sýnin verði rannsökuð með tilliti til bakteríunnar sem veldur nýrnaveiki (BKD).

Á Íslandi eru ár hvert framleiddar milljónir laxaseiða til áframeldis í sjó og í landstöðvum, einnig eru alin til fiskræktar milljónir seiða fyrir íslenskar laxveiðiár. Veiran sem veldur IPN og hið alvarlega afbrigði PRV eru framandi fyrir þessar seiðastöðvar og íslenska náttúru. CMS er mjög skæður sjúkdómur í áframeldi í sjó. Það væri því mikið áhyggjuefni ef þessir sjúkdómsvaldar bærust í íslenskt laxeldi, hvort sem er í sjókvíum eða á landi.

Með þessari einföldu en áhrifaríku forvarnarreglu með því að taka vefjasýni úr foreldrafiski við kreistingu má styrkja innlendar smitvarnir og draga úr hættu á að sjúkdómsvaldar berist með innfluttum laxahrognum.

Höfundur er fv. sérgreina-dýralæknir fisksjúkdóma.

CONSENSA
INNKAUPAÞJÓNUSTA
Við veitum viðskiptavinum okkar innkauparáðgjöf og innkaupaþjónustu og tökum að okkur framkvæmd útboða, óháð tegund innkaupa
• • •
www.consensa.is - consensa@consensa.is

ÍSLENSKAR JÓLAGJAFIR
Barnið í aðalhlutverki


Jólabækur með nafni barnsins | Feluleikur jólasveinanna | Íslensk dagatöl
Kilja.is Skoðaðu úrvalið á Kilja.is

VETRARSÓL er umboðsaðili
STIGA
Gulltryggð gæði

40 ár á Íslandi
STIGA ST5266 P
Hágæða snjóblásarar
Fjölbreytt úrval
Askalind 4 | Kópavogi | Sími 564 1864 | vetrarsol.is VETRARSÓL

Öflug lýsing þegar mest á reynir


Fjölbreyttar lausnir fyrir ólíkar aðstæður
TRIME býður upp á öfluga dísil- og rafhlöðuknúna ljósaturna sem sameina afköst og hagkvæman rekstur. Rafhlöðuknúnu turnarnir eru hljóðlátir og án útblásturs og henta því vel við næturvinnu. Hægt er að tengja saman fleiri turna fyrir stærri vinnusvæði.
Hafðu samband við **Adolf Þ. Andersen** í **590 5135** eða **adolf@klettur.is** og kynntu þér lausnir sem henta þínum rekstri.
KLETTUR
www.klettur.is —— 590 5100



Sagnaþáttur:

Bak við stíflugarðinn



Kristján B. Jónasson
kbjonasson@gmail.com



Stífla heitir sveitin fyrir innan Skeiðsfossvirkjun sem færði þessa fallegu sveit í kaf. Mynd / Sýn - Sigurjón Ólason

Árið 1959 gaf Kaupfélag Skagfirðinga út bókina Skín við sólu Skagafjörður til að minnast að sjötíu ár voru liðin frá stofnun þess á Sauðárkróki 23. apríl 1889. Í bókinni er óður Matthíasar Jochumssonar til Skagafjarðar, Skín við sólu Skagafjörður, saminn árið 1890, birtur í heild ásamt nótum við lag Sigurðar Helgasonar við kvæðið. Eru 13 erindi kvæðisins látin kallast á við ljósmyndir af sögustöðum og náttúruperlum héraðsins. Eins og svo mörg kvæða Matthíasar lýsir Skín við sólu Skagafjörður andlegri leiðslu. Ljóðmælandi berst yfir land og lög og nemur umhverfið líkt og svífandi örn en geislar sólar, hin skínandi birta hennar, blindar hann svo hann veit ekki hvert skal halda eða hvernig skal lýsa því sem fyrir augu ber. Kemur þá til skjalanna ljóðguðinn Bragi sem leiðir skáldið efst upp á Tindastól þaðan sem það skyggnist yfir héraðið og birtast þá hvert sem hann lítur svipir sögunnar og hreystiverk forfeðranna.

Landnámsmennirnir Eiríkur í Goðdölum, Kráku-Heiðar, sá sem dó inn í Mælifellshnjúk og Hegri, sem nam Hegranes, hlýða nafnakalli og bergrisarnir sem girða héraðið, svo sem Mælifellshnjúkur, Glóðafeykir og Tindastóll, minnast hroðaverka liðinna tíma: Flugumýrarbrennu, Örlygsstaðabardaga og Haugsnessfundar. Úr hafi rís klettaborgin Drangey þar sem hörmuleg örlög Grettis og Illuga bróður hans verða Matthíasi að áminningu um orðstírinn sem aldrei deyr: Illugi mætir endalokunum með bros á vör en Grettir fellir eina átta skríðandi á hnjánum áður en hann er unninn „eftir kynstur sárra nauða“ og skáldið klykkir út með: „Frægðin enn með beinu baki, bræðravígi starir frá.“ Ekki má sitja í Skagafirði sé þetta lag flutt. Skal rísa úr sæti og hlýða á það standandi sem þjóðsöng.

Horfnar grundir

Á ljósmyndunum í bókinni eru sýnd mannvirki eins og Víðimýrarkirkja og Hóladómkirkja, fjöll og bæir sem og stakar sveitir líkt og Stífla í Fljótum. Ljósmyndin af Stíflu er tekin af Akureyringnum Vigfúsi Sigurgeirssyni, einum helsta ljósmyndara okkar um miðja tuttugustu öld, og sýnir hástig íslenskrar hjarðsælu. Á liðast lygn milli gróinna bakka og í hólma þar út í teygja laufgaðir runnar greinar til himins en lagðprútt fé bítur undir fannskrýddum, hvasseggja fjöllum. Myndi sá eða sú sem liti myndina árið 1959 hins vegar hafa haft hug á því að sjá þennan fagra stað eigin augum hefði það ekki gengið eftir. Sumarið 1945 fann áin á myndinni ekki lengur sinn farveg niður gljúfrið vestast við Stífluhólana og niður á sléttlendið þar fyrir neðan en strandaði á stífluvegg sem reistur hafði verið úr steinsteypu árin á undan. Vatnið hlóðst upp. Það flæddi til baka. Það flæddi yfir gróna árbakka og kjarrhólma, yfir starangi og slægjur, yfir teiga og tjarnir, yfir litlu stöðuvötnin sem Fljótaáin rann í gegnum yst í dalnum við bæinn Gautastaði, yfir ræktað land sem óræktað. Þegar kom fram á sumar 1945 var undirlendið sem þarna hafði verið landnámi horfið en í staðinn kom fjögurra ferkílómetra stórt uppistöðulón sem síðan hefur hækkað og lækkað eftir árstíðum og þörfum virkjannanna neðan stíflugarðsins í meira en áttatíu ár. Þetta lón, Stífluvatn, tók það stóran toll af jörðunum í Stíflu að búskapur lagðist af á þeim, á sumum jörðunum fljótlega eftir að stíflugarðurinn var fullbúinn, á öðrum lafði fólk fram eftir öldinni, uns enginn bæjanna við vatnið var lengur í byggð.



Rafvæðingin

Orkuskortur og orkuþörf voru aðkallandi málefni í hinum hraðvaxandi stað Siglufirði í byrjun tuttugustu aldar. Bræðslukatlar voru kyntir með kolum og síðar olíu en draumurinn lifði um stöðugan rafmagnsstraum frá vatnsorkuverum sem myndi lýsa upp myrkrið og gera hinum þjóðhagslega mikilvægu útflutningsfyrirtækjum kleift að starfa óháð næsta kolafarmi. Siglfirðingar stofnuðu rafveitu, hvattir áfram af stofnföður sínum, Bjarna Þorsteinssyni, sem ofan á allt annað var líka rafmagnsmaður. Hvanneyrará sem fellur úr Hvanneyrarskál var virkjuð árið 1913 og fallinu niður brekkuna breytt í raforku sem þó gerði lítið meira en að kveikja á nokkrum perum; vart var virkjunin komin upp en einsýnt þótti að gera varð meira.

Siglufjörður tútnaði út á næstu áratugum og alltaf vantaði orku. Úr varð að olíurafstöð var sett upp af dönsku fyrirtæki í bænum árið 1936 og ráku Danirnir stöðina fyrir eigin reikning. Áður hafði þessu sama danska firma verið falið að undirbúa næsta skref í orkuöflun sem var að virkja foss í landi jarðarinnar Skeiðar í Fljótum sem Siglufjarðarbær hafði keypt í þeim tilgangi nokkru áður og tryggt sér stóran hluta vatnsréttinda. Siglufjarðarbær festi þess utan kaup á fleiri jörðum í Austur-Fljótum með það að augnamiði að geta sökkt landinu þegar að því kæmi að gera þyrfti uppistöðulón. Lög voru samþykkt á Alþingi árið 1935 þar sem ríkið veitti Siglufjarðarbæ heimild til að virkja Fljótaá sem og að framselja virkjunarréttinn til annars aðila. En virkjunin dróst á langinn og Danirnir drógu lappirnar og úr varð á endanum að Siglufjarðarbær leysti rafstöðina og virkjanaáformin aftur til sín og hóf sjálfur að undirbúa framkvæmdir árið 1941. Þegar þær hófust árið 1942 var auðvitað löngu skollið á stríð og aðalhönnuðir verksins, dönsk verkfræðistofa í Kaupmannahöfn, orðin nokkuð afskipt sambandi við Ísland, en áfram var haldið og þrátt fyrir ýmisleg vandkvæði tókst að steypa stíflugarðinn, reisa virkjunina og setja upp hverflana á næstum árum.

Efninu var skipað upp í Haganesvík, enda vart enn kominn almennilegur vegur yfir Siglufjarðarskarð og enn tók það nokkrar klukkustundir að aka til Sauðárkróks. Sementið kom frá Skotlandi og tók góða viku að skipa því upp í Haganesvík og vann við það heill flokkur manna. Sementsflutningaskipið var síðan að endingu skotið í kaf af þýskum kafbáti og það sama gilti um ýmsan annan búnað sem ætlaður var til virkjunarinnar, hann varð kafbátahernaði Þjóðverja að bráð, en Siglfirðingarnir misstu aldrei móðinn. Þegar botnlokana vantaði í stífluna voru þeir einfaldlega smíðaðir hér heima úr stáli úr skipsflökum og frá hernum og dugðu raunar í hálfa öld, ekki var skipt um þá fyrr en síðla vetrar 1994. Háspennulína var lögð frá Skeið að Siglufirði yfir Siglufjarðarskarð og nauðsynleg tengivirki reist. Á skírdag árið 1945, sem bar upp á 29. mars, var svo hleypt á straumi úr Skeiðsfossvirkjun til Siglufjarðar. Afl virkjunarinnar var 1,6 megavött. Á þessum tíma voru fyrstu Ljósafossstöðvarnar í Soginu tvær stærstu virkjanir landsins og var samanlagt afl þeirra 15,6 megavött. Nú er rætt um að undanskilja allar virkjanir undir 25 megavöttum ákvæðum Rammaáætlunar af því að þær séu svo smáar. Samanlögð framleiðslugeta vatnsaflsvirkjana á Íslandi árið 1945 var hins vegar einmitt 25 megavött.

Horfinn heimur

Fáir urðu til að andmæla því að Stífla hyrfi undir vatn. Fáir þekktu svo sem þessa sveit eða höfðu litið hana eigin augum. Fram að síðari heimsstyrjöld voru Íslendingar almennt ekki sérlega vel kunnugir því hvernig stórir hlutar lands þeirra litu út. Stóraukin útgáfa myndskreyttra tímarita sem og meiri fyrirferð ljósmynda í dagblöðum á fimmta og sjötta áratugnum varð hins vegar til þess að kynna ýmis náttúruundur landsins fyrir almenningi.

Þegar ljóst var hins vegar orðið árið 1944 að framkvæmdum við stífluna við Skeiðsfoss var að ljúka og að landið innan Stífluhóla færi undir vatn stungu eigi að síður nokkrir niður penna til að reyna að henda reiður á því sem var að gerast, meðal annars til þess að leggja mat á skaðann sem býlin yrðu fyrir, því þrátt fyrir mikil snjóþyngsli á vetrum var Stífla á þeim tíma álitin góð sveit. Meginkeppikefli bænda á þessum slóðum var að næla í nógu mikinn heyfeng fyrir veturinn því svo miklar gátu fannirnar verið að útilokað var að treysta á útibeit á vetrum, enda hefur hvergi á Íslandi verið mæld jafn mikil snjódýpt og á þessum slóðum. Það gerðist 19. mars 1995. Var snjórinn þá mældur 2,79 metrar að hæð við Skeiðsfossvirkjun.

Einn þeirra sem velti fyrir sér framtíð byggðarinnar í Stíflu – en svo hefur sveitin heitið öldum saman og dregur nafn sitt af berghlaupi sem fallið hefur fram austan megin dalsins og lokað fyrir hann, svonefndum Stífluhólum – var gamall Fljótamaður, Ólafur Jóhannesson, síðar lagaprófessor, formaður Framsóknarflokksins og forsætisráðherra. Árið 1944 taldist honum til að tíu jarðir væru í byggð í Stíflu. Af þeim myndu sjö missa svo mikið land undir uppistöðulónið að erfitt yrði að stunda á þeim nútímalegan búskap nema með fjárfestingum sem næmu hærri upphæðum en þeim sem bændurnir fengju í bætur eftir að lönd þeirra væru tekin eignarnámi. Segir Ólafur að alls hafi farið 289 hektarar, fyrirtaks land, undir vatn. Auðvitað þurftu Siglfirðingar meiri orku, Ólafur áttar sig á því, en telur hana of dýru verði keypta og örlög Stíflunnar eigi að vera Íslendingum víti til varnaðar.

„Fegurð Stíflunnar er farin,“ ritar Ólafur. „Það er óbætanlegt tjón.“ Fáir eru nú á lífi sem muna þennan horfna heim, þessa horfnu fegurð, og brátt verður enginn eftir sem sá Stíflu eins og hún var með eigin augum.

Vísnahornið

Guðmundur Stefánsson, bóndi í Hraungerði, orti þessa stöku:

Í norðri skorðast ský við fjöll
skammt frá slæður læðast.
Af orðaforða afar snjöll
ótal kvæði fæðast.

Gummi Stef. í Hraungerði gerir Örlygsstaðabardaga skil í þessari, þar sem Skagfirðingar börðust með Árnesingum gegn Sturlungum:

Skagfirðinga glaða geð
gengur seint úr skorðum
og þeir stóðu okkur með
á Örlygsstöðum forðum.

Þorstein Erlingsson þekkja allir, þessa vísu mun hann hafa sent Jóhannesi Nordal íshússtjóra og trúlega þá í sláturtíðinni forðum:

Ætlarðu að muna eftir mér
einhvern tíma, kæri
ef að ganga af hjá þér
ung og falleg læri.

Og í gamansömum afmælisvísum Þorsteins, til Jóhannesar er þessi:

Vanti þig aldrei, vinur, neitt
sem vill og þarfnast maginn
meðan eitthvað ungt og feitt
er hér falt um bæinn.

Þessar vísur Þorsteins Erlingssonar þekkja margir úr samnefndu kvæði:

Þegar vetrar þokan grá
þig vill fjötra inni:
svífðu burt og sestu hjá
sumargleði þinni.

Það er líkt og ylur í
ómi sumra braga.
Mér hefur hlýnað mest af því
marga kalda daga.

Karl Friðriksson frá Hvarfi í Víðidal orti þessa vísu og kannski í göngum:

Fram í skála flýtum oss
flaskan hála bíður.
Veitir þjálan kærleiks koss
hvað, sem táli líður.

Þessi vísa **Karls Friðrikssonar** er örugglega tengd haustinu:

Svalinn næðir sviðinn völl,
sólarglæðum hallar.
Sumarklæðin eru öll
ofin þræði mjallar.

Ekki veit ég hvort þessi vísa Karls tengist pólitík eða viðskiptum, vel gæti það verið á vorum tímum:

Margur villist ljóst og leynt
lífs á hillingunni
þó á milli geti greint
gott frá spillingunni.

Stefán Jónsson frá Höskuldsstöðum í Blönduhlíð orti í gangnamannakofa, og vísan oft sungin af gangnamönnum:

Hryggir geðið fremur fátt
flestir gleði lofa.
Við skulum kveða og hafa hátt,
hinir á meðan sofa.

Stefán orti á leið í göngur þegar einn af félögum kvartaði undan þreytu, en sá mun hafa verið orðinn ölmóður:

Gleymist þreyta, gleði vaki,
glasið veitir sálu yl.
Nú er sveitin brátt að baki,
blárra leitum fjalla til.

Og Stefán gerir hér grein fyrir ákveðnum boðskap:

Ég hef eftir lífsdag langan
lært það svona nokkurn veginn
að bjóða ekki vinstri vangann
væri ég sleginn hægra megin.


Valdimar K. Benónýsson kenndur við Ægissíðu á Vatnsnesi orti í tilefni þess að bónda var legið á hálsi að hafa átt aðeins eitt barn með Önnu konu sinni. Bóndinn taldi ekkert til fyrirstöðu af sinni hálfu, en konan vildi ekki:

Bóndinn kannar örlög ill
eitthvað hann þó gæti
Þegar Anna ekki vill
á sér mannalæti.

Umsjón: Magnús Halldórsson
mhalldorsson0610@gmail.com

SKÚLI BJÖRN GUNNARSSON
LANDSLAG KYNSLÓÐANNA
Safn smáprósa og ljósmynda þar sem örnefni á æskuslóðum, sögur og minningarbrot fléttast saman.
Upplýsingar og pantanir á:
ordoglyst.is
Orð og lyst





HANNESARHOLT
GRUNDARSTÍGUR 10, 101 REYKJAVÍK
SYNGJUM SAMAN
Samsöngur í Hannesarholti og í beinu streymi á facebooksíðu okkar



hannesarholt.is | 511-1904 | Facebook

KAUPLAND
ÖRYGGI
ÞEGAR RAFMAGNIÐ BREGST
ÁREIÐANLEGAR RAFSTÖÐVAR FYRIR:
HEIMILI · LANDBÚNAÐ · VERKSTÆÐI · FYRIRTÆKI
Traust varaafl þegar þú þarft á því að halda
Hljóðlát og sparneytin
Sterkbyggð fyrir íslenskar aðstæður
SKOÐAÐU RAFSTÖÐVAR Á KAUPLAND.IS



STERKT VARAAFL
ÞEGAR ÞÚ ÞARFT Á ÞVÍ AÐ HALDA

KAUPLAND
MEIRI BIRTA
MINNI RAFMAGNSNOTKUN
LED LJÓS – FYRIR ALLAR AÐSTÆÐUR
20W 3000 lm
40W 6000 lm
60W 9000 lm
TILVALIÐ Í:
VERKSTÆÐI
BÍLSKÚRA
LAGERA
ÚTIHÚS
FJÓSIÐ
KAUPLAND.IS
ORKUSPARANDI & UMHVERFISVÆNT

KAUPLAND
STERK LÝSING
ÞAR SEM ÞÚ ÞARFT Á HENNI AÐ HALDA
ÖFLUG OG ENDINGARGÓÐ ÚTILJÓS
MIKIL BIRTA · VEÐURÞOLIÐ IP65 · TRAUST OG ENDINGARGOTT · EINFÖLD UPPSETNING
KAUPLAND.IS



KLÁR FYRIR VETURINN?
SNJÓKEÐJUR
Norsk gæðaframleiðsla frá Lilleseth Kjetting



VÖRUBÍLAR



DRÁTTARVÉLAR



VINNUVÉLAR

546 3500
skralli@skralli.is
Móhella 3F, Hafnarfirði

Sterkar keðjur sem halda í íslensku vetrarfæri.
SKRALLI

Vélsmiðja Grundarfjarðar



VÉLSMIÐJA GRUNDARFJARÐAR

Nýting ullar af íslensku sauðkindinni

Undanfarin tvö ár hefur verið yfirlýstur rekstrarvandi hjá ÍSTEX og hafa bændur ekki fengið greitt fyrir ullina sem þeir leggja inn til fyrirtækisins tvö ár í röð. Árið þar á undan var methagnaður hjá þessu sama fyrirtæki og voru margir undrandi þegar dæmið snerist svona algjörlega við á ekki lengri tíma.


Þegar ég var að hefja störf með fyrirtækið mitt, Uppspuna, árið 2017, þá hafði ég nýlega skoðað Iðnaðarsafnið á Akureyri en þar má sjá merkilega sögu ullarvinnslu á Íslandi hvar Gefjun var með framleiðslu á fjölmörgum vörutegundum sem voru að einhverju eða öllu leyti unnin úr ull. Mér þótti þetta safn ákaflega merkilegt og stórkostlegt að öllu leyti og sagan sem það geymir varð mér hvatning til að leggja eitthvað af mörkum til að upphefja ullina og það sem sauðkindin gefur okkur á hverju ári. Ég var algjörlega uppnumin. En einnig ákaflega sorgmædd yfir örlögum þessa fyrirtækis og Álafoss sömuleiðis.

Þessi fyrirtæki voru stórveldi á fimmta, sjötta og fram á sjöunda áratuginn, en rekstrarvandi varð til þess að þau gáfust bæði upp, sameinuðust í eitt fyrirtæki árið 1987 og heitir það fyrirtæki ÍSTEX í dag.

Markmið þessa fyrirtækis er að vinna band og lopa úr ull íslenskra sauðfjárbænda og er það að mestu í eigu bænda. Það hefur staðið af sér margar þrengingar og þó ég hafi ekki mikið spáð í hvernig reksturinn gengur, hef ég lesið fréttir sem um það birtist og setið aðalfund sem gestur oftar en einu sinni. Ég á ekki hlut í ÍSTEX og hef því ekki hagsmuna að gæta þegar kemur að rekstri þess, hvort sem hann gengur vel eða illa. Eða hvað?

Ég er sauðfjárbóndi og þó ég vinni ullina af mínu fé sjálf í mínu eigin fyrirtæki, þá ber ég hag annarra sauðfjárbænda fyrir brjósti og ég vil að þeir fái sanngjarnt verð fyrir þær vörur sem þeir framleiða.

Ég er sömuleiðis mikill unnandi íslensku sauðkindarinnar og læt mig varða hvernig hennar hag er borgið. Að við berum þá virðingu fyrir henni sem hún á skilið. Að við förum vel með hana og að við nýtum afurðir hennar á skynsaman og eðlilegan máta.



Feldfjárull. Mynd / Aðsend.

Þarna forðum þegar Gefjun og Álafoss áttu í sínum rekstrarvanda þá sýndist mér, þegar ég skoðaði söguna, að það hefði enginn farið í það að reyna að efla rekstur þeirra og koma þeim aftur á það velmegunarstig sem þau bjuggu við áður. Við heltumst af lestinni og horfðum bara tómlega á eftir vagninum keyra burt án okkar.

Nú erum við aftur í þessum sporum. Það er rekstrarvandi hjá ullarfyrirtækinu okkar og ég heyri ekki marga ræða þennan vanda á opinberum vettvangi. Ég heyri engan nefna ráð eða leiðir til að snúa þessari þróun við. Þessi pistill er skrifaður til að láta allavega eina rödd heyrast. Rödd sem vill upphefja ullarvinnslu, ullarnotkun og meðferð ullar á Íslandi.

Við erum eina landið í heiminum sem nýtir alla nothæfa ull sem klippt er árlega af fénu hér á landi. En flest lönd heims þurfa að farga ullinni sinni vegna þess að enginn spinnur eða nýtir ullina og eru margar þjóðir að leita leiða til að bæta þetta og horfa til Íslands sem fyrirmynd. Við megum ekki lenda í sömu sporum ef þessi rekstrarvandi heldur áfram.

Ég hef á liðnu sumri átt fundi með nokkrum aðilum þar sem ég hef rætt þennan vanda. Ég hef bæði rætt við framkvæmdastjóra og stjórnarformann ÍSTEX og fengið þar staðfest að vandinn er margþættur. Þar er verið að gera ýmislegt til að snúa vörn í sókn, en ég tel að þar megi gera miklu meira til einmitt þess að snúa vörn í sókn. Framleiðsla, hönnun, vöruþróun, markaðssetning, umræða og kynningar. Þetta má allt bæta og efla.

Ég átti fund með bændaforystunni og fann þar fyrir áhuga á að leita lausna og finna leiðir til að bæta og efla ullarvinnsluna og meðferð ullar hjá bændum. En einnig áhuga á að auka þekkingu bænda á hvað er góð ull og hvernig má meðhöndla hana svo hún sé góð alla leið til þeirra sem vinna með ullina.

Ég hef átt fund með rúningsmönnum og þeim sem vinna með bændum þegar verið er að rýja og ég hef orðið vör við áhuga hjá þeim að vanda sig enn betur til að hráefnið verði enn betra og sé rétt flokkað í pokana sem sendir eru til ÍSTEX til vinnslu. Áhuginn er til staðar. Þeir þurfa að fá tækifæri til að læra betur um ullargæði svo þeir geti miðlað þeirri þekkingu áfram.

Ég hef átt fund með bændum sem vilja læra og fræðast um hvernig eigi að flokka ullina og meðhöndla hana til að hún rýrist sem minnst að gæðum og haldi verðgildi sínu alla leið í ullarvinnsluna. Það eru þó oftar bændur sem eru að senda ull til mín í Uppspuna, en ekki eingöngu. Langflestir vilja gera eins vel og mögulegt er, og gera það. En þeir þurfa einnig að fá fræðslu til að vita hvað ullarvinnslur eru að sækjast eftir. Við fæðumst ekki með þessa þekkingu.

Á hverjum degi tala ég við prjónafólk, bæði íslenskt og erlent, sem elskar íslenska ull og íslenskt garn og vill stundum ekki prjóna úr neinu öðru. Sumt finnst þeim mega gera betur og sumir kvarta yfir ofnæmi fyrir efnum sem eru notuð við vinnslu ullar í stórum verksmiðjum. Öllum ber saman um gæði ullarinnar og kindarinnar sem ullina gefur.

Við megum ekki falla í þá gryfju að líta á ullina sem ónýta, verðlausa hliðarafurð. Hún er það ekki og hefur aldrei verið. Það er hægt að hafa tekjur af ull. Ég veit það því ég geri það sjálf.

Ull er endurnýjanleg auðlind sem við þurfum ekki að hafa mikið fyrir. Hún vex árlega og rúningur er nauðsynlegur til að skepnunni líði vel. Við munum ekki hætta að rýja. Við eigum að gera okkar besta til að auka verðgildi ullar á öllum sviðum. Við getum það og það er hægt. En til þess þarf að horfa á vandann – eða miklu heldur möguleikana frá öllum hliðum og bæta okkur í öllum þáttum á meðferð hennar.

Við eigum að rækta fé sem er með góða og efnismikla ull. Hreina og fallega liti og forðast illhærur. Þar er ég mest að tala um hvíta ull. ÍSTEX vill helst fá hvíta ull til vinnslu og þá þarf hún að vera í lagi.

Í þó nokkur ár hafa verið valdir hrútar á sæðingarstöðina sem mættu vera hvítari og með betri ull. Það hefur ekki bætt ullargæðin. Ullin hefur mætt afgangi þegar val á hrútum fer fram og er það miður. Skiljanlegt á meðan verið er að koma riðuverndandi arfgerð inn í stofninn, en við megum ekki sofna á verðinum hvað þetta varðar. Ræktunarmarkmiðin segja að við eigum að standa vörð um ullina jafnt og aðra þætti.

Mín reynsla er að mislit ull er dásamleg að gæðum og að nýting á henni sé vannýtt gullnáma. Tækifæri til vöruþróunar liggur í að nýta hana betur og var á síðasta ári framleiddur litur ársins úr mislitri ull í litlu magni fyrir einstakling sem sannar að sá möguleiki er gerlegur og reyndist garnið sem er plötulopi geysivinsæll meðal prjónafólks sem komst í nálægð við hann.

Við eigum að vanda okkur þegar við rýjum. Flokka og setja í hreina poka. Reyna að ná fénu hreinu inn og rýja samdægurs sé þess kostur.

Við eigum að vera stolt af kindunum okkar og ullinni sem af þeim kemur. Það er sorglegt að heyra haft eftir fólki sem á að auglýsa vörurnar sem það framleiðir að: „þessar rollur eru allar eins!“ Með vandlætingartón. Það eru þær ekki.

Við eigum að standa vörð um sauðkindina og afurðirnar sem hún gefur, nýta þær á skynsaman hátt og gera verðmæti úr þeim sem standa undir framleiðslu þeirra, jafnt fyrir verksmiðjurnar og bændurna sem hana rækta. Það má ekki klikka oftar að greiða fyrir hráefnið.

Við eigum að verðleggja vörurnar eftir eftirspurn og æfa okkur að fylgja markaðslögmálum og einfaldri hagfræði þegar kemur að markaðssetningu og kynningum.

Við verðum að standa vörð um ÍSTEX og lopabandið sem þeir framleiða.

Við þurfum að vera opin fyrir nýjungum og þó að lopapeysan sé klassísk tískuflík verðum við að horfa til þess hvað unga fólkið er að gera og leyfa þeim að láta rödd sína heyrast í sköpun sinni.

Við megum ekki festast í viðjum vanans og vera hrædd við að horfa til annarra leiða.

Og prjónafólk má ekki í öðru orðinu hneykslast á að bændur fái ekki greitt fyrir ullina og í hinu orðinu spyrja hvar ódýrasti léttlopinn fáist.

Við eigum að standa í lappirnar, berja okkur á brjóst og upphefja sauðfjárafurðir.

Við skuldum íslensku sauðkindinni það.

Hulda Brynjólfsdóttir
Smáspunaverksmiðjan Uppspuni
/ Sveitakarlinn ehf.







Þau Sólveig María Svana Haraldsdóttir og Hallur Örn Guðjónsson í hlutverkum sínum sem Marísól og bangsinn hennar blíði. Myndir / Bubbi

Freyvangsleikhúsið: Marísól og leitin að gleðinni

Freyvangsleikhúsið býður ungum sem öldnum í sannkallað aðventuævintýri þegar nýja, íslenska barnaleikritið Marísól og leitin að gleðinni verður frumsýnt þann 20. nóvember.

Verkið er hugarfóstur Jóhönnu S. Ingólfsdóttur, formanns félagsins, sem bæði semur og leikstýrir sýningunni, en hún hefur bæði skrifað og leikstýrt jóla- og aðventuverki fyrir yngri áhorfendur hjá félaginu síðastliðin fimm ár.

Sýningin er jafnframt einstaklega ljúf og hjartnæm þar sem hún geymir nýja tónlist eftir hinn ástsæla tónlistarmann Eiríks Bóasson, sem lést í október síðastliðnum. Þetta var í fjórða sinn sem þau Jóhanna og Eiríkur leiddu saman hesta sína í leikhúsinu og fær hans einstaka tónlist því að hljóma áfram og ylja áhorfendum um hjartarætur á aðventunni.

Sagan sjálf, um hana Marísól, er bæði spennandi og skemmtileg en hún fjallar um tíu ára stúlku sem er leið yfir komandi jólum því að pabbi hennar, sem er sjómaður, þarf að vera úti á sjó yfir hátíðarnar. Á Þorláksmessukvöld gerast hins vegar töfrar þegar uppáhaldsbangsinn hennar, hann Viktor, lifnar við og kippir henni með sér í ógleymanlegt ferðalag til að endurheimta jólagleðina.

Á leiðinni rekast þau á alls kyns skrautlegar persónur með ólíkar hugmyndir um gleðina en uppgötva að lokum að sönn gleði felst í litlu hlutunum, samverunni og því sem kemur beint frá hjartanu. Miðasala á þessa hlýju og bráðskemmtilegu fjölskyldusýningu er þegar hafin á Tix.is en miðaverð er 2.500 kr. og sýningarnar alls sex talsins. Jólasýningar Freyvangsleikhússins hafa alla tíð verið afar vinsælar og því er um að gera að drífa sig í að kaupa miða. Þegar er uppselt á frumsýningu en hægt er að kaupa miða fyrir sýningar 21., 22., 28., 29. nóvember og svo 6. desember – allar klukkan 13.

/sp

RÚMFÖT.IS
Nýbýlavegur 28 - Sími 565 1025 - rumfot@rumfot.is
Opið frá 12-17.30 alla virka daga og 11-15 laugardaga
EGYPSKT BÓMULL
HEIMSKLASSA RÚMFÖT
GÆÐI | LÚXUS | TÍMALAUS HÖNNUN

Nál og tvinni
sérverslun með saumavélar
Sérpöntum fallega og notadrjúga skápa fyrir saumavélina þína.
Framleiddir í Þýskalandi af
RMF Möbel
Fjölbreytt úrval af samsetningum og ótal fylgihlutir.
Sýniseintak í verslun okkar.
Bíldshöfða 18, S: 5889977 - www.nalogtvinni.is

ÁSCO
STARTARAR OG ALTERNATORAR Í MIKLU ÚRVALI
RAFGEYMAR OG RAFBÚNAÐUR FYRIR DRÁTTAR- OG VINNUVÉLAR.
ÁSCO
Glerárgata 34b, 600 Akureyri • S4611092 • asco@asco.is BÍLARAFMAGN

Auglýsing um skipulagsmál í Rangárþingi eystra

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst eftirfarandi tillaga að deiliskipulagi:

Efri-Úlfsstaðir í Landeyjum – Breyting á deiliskipulagi

Deiliskipulagstillagan að reisa fjögur 80 m^2 gestahús á byggingarreit B1, með 5 m mænishæð sem þegar hafa verið byggð. Á byggingarreit B2 og B4 verður heimilt að reisa þrjú samskonarhús. Á byggingarreit B3 verður heimilt að reisa 1.200 m^2 byggingu til landbúnaðar með allt að 6 m mænishæð.
Einnig er verið er að leiðrétta upplýsingar frá upprunalegu skipulagi.

Samkvæmt 31. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst eftirfarandi tillaga að deiliskipulagi:

Steinar og Hvassafell undir Eyjafjöllum – breyting á aðalskipulagi

Með aðalskipulagsbreytingunni er verið að breyta 15 ha svæði úr landbúnaði í verslunar-og þjónustusvæði ásamt 4 ha íbúðarsvæði.

Steinar og Hvassafell undir – Nýtt deiliskipulag

Deiliskipulagstillagan tekur til þriggja 5 ha verslunar- og þjónustusvæða og 4 ha íbúðabyggðar.
Á lóð A1 verður heimilt að byggja 600 m^2 með 8 m hámarkshæð.
Á Lóð A2 stendur til að endurbyggja íbúðarhús undir starfsmannaíbúðir og/eða gistirými fyrir ferðamenn.
Heildarbyggingarmagn verður 800 m^2 og 8 m hámarkshæð.
Tillagan heimilar að lóð A3 verði breytt í starfsmannaíbúðir sem áður voru landbúnaðarbyggingar.
Heildarbyggingarmagn verður allt að 1.200 m^2 og hámarkshæð 8 m. Lóð A4 heimilar allt að 950 m^2 undir starfsmanna og/eða gistirými fyrir ferðamenn. Lóð C1 heimilar 1-2 hæð hús með risi, allt að 8 m hámarkshæð og heildar byggingarmagn 2.500 m^2. Á lóð C2 er gert ráð fyrir hóteli, 10.00 m^2 á 1-2 hæðum með kjallara og hámarkshæð veður 9 m. Lóð C3 er ætluð fyrir starfsfólk, um er að ræða 3-5 rað- eða parhús á einni hæð, 1.500 m^2 og 5 m hámarkshæð.

Ofangreindar tillögur er hægt að kynna sér á heimasíðu Rangárþings eystra, á Skipulagsgátt HMS og á viðtalstíma hjá skipulags- og byggingarfulltrúa að Austurvegi 4, Hvolsvelli. Umsagnar- og athugasemdarfrestur er frá **18. nóvember** til og með **5. janúar 2027**.
Umsögnum og athugasemdum skal skila skriflega í gegnum Skipulagsgáttina eða til skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra að Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Rangárþings eystra


Austurland:

Franziscu-skólinn á Skriðuklaustri


Karólína Rós Ólafsdóttir
karolina@bondi.is

Spennandi dagskrá verður á Skriðuklaustri í allan vetur. Oddný Eir Ævarsdóttir, rithöfundur og forstöðumaður Gunnarsstofnunar, stofnaði nýlega Franziscu-skólann sem stendur fyrir Vikivökum, mánaðarlegum viðburðum í tengslum við ritlist, handverk, tónverk og list auk gönguferða um svæðið.

Skólinn er nefndur eftir Franziscu Antoniu Josephine Jörgensen sem byggði upp Skriðuklaustur ásamt eiginmanni sínum, skáldinu Gunnari Gunnarssyni. Franziscu-skólinn er hugsaður sem opið rými fyrir alla þá sem hafa áhuga á að koma saman, njóta náttúrunnar, samverunnar og sögunnar og gera tilraunir til að tjá eigin sögur.


Oddný Eir Ævarsdóttir, forstöðumaður Gunnarsstofnunar, við útikennslu. Myndir / Aðsendar



Unnið að hannyrðum á Vikivöku-viðburði.



Sagnahættir og hannyrðir mætast.

Hugsað sem samkomustaður

„Þetta kom til þegar ég fer að reka þessa menningarstofnun hér í Fljótsdalnum í byrjun árs og er að fara að gera það út frá örlítið breyttri sýn, þó út frá staðarandanum sem hér er svo ríkur,“ segir Oddný. „Ég hef skoðað það lengi, hvernig maður getur hugsanlega leiðbeint öðrum við skrif, eða örvað aðra til að skrifa og tjá sig. Ég hef sérstaklega verið að pæla í því hvernig börn geti tjáð sína líðan og hvernig ástarkrafturinn eflist í skrifum. Ég hugsaði að það væri upplagt að geta lagt mínar rannsóknir í ritlist á borðið ef vantaði eitthvað í dagskrána. Svo hafa heimamenn verið svo áhugasamir og virkir að ég sé fyrir mér að hér verði enginn skortur heldur verði smám saman til ein risastór ritlistar- og sagnamiðstöð. Þetta verður einshvers konar heimaskóli, algjörlega óformlegur, og þar sem er hefð fyrir skólastarfi á Skriðuklaustri liggur það vel við.“

Oddný segir að Gunnarshús á Skriðuklaustri hafi upphaflega verið byggt sem samkomustaður fyrir fólk til að koma saman og fá snert af ákveðinni heimsmenningu sem Gunnar og Franzisca reyndu að halda á lofti fyrir austan. „Þau reyndu að efna til samræðu milli heims- og bændamenningarinnar. Franzisca er af dönskum og þýskum ættum og kemur með aðrar hugmyndir inn í samfélagið,“ segir Oddný. „Ég held að þau hafi viljað gera staðinn að griðastað, rétt eins og hann var forðum þegar hér stóð lækningaklaustur sem var athvarf fyrir fátæka og sjúka og þau gera ýmsar tilraunir til að tengjast þessum anda. Þau voru tengd evrópsku menningarlífi og það sést á því sem er til í húsinu, upprúlluðum dagblöðum í massavís og garðyrkju- og bókmenntaritum. Þau voru miklir bréfritarar bæði og það er mikið til hér hjá okkur sem er algjör fjársjóður. Þau voru miklir kennarar í sér. Franzisca kenndi til dæmis sonardóttur sinni og nöfnu að tengjast náttúrunni hér í kring og Gunnar sagði henni sögur af mönnum og málleysingjum sem við verðum að hlusta á og gefa rödd af réttlæti. Allt þetta ýtti undir hugmyndina um Franziscu-skólann,“ segir Oddný.

Tengja söguna og umhverfið

Við endurnýjun starfs og sýninga á Skriðuklaustri stefnir Oddný Eir á að tengja allar þessar sögur saman. „Við höfum verið að hugsa um leiðir til að tengja þessa þræði, marglaga sögu hússins og staðarins, klaustrið og allar sögurnar af svæðinu, sem ötulir ritarar hafa skráð um náttúrumæri, landhætti, landvætti, fornleifar, örlög og dýr.“ Oddný segist vera heilluð af sveitinni. „Það er svo fallegt hérna í Fljótsdalnum og á Héraði að maður er eiginlega bara orðlaus. Ég man hvað pabbi var upptekinn af því á okkar ferðalögum í minni æsku að sýna okkur Snæfellið og manni fannst hann vera aðeins of spenntur fyrir því, skildi ekki alveg, en núna er ég orðin svona algerlega heilluð af Snæfellinu og mér vera borgið ef ég sé það!“

Á Skriðuklaustri og í Fljótsdal er auk þess margra ára saga af tilraunamennsku í lækningalist og landbúnaði. „Í nýja hlaðvarpinu okkar tala ég til dæmis við fyrri ábúendur í húsinu á meðan það var rannsóknamiðstöð í landbúnaði og heyri þeirra mögnuðu sögur og hvernig menningin í húsinu byggðist upp á grunni þessarar hugsjónar að búa til griðastað og

> Mér finnst áhugavert að prófa frásagnarhætti sem eru kannski pínulítið tilviljunarkenndari ...

sagnarandrými en vera líka með sjálfsþurftarbúskap og tilraunamiðstöð, bæði í landbúnaði, bókmenntum og læknandi list.“ Hlaðvarpið kallast Oddaflug snæuglunnar og er hugsað sem námsefni.

„Mér fannst að það væri upplagt að maður kæmi þarna inn og færi ekki bara út með bók eftir Gunnar Gunnarsson, þótt það sé sannarlega verðugt, heldur líka einhverja löngun til að tengjast staðnum og skrifa eigin sögu,“ segir Oddný. „Við erum einnig að fara að styrkja útgáfuna okkar svo brátt mega jólabækurnar fara að vara sig,“ segir Oddný hlæjandi.

Skrifast á við Lagarfljótsorminn

Í hverjum mánuði verða fastir viðburðir sem Oddný kallar Vikivökur í höfuðið á samnefndri bók Gunnars, Vikivaki. „Eins og í bókinni vonast ég til þess að allt fari á flug og fái mál. Ég sé fyrir mér að þetta verði langur viðburður, alveg þrjár til fimm klukkustundir í senn. Það tekur svo langan tíma ef maður kemst í skrifstuð og raunverulega inn í samræðuna og leikgleðina. Mig langar að við séum um leið að pæla í aðferðunum sem maður er að nota og jafnvel skrifast á við einhverja,“ segir Oddný. „Ég er búin að vera að safna saman skrifum um persónur hérna af svæðinu, það getur verið hjálplegt að skrifast á við Jón Hrak eða Sunnefu, heilaga Barböru, rauðu einhyrningskúna eða Lagarfljótsorminn.“







Hér að ofan ræðir Oddný við geitur og til hægri má sjá Oddnýju og Illuga Jökulsson á Vikivöku fyrr í haust.

Kennsla inni og úti

Auk þess sem kennslan mun fara fram inni á Gunnarsstofnun fer kennslan fram á göngu um svæðið. „Við höfum verið að kortleggja leiðirnar hér í kring og kortlagning verður hluti af verkefninu, hvernig maður leggur upp í ferðalag sem er viss óvissuferð og skilur með líkamanum uppbyggingu frásagnar," útskýrir Oddný. „Mér finnst áhugavert að prófa frásagnarhætti sem eru kannski pínulítið tilviljunarkenndari, að maður gleymi því sem maður er búinn að vera að safna að sér, að maður fari inn í eitthvert ástand þar sem náttúran og umhverfið og þjóðsögurnar leiða mann áfram." Oddný segist vonast til þess að þátttakendur opni á einhverja frásögn inni í sér og nái að finna henni form.

„Í gegnum söguna hafa alltaf verið önnur form en þessi klassísku, viðkvæmari form eins og játningar, sjálfsævisögur, ferðasögur, dagbækur og bréf, þessir textar sem voru ekki endilega hugsaðir til birtingar og oft skrifaðir af alþýðufólki í andagift eða örvæntingu eða einhverri skýrsluþrá. Svo eru það öll drögin að Íslandslýsingum og héraðslýsingum, hálærð fræði og grúsk almennings sem eru stórkostlegar heimildir. Þetta eru allt mögnuð skrif en koma ekki vel út í samanburði við „bestseller bækur", þetta eru bókmenntir sem oft eru taldar gallaðar en ég held að við séum kannski að dæma svona skrif á röngum forsendum, út frá því hvort einhverjum kónginum líki hirðfiflið en ekki út frá sjálfum sannleikanum sem er að brjótast út með alls konar ærslum."

Oddný segir að Franziscu-skólinn eigi að verða rými fyrir allar þessar frásagnir. „Ég vil að þetta verði staður sem leyfir manni að gera tilraunir og skoða þessar frásagnir þar sem eitthvað vantar, hlúa að okkar sögum á meðvitaðan hátt og spyrja okkur af hverju við dæmum eigin sögu úr leik. Við erum orðin of vön einsleitum formgerðum svo við lítum á svona verk sem misheppnuð og þar með gefast margir upp á að segja sína sögu, jafvnel börn gefast upp á að segja sína sögu en það er sorglegast af öllu."

Fjölbreyttir farkennarar

Fjölbreyttir farkennarar munu leiða viðburði og lengri námskeið. „Mér finnst mikilvægt að þetta séu farkennarar og að þarna sé hægt að tengja saman ólík svið út frá þeirri hugsjón að ritlist sé læknandi. Vikivökurnar verða vonandi að tilefni til að koma saman og spegla og máta sínar sögur og prófa alls konar aðferðir til sagnagerðar og tjáningar. Þess vegna er stefnan að gestakennararnir verði ekki bara rithöfundar heldur að það verði líka lista- og handverksfólk, bændur, iðnaðarmenn, fornleifafræðingar, læknar, kokkar og bara þeir sem hafa pælt í aðferðum og langar að gefa með sér," segir Oddný og bætir við að það sé mikið ríkidæmi á svæðinu, bæði mikil menning og tilraunastarfsemi. Þar nefnir hún til dæmis matvælaframleiðslu úr geita- og sauðamjólk, skógræktartilraunir í Hallormsstað og lífrænan búskap í Vallanesi.

Fyrstu viðburðirnir hafa gengið vel að sögn Oddnýjar og búið er að gera drög að dagskrá fram á næsta ár. Björg Árnadóttir rithöfundur var með smiðju um tjáningu og hindranir og Laufey Sigurðardóttir fiðluleikari spilaði tónlist og ræddi tónsmíðar. „Svo kemur Gabríela Friðriksdóttir hingað næsta haust og leiðir nema um leyndardóma lindifurunnar sem er í þurrkun hjá Landi og skógi núna og hjálpar okkur að búa til okkar eigin sögumann úr trjátoppunum. Þá er einnig von á snillingum eins og Vigdísi Grímsdóttur og Signý Ormarsdóttir brautryðjandi mun tengja handavinnuna og hreindýraskinnið sagnagerðinni."

Undrið í samverunni

„Vetrardagskráin hefur verið í ákveðnum föstum skorðum. Safninu er lokað 15. október og er opnað 1. apríl svo það verður aðeins nýtt að það séu viðburðir mánaðarlega," segir Oddný. Þá verða einnig viðburðir í kringum aðventuna. „Þó að kaffihúsið sé lokað núna og ákveðið óvissuástand í sambandi við veitingarekstur þá veit ég að við verðum ekki renus, eins og amma orðaði þá hræðilegu ógn að eiga ekkert með kaffinu þegar gesti bar að garði. Við verðum með spennandi dagskrá í tengslum við Aðventulestur í tali og tónum og svo hina árlegu Grýlugleði, auk hátíðar-Vikivöku með mandarínuskralli."

Vikivökurnar eru opnar öllum og kostar ekkert að taka þátt. „Ég sé fyrir mér að þeir sem mæti geti mætt oftar en einu sinni, að maður komi og hitti frábæran gestakennara og prófi að hugsa um sína sögu á meðan maður er að læra eitthvað nýtt og svo sé hægt að koma aftur þegar eitthvað allt annað er í gangi," útskýrir Oddný. „Við erum bara rétt að byrja, búin að hittast nokkrum sinnum og hita okkur upp. En á nýju ári verður sagnarandinn virkjaður og sagnarandrýmið opnað. Það er engin skylda að mæta undirbúinn heldur er mikilvægast að fólk komi og sé til í að staldra við, grúska svolítið, anda að sér staðarandanum og upplifa undrið í samverunni."

ÖJE
PÍPULAGNAÞJÓNUSTA
Sími 780 3939
Öll almenn pípulagnaþjónusta
Nýlagnir og viðhald
pipulagniroje.is • pipulagniroje@pipulagniroje.is

Eignatorg býður sérhæfða þjónustu við verðmöt og sölu á bújörðum og öðru landi með eða án rekstrar.
Við byggjum á áralangri reynslu á því sviði.
Björgvin Guðjónsson, búfræðingur
og löggiltur fasteignasali,
s. 510-3500 eða 615-1020, bjorgvin@eignatorg.is
Eignatorg Syðsta-Mörk, 861 Hvolsvöllur



Berðu saman verðin
áður en þú festir kaup annars staðar.
Það á eftir að koma þér skemmtilega á óvart!
Fast Parts ehf.
Sími: 788 8893
Email: pantanir@fastparts.is
www.shop.fastparts.is
FAST PARTS

GÁMATJÖLD
EINFÖLD LEIÐ TIL AÐ AUKA PLÁSS



- Sterkt tjald sem festist á gáma
- Norsk uppskrift, þykkur dúkur og öflug grind
- CE og brunavottun
- Yfir 15 ára reynsla á Íslandi
- Festist á 20" eða 40 feta gáma
- Breidd á milli gáma 8, 10 eða 12 metrar
- Engin fasteignagjöld
- Tjöld vítt og breitt um landið
- Hægt að einangra
- Hægt að setja í glugga

Upplýsingar: gamatjold@gmail.com – 660 6707 Gámatjöld



Matarkrókurinn:

Tími, laukur, kjöt og vatn

Haraldur Jónasson
haradlur@gmail.com



Nú þegar loksins er kominn smá vetur er ekki úr vegi að fylla kroppinn og sálina með súpu. Kjötsúpa hvers konar er tæknilega eina slíkrar gerðar sem getur talist full máltíð, ekki bara forréttur. En franska lauksúpan gerir helst tilkall til þess að vera sú súpa sem fyllir hvað best á tómarúmið sem sólarleysið á það til að skapa í skammdeginu. Hvers vegna þá ekki að blanda þeim saman og fylla á sálartetrið með bragðmikilli og mettandi súpu?

Sú franska er, eins og nafnið gefur til kynna, búin til úr nokkru magni af lauk. Vökvinn er svo úr kjötsoði og herlegheitin toppuð með ostabrauði. Við ætlum að nota laukinn og kjötsoðið en geyma ostabrauðið til betri tíma. Kjötið í þennan blending mun að þessu sinni koma af nautakjöti. Þverskornir skankar, ossobuco, henta sérlega vel. Mikill kraftur kemur úr beinunum og gott bragð og áferð úr skankanum. Lambaskankar ættu líka sérlega vel heima í þessari súpu.



Jafnvel Kenny Bania þyrfti að viðurkenna að þessi súpa er máltíð. Mettar átta léttilega sem aðalréttur. Ef það er gott brauð með.

Tíminn og heita vatnið

Það sem skanki þarf, nokkurn veginn sama af hvaða dýri hann kemur, er löng suða. Það þarf ekkert að gera neitt ógurlega fansí við þá hér, sér í lagi þar sem þeir enda í tægjum í súpunni. Nei, bara sjóða þangað til þeir falla af beinunum. Þá lekur líka gelatín úr beinunum og tengivefnum sem breytist í kollagen með tíma og hita. Tekur þrjá, fjóra klukkutíma alla jafna.

Til að bæta aðeins krafti í soðið finns mér gott að hreinsa aðeins til í grænmetisskúffunni. Að þessu sinni átti ég hálfa papriku og sæmilega stóra gulrót. Bætti svo tveimur krömdum hvítlauksgeirum og nýtilegum afskurði af lauknum sem fór í súpuna. Nokkur piparkorn og tvö lárviðarlauf. Næst þarf 2,5–3 lítra af vökva. Ég átti einn lítra af kjúklingasoði og setti desilítra af rauðvíni líka. Fyllti svo upp í lítratöluna með vatni. Ef það er ekki til heimagert kjúklingasoð fer bara meira af vatni.

Til að einfalda lífið og bragðið er ekki síðra ef hægt er að sjóða kjötið daginn áður. Mér finnst best að salta kjötið og soðið ekki fyrr en það fer út í súpuna.

Aðalhráefnið

Laukur er magnað fyrirbrigði, hrár er hann ágengur og nánast óætur í miklu magni en verður sætur við eldamennsku. Sér í lagi ef hann er eldaður hægt til að byrja með. Eitt og hálft kíló er mikið magn af lauk. Það er smá vinna að skera hann niður en vel þess virði í lokin.

Það er hægt að skera lauk í strimla á tvo vegu. Eftir miðbaug og milli póla. Þegar við karmelíserum skerum við milli póla. Þá haldast strimlarnir heilir eftir suðuna.

